FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

197. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 23. ÁGÚST 2017



**Þorbjörg Sveinsdóttir (t.v.) aðstoðarsaksóknari, ræðir við Kolbrúnu Benediktsdóttur, varahéraðssaksóknara, í dómhléi í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Í bakgrunni sést Páll Rúnar M. Kristjánsson, verjandi Thomasar Möller, ræða við dómtúlk. Skörð voru höggvin í málsvörn ákærða í vitnaleiðslum í gær en flest drógu þau sögu hans í efa.** Sjá síðu 8. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mikil og ör fjölgun á ungum öryrkjum

**Ungum karlmönnum á örorku vegna geðraskana hefur fjölgað verulega undanfarin ár. Heilbrigðisráðherra segir þróunina vera mikið áhyggjuefni.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Óttarr Proppé heilbrigðisráðherra segir áhyggjuefni hve ört ungum karlmönnum á örorku vegna geðraskana hefur fjölgað síðustu ár. Stjórnvöld hafi fyrst og fremst reynt að bregðast við með því að bæta þjónustu í geðheilbrigðiskerfinu, til dæmis með að auka aðgengi að sálfræðingum í heilsugæslu. „Þróunin sýnir okkur að þetta sé vandi sem er því miður að aukast,“ segir ráðherrann.

Karlmönnum á aldrinum 20 til 24 ára með örorkumat hefur fjölgað um 37 prósent á síðustu sjö árum, samkvæmt Tryggingastofnun ríkisins. Þeim fækkar á milli ára sem eru á örorku vegna stoðkerfissjúkdóma, en þeim sem eru á örorku vegna geðraskana hefur hins vegar fjölgað um 13,4 prósent á síðustu sex árum.

Óttarr segir það forgangsmál í heilbrigðisráðuneytinu að bregðast við. Hann bendir á að Alþingi hafi samþykkt í fyrra geðheilbrigðisáætlun sem stjórnvöld vinni eftir. „Og það er ánægjulegt að okkur er að takast að auka þjónustu hraðar en gert var ráð fyrir. Við stefnum að því að gera betur.“

Auk þess hafi verið sett á fót geðheilbrigðisteymi í Breiðholti og austurhluta borgarinnar til að bæta þjónustuna. Óttarr segir stefnt að því að setja á fót fleiri slík teymi í vesturhluta borgarinnar sem og í nágrannasveitarfélögum höfuðborgarinnar. Sú vinna hefjist strax á næsta ári. – kij, sg / sjá síðu 4

## Smáralind borgar með

**VIÐSKIPTI** Stóru verslunarmiðstöðvarnar tvær, Kringlan og Smáralind, verða að vera vel á verði og búa sig undir þær grundvallarbreytingar sem eru að verða á verslun í heiminum, að mati sérfræðinga á sviði verslunar.

Stóraukin netverslun og gjörbreytt kauphegðun nýrrar aldamótakynslóðar sé risavaxin áskorun fyrir verslunarmiðstöðvarnar.

Breytingarnar eru þegar farnar að valda titringi. Þannig herma heimildir Markaðarins að stjórnendur Smáralindar hafi boðið mögulegum leigjendum afslætti og ívilnanir, svo sem ókeypis leigu í tiltekinn tíma, til þess að fylla laus verslunarrými.

– kij / sjá Markaðinn

## Tilkynna ekki alltaf netárásir

**NETÖRYGGI** Íslensk fyrirtæki hafa ekki tilkynningaskyldu gagnvart CERT-ís, netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar. Forstöðumaður sveitarinnar segir það akkillesarhæl.

Alls bárust 208 tilkynningar til sveitarinnar árið 2016, þar af 35 innlendar en 173 frá útlöndum. Fimmtíu og þrisvar sinnum var tilkynnt um vefveiðar og svikapósta, þar sem líkt er eftir vefsíðum til að veiða persónuupplýsingar, lykilorð og kortanúmer og í fimm skipti var um að ræða hótanir og tilraunir til fjárkúgunar, svo dæmi séu tekin.



– aá / sjá síðu 6


## Fréttablaðið í dag



**SKOÐUN** Bolli Héðinsson skrifar um sérhagsmunagæslu. 11

**SPORT** Anton Ari hefur sprungið út í marki Vals í sumar. 12

**MENNING** Nýr atvinnuleikhópur frumsýnir nýtt íslenskt verk á Akureyri. 18

**LÍFIÐ** Fimm ráð til að koma sér í ræktina eftir sumarfríið. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Austankaldi með suðurströndinni í dag, annars hægur vindur og bjartviðri. Hiti 10-17 stig. SJÁ SÍÐU 16

# Sveinn Gestur í haldi út mánuðinn

**SAKAMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær gæsluvarðhaldsúrskurð yfir Sveini Gesti Tryggvasyni sem er grunaður um að hafa orðið Arnari Jónssyni Aspar að bana í júní. Er honum gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi til 31. ágúst, en það er sá frestur sem ákæruvaldið hefur til þess að gefa út ákæru á hendur honum. Sveinn Gestur hefur verið í haldi frá 8. júní.

Hann neitar alfarið sök, að sögn Þorgils Þorgilssonar, lögmanns hans. Rannsókn málsins lauk í byrjun mánaðar og var sent til meðferðar hjá héraðssaksóknara.

Fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá því fyrr í mánuðinum að æsingsóráðsheilkenni væri talið eitt þeirra atriða sem hefðu dregið Arnar til bana samkvæmt krufningarskýrslu. Ekki hefur verið minnst á heilkennið í greinargerð lögreglu eða gæsluvarðhaldsúrskurðum. – kij



Sveinn Gestur.

# Danir íhuga að leyfa piparúða

**DANMÖRK** Dómsmálaráðherra Danmerkur, Søren Pape Poulsen, vill skoða reynslu af lögleiðingu notkunar piparúða áður en tekin verður ákvörðun um að leyfa notkun hans í Danmörku. Flokkur ráðherrans, Kristilegir demókratar, er hlynntur lögleiðingu og hinir stjórnarflokkarnir, Venstre og Frjálslynda bandalagið.

Ráðherrann kveðst jákvæður en vill láta skoða hvernig fyrirkomulagið eigi að vera, hvar eigi að kaupa piparúðann og af hverjum. Kristilega dagblaðið greindi frá. – ibs

## Málin reifuð á göngunum



Menntskælingar eru mættir aftur í skólann eftir sumarfrí og lífið farið að ganga sinn vanagang. Þessar tvær stúlkur í Menntaskólanum í Hamrahlíð ræddu málin á milli kennslustunda. Lífið heimsótti skólann í gær og tók út tískustrauma haustsins. Sjá nánar á síðu 24. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fregna að vænta af líkinu í dag

**DANMÖRK** Lögreglan í Kaupmannahöfn býst við því að geta veitt í dag frekari upplýsingar um líkið sem fannst í sjónum við Amagerströnd í Kaupmannahöfn síðdegis í fyrradag. Ekki er vitað hvort líkið er af sænsku blaðakonunni Kim Wall sem hefur verið saknað frá 10. ágúst.

Lögreglan staðfesti í gær að höfuð, hendur og fætur hafi verið vísvitandi skorin af líkinu. Hún tók fram í tilkynningu að ekki væri hægt að staðfesta að svo stöddu að þetta væri lík Wall. Frekari upplýsingar yrðu veittar í dag, þegar rannsókn lögreglu á líkinu lyki.

Ekkert hefur spurst til Wall frá því hún var um borð í kafbát með danska auðmanninum Peter Madsen. Situr hann í gæsluvarðhaldi vegna málsins. Hann heldur því fram að Wall hafi látist af slysförum og hann hafi varpað líkinu fyrir borð. – kij

# Fimmtíu löxum var bjargað úr sjálfheldu

**Hafrannsóknastofnun fór í björgunarleiðangur til þess að bjarga laxi sem lent hafði í sjálfheldu í Árbæjarkvísl. Aðgerðir gengu hratt og heppnuðust vel. Óvenjumikið vatn er í ánum í sumar og veldur því að fiskarnir villast af leið.**

**UMHVERFISMÁL** Um 50 löxum hefur verið bjargað úr sjálfheldu úr Árbæjarkvísl neðan við Árbæjarstífluna síðustu daga. Venjulegast eru settar grindur fyrir þessa kvísl til þess að varna því að laxinn fari þangað upp og fari heldur rétta leið upp árnar.

Ásgeir Heiðar leiðsögumaður, sem þekkir Elliðaárnar vel, segir hins vegar að meira vatn hafi verið í ánum í sumar en menn muna og því hafi ekki verið nein leið til þess að koma grindunum fyrir. „Fyrir utan það þá hefði flætt yfir þær. Þannig að laxinn komst þarna inn og varð innlyksa. Hann kemst ekki upp úr kvíslinni og laxinn fer ekki niður þarna. Hann hyggur bara á uppleið,“ útskýrir Ásgeir.

Ásgeir segir að menn frá Hafrannsóknastofnun hafi séð um að bjarga löxunum. Þeir tóku þrjátíu á mánudaginn og sautján fyrir helgi. Hann segir að þetta hafi verið miðlungsstærð af löxum, líklegast frá fjórum og upp í sjö pund.

Laxarnir voru veiddir í net og svo fluttir í plastfötum á réttan stað. „Þetta var mjög fagmannlega gert og mjög snöggt þannig að þeim varð ekkert meint af. Og líklega er þetta góður tími til að gera þetta vegna þess að á þessum tíma er ekki laust á þeim hreistrið. Það hefði verið verra að gera þetta fyrr því að þá hefði verið laust á þeim hreistrið og líklegast komist sýking í ef mikið hefði verið hreyft við þeim,“ segir Ásgeir.

Ásgeir segir að vatnsstaðan í Elliðaánum hafi verið mjög óvenjuleg í sumar. „Það er ekki fyrr en núna sem vatnsstaðan fer að verða normal. Það er vegna þess að grunnvatnsstaðan á Hellisheiðinni var svo svakaleg. Það var ekkert frost í vetur og það safnaðist svo mikið vatn saman þar. Og það hefur allt skilað sér.“

Ásgeir segir að einu sinni í manna minnum hafi þurft að bjarga laxi úr þessari kvísl en ekki er víst af hvaða ástæðum það var.

jonhakon@frettabladid.is



Ásgeir segir að starfsmenn Hafrannsóknastofnunar hafi unnið fagmannlega að því að bjarga fiskinum og verið snöggir að því. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> **Laxinn komst þarna inn og varð innlyksa. Hann kemst ekki upp úr kvíslinni og laxinn fer ekki niður þarna.**
>
> Ásgeir Heiðar leiðsögumaður

VIÐ SJÁUM UM

VIÐHALD OG VIÐGERÐIR Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM

Kælivirkni ehf

Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is




Þið smellpassið saman. AYGO og þú með vinum þínum út í sveit. Brostu hringinn meðan þú snattast í bænum.
Njóttu þess að mynda ný tengsl með AYGO í sumarsólinni.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum AYGO**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

3+2 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA
FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Segir styrkina til Viðreisnar vera í samræmi við lög og reglur

**STJÓRNMÁL** Framkvæmdastjóri Viðreisnar fullyrðir að flokkurinn hafi fylgt lögum þegar hann þáði styrk frá Helga Magnússyni fjárfesti í aðdraganda síðustu kosninga.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Viðreisn hefði þegið 2,4 milljónir frá Helga og félögum honum tengdum. Flokkurinn fékk 800 þúsund krónur frá Helga og 800 þúsund krónur frá einkahlutafélögum í eigu Helga. Svo fékk flokkurinn 800 þúsund krónur frá olíufélaginu N1 og Bláa lóninu, en Helgi situr í stjórn beggja fyrirtækja.

„Öll framlög og framkvæmd á þeim er lögum samkvæmt og við höfum lagt mikla vinnu í að tryggja að öll umgjörð á rekstrinum sé fagleg,“ segir Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Viðreisnar.

Guðbrandur R. Leósson, sérfræðingur hjá Ríkisendurskoðun, segir að skoðun reiknings Viðreisnar hafi verið eftir lögum og hefðbundnu ferli, en reikningurinn verði skoðaður áfram. „Í fyrstu yfirferð sjáum við að það er ekkert athugavert við þetta og þá birtum við reikninginn. Síðan erum við að skoða hvort það eru einhver tengsl milli manna.“

Guðbrandur segir skilgreininguna á tengdum aðilum flókna. „Þetta liggur ekki alveg uppi, en við þekkjum regluna,“ segir hann. Sveinn Arason ríkisendurskoðandi sagði við RÚV í gær að meta þurfi hvort það að styrkja stjórnmálasamtök gegnum fjölda félaga sé í samræmi við lög um fjármál stjórnmálasamtaka. Tilefni sé til að skoða hvort lög um fjármál stjórnmálasamtaka séu nógu skýr.

> **Við höfum lagt mikla vinnu í að tryggja að öll umgjörð á rekstrinum sé fagleg.**
>
> Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Viðreisnar



„Að sjálfsögðu þarf að skoða þessi ákvæði fyrst að ríkisendurskoðandi er að benda á þetta,“ segir Unnur Brá Konráðsdóttir, forseti Alþingis, í samtali við Fréttablaðið. **– jhh**

## Leiðtogaprófkjör varð ofan á

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík mun halda leiðtogaprófkjör fyrir borgarstjórnarkosningar á næsta ári. Þetta var ákveðið á fundi Varðar, fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, í gær.

Fyrir fundinn höfðu félagar í stjórn Varðar gagnrýnt stjórn fulltrúaráðsins fyrir afgreiðslu á tillögu um leiðtogaprófkjör en slíkt fyrirkomulag gerir ráð fyrir að aðeins sé kosið um oddvitasæti lista í almennum kosningum. Nefnd sjái svo um að skipa í önnur sæti á listunum.

Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra lagði fram breytingartillögu á fundinum sem var samþykkt. Hún felur í sér að skipaður verði fimm manna starfshópur sem hafi umsjón með leiðtogaprófkjörinu og uppstillingunni auk þess sem að hópurinn leggi fram tillögur um hvenær prófkjörið fari fram. **– tpt**

## Spá óbreyttum stýrivöxtum

**VIÐSKIPTI** Greiningardeildir stóru bankanna þriggja spá því að peningastefnunefnd Seðlabankans tilkynni óbreytta stýrivexti á morgun. Gera sérfræðingar Landsbankans meira að segja ráð fyrir að nefndin muni íhuga vandlega að hækka vexti.

Að mati sérfræðinga Íslandsbanka munu versnandi verðbólguhorfur vegna veikingar krónunnar frá júníbyrjun ríða baggamuninn í ákvörðun peningastefnunefndarinnar. Eins sé þörf fyrir nokkurt peningalegt aðhald. **– kij**



**Már Guðmundsson seðlabankastjóri.**

# Ungum karlmönnum með örorkumat fer ört fjölgandi

**Karlmönnum á aldrinum 20 til 24 ára með örorkumat hefur fjölgað um 37 prósent á síðustu sjö árum. Mikil fjölgun er á öryrkjum á aldrinum 20 til 24 ára. Þeim fækkar milli ára sem eru á örorku vegna stoðkerfissjúkdóma en þeim sem eru á örorku vegna geðraskana hefur fjölgað um 13,4 prósent á sex árum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjöldi öryrkja á Íslandi er 18.787 á þessu ári og um er að ræða fjölgun milli ára, en í fyrra nam fjöldinn 18.487.

Frá árinu 2011 hefur þeim sem eru með 75 prósent örorku- og endurhæfingarmat fjölgað úr 16.235 í 18.787 eða um 15,7 prósent samkvæmt tölum Tryggingastofnunar ríkisins. Mönnum á aldrinum 20 til 24 ára sem eru með örorkumat hefur sérstaklega fjölgað undanfarið, eða um 37 prósent á síðustu sjö árum.

Enn er staðan sú að konur með örorkumat eru fleiri en karlar og hafa verið það síðan árið 2000.

Breyting virðist þó vera að verða á orsök örorku. Á tímabilinu hefur þeim sem þiggja örorku vegna geðraskana fjölgað töluvert, eða úr 2.806 í 3.182, sem er 13,4 prósenta aukning. Á sama tíma hefur þeim sem þiggja örorku vegna stoðkerfissjúkdóma fjölgað úr 1.393 í 1.491, eða um sjö prósent.

Einnig virðist breyting vera að verða á örorkuþegum eftir aldri. Ungu fólki á örorku hefur hlutfallslega fjölgað mun meira en heildarfjölda öryrkja. Ungu fólki á aldrinum 20 til 24 ára sem þiggur örorku hefur fjölgað úr 752 í 957, eða um 27,3 prósent, á síðustu sex árum. Einnig hefur fjölgað í aldurshópnum 25 til 29 ára úr 1.005 í 1.186, eða um 18 prósent.

Fækkað hefur í hópnum 45 til 49 ára á tímabilinu og fjölgað hlutfallslega minna í mörgum af eldri hópunum.

**20 – 24 ára einstaklingar með 75% örorku- og endurhæfingarmat**




Heimild: Tryggingastofnun

Einkum fjölgar ungum mönnum sem þiggja örorku og hefur hlutfall karla af öryrkjum á aldrinum 20 til 24 ára verið hærra en hlutfall kvenna frá árinu 2010.

Karlar á aldrinum 20 til 24 ára eru 54 prósent örorkuþega á þessu ári. Þeim hefur fjölgað um 37 prósent frá árinu 2010 en konum hefur fjölgað um 20 prósent.

Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalagsins (ÖBÍ), telur stöðuna í mennta- og geðheilbrigðiskerfinu spila inn í hve ungum mönnum á örorku fjölgar.



**Ellen Calmon, formaður Öryrkjabandalagsins.**

„Fjölgun örorkulífeyrisþega er engum í hag. Það er baráttumál Öryrkjabandalagsins að þær grunnstoðir í samfélaginu sem helst geta komið í veg fyrir örorku séu styrktar. Það er gríðarlega mikilvægt að félagslega kerfið, heilbrigðiskerfið, og menntakerfið tali saman,“ segir Ellen.

„Það að við séum að sjá fjölgun hjá ungum mönnum, þar held ég að menntakerfið og geðheilbrigðiskerfið spili eitthvað inn í. Það kostar til dæmis mikið að fara til sálfræðings,“ segir Ellen.

Hún telur einnig að skólakerfið henti ekki alltaf drengjum. „Það þarf svolítið að huga að því líka. Það er verið að tala um skóla án aðgreiningar. Það er mikilvægt að hér séu starfandi þannig skólar en til þess þarf skólaskipulagið fjármagn og fjölbreyttari þverfagleg teymi starfandi innan veggja skólanna. Það er því miður ekki reyndin, að minnsta kosti í íslenskum grunnskólum í dag,“ segir Ellen.

„Við erum með meira brottfall hér en gerist í framhaldsskólum á öðrum Norðurlöndum. Ég held að almennt þurfi snemmtækari íhlutun,“ segir Ellen Calmon, formaður ÖBÍ.

**saeunn@frettabladid.is**

FRUMSÝNING

COMPASS

Laugardaginn 26. ágúst

Opið frá 12 - 17



ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16






**Hvítt loftljós**
Verð áður: 8.990 kr.
▶ **Tilboð: 6.500 kr.**



**Útiljós**
Verð áður: 5.900 kr.
▶ **Tilboð: 3.800 kr.**



**Loftljós**
Verð áður: 34.550 kr.
▶ **Tilboð: 24.000 kr.**



**Borðlampi**
Verð áður: 11.900 kr.
▶ **Tilboð: 8.000 kr.**



**Loftljós** *(Vara hættir)*
Verð áður: 28.900 kr.
▶ **Tilboð: 12.000 kr.**



**Gólflampi**
Verð áður: 15.900 kr.
▶ **Tilboð: 10.000 kr.**



**Gólflampi**
Verð áður: 14.950 kr.
▶ **Tilboð: 11.000 kr.**



**Gólflampi**
Verð áður: 29.900 kr.
▶ **Tilboð: 20.000 kr.**

**PFAFF** - GRENSÁSVEGI 13 - 108 REYKJAVÍK - SÍMI 414 0400 - WWW.PFAFF.IS - **Fylgstu með okkur á Facebook**














## Horfði gleraugnalaus á sólmyrkvann



Donald Trump Bandaríkjaforseti stóðst ekki freistinguna þegar sólmyrkvinn gekk yfir Bandaríkin í fyrradag og horfði til sólar með óvarin augu. Mælt er með því að fólk noti hlífðargleraugu þegar það skoðar sólmyrkvann, til þess að verja augun fyrir skaða, en ekki fylgdi sögunni hvort forsetinn hafi beðið slíkan skaða af fíflagangi sínum. Var þetta í fyrsta sinn síðan árið 1918 sem sólmyrkvi gengur yfir landið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Yfir 200 tilkynningar til netöryggissveitarinnar

**Fyrirtækjum er ekki skylt að tilkynna netöryggisveit um atvik sem varða netöryggi. Forstöðumaður sveitarinnar segir það akkillesarhæl. Fallið var frá flutningi sveitarinnar til Ríkislögreglustjóra. Unnið að þjónustusamningum í staðinn.**

**NETÖRYGGI** CERT-ÍS netöryggissveitinni bárust alls 208 tilkynningar sem varða netöryggi á árinu 2016. Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu. Innlendar tilkynningar voru 35 en 173 tilkynningar frá útlöndum. Innlendu tölurnar segja þó ekki alla söguna enda hafa íslensk fyrirtæki ekki tilkynningaskyldu gagnvart sveitinni og er það töluverður akkillesarhæll, segir Þorleifur Jónasson, forstöðumaður CERT-ÍS.

Unnið er að gerð þjónustusamninga við þá geira sem starfa á sviðum mikilvægra innviða samfélagsins. Ákveðið var að fara þessa leið eftir að fallið var frá áformum um að færa CERT-ÍS til Ríkislögreglustjóra, þegar ljóst varð að ekki var unnt að fjármagna starfsemina með skattheimtu hjá helstu geirum. „Við höfum þegar kynnt drög að samningum fyrir aðilum fjármálageirans, orkugeirans og stjórnsýslunnar. Við erum komin vel á veg með samninga við orkugeirann. Svo tökum við þetta bara skref fyrir skref,“ segir Þorleifur. Þjónustusamningarnir yrðu þá grundvöllur fyrir fjármögnun sveitarinnar en þeir eru einnig forsenda þess að sveitin fái nauðsynlega yfirsýn og svokallaða ástandsvitund um internetið. Forsenda ástandsvitundar er að sveitin fái tilkynningar um þau atvik sem upp koma. „Ef árás er til dæmis gerð á orkugeirann, er ekki ólíklegt að sambærileg árás sé í bígerð gagnvart öðrum geirum. Tilkynning til okkar er mikilvæg til þess að við getum greint atvikið og aðvarað aðra geira,“ segir Þorleifur: „Í dag hafa fyrirtæki hvorki skyldu til að tilkynna þessi atvik til okkar né heldur verða við tilmælum sveitarinnar að öðru leyti.“

Aðspurður segir Þorleifur að tilkynningar frá einstaklingum varði yfirleitt ólöglegt athæfi eins og fjárkúgun, miðlun höfundarvarins efnis og sölu fíkniefna. Tilkynna beri öll slík atvik til lögreglu.

adalheidur@frettabladid.is

### Tilkynningar til netöryggissveitarinnar 2016

**12 Álagsárásir** Stöðvun eða takmörkun afkastagetu.

**13 Árásir á endanotendur** Sýkingar og leki á persónuupplýsingum.

**2 Ólöglegar þjónustur** Miðlun höfundarréttarvarins efnis, vopna- og fíkniefnasala, stolnar upplýsingar t.d. kreditkortanúmer.

**53 Vefveiðar og svikapóstur** Líkt eftir raunverulegum vefsíðum í þeim tilgangi að veiða persónuupplýsingar, notendanöfn, lykilorð og kortanúmer.

**42 Spilltir vefþjónar** Spillikóða laumað til endanotenda í þeim tilgangi að stela til dæmis persónuupplýsingum.

**20 Skönn og könnunaraðgerðir** Veikleikakannanir og tilraunir til aðgangs að kerfum með þekktum lykilorðalistum.

**5 Hótanir og tilraunir til fjárkúgunar** Oftast hótanir um DdoS árás gegn lausnargjaldi í Bitcoin.

**Innlendir aðilar:** 35
**Erlendir aðilar :** 173

***Tilkynnendur:*** *Fjarskiptafyrirtæki, önnur fyrirtæki, opinberir aðilar, einkaaðilar, Þjóðar-CERT, og sérfræðingar á sviði tölvuöryggis.*

Innovation that excites

## Nissan Navara

# 650.000 KR. KAUPAUKI FYLGIR NÝJUM NAVARA




5 ÁRA ÁBYRGÐ 160 000 KM

ENNEMM / SÍA / NM83314

### Nissan Navara 4WD 2,3 l dísil

### Verð frá 5.390.000 kr.

Nýr Nissan Navara uppfyllir væntingar viðskiptavina um ríkulegan staðalbúnað og spennandi tæknilegar nýjungar. Navara er fyrsti bíllinn í sínum flokki með gormafjöðrun á afturás og innréttingu sem svipar meira til lúxusjeppa en hefðbundinna pallbíla.

- FJÖLARMA GORMAFJÖÐRUN
- 190 HESTAFLA DÍSILVÉL
- 3.500 KG DRÁTTARGETA
- 1.000 KG BURÐARGETA
- SIGUR Í SPARAKSTURSKEPPNI FÍB
- PALLBÍLL ÁRSINS 2017
  AÐ MATI ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA
- INTERNATIONAL PICK-UP OF THE YEAR

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

## RÉTTAÐ YFIR THOMASI MÖLLER



# Framburður vitna gærdagsins þrengdi að málsvörn Möller Olsen

**Stærstur hluti vitna á vitnalista hefur gefið skýrslu í sakamáli gegn skipverja á grænlenska togaranum Polar Nanoq. Vitnisburður rannsakenda og sérfræðinga benti til þess að saga ákærða ætti við lítil rök að styðjast. Lýsingar sérfræðinga í blóðferlagreiningum voru óhugnanlegar. Aðalmeðferð lýkur í næstu viku.**

Jóhann Óli Eiðsson
johannoli@frettabladid.is



**DÓMSMÁL** Annar dagur aðalmeðferðar í máli ákæruvaldsins gegn hinum grænlenska Thomasi Möller Olsen, meintum morðingja Birnu Brjánsdóttur, var í gær. Fjölmörg vitni gáfu skýrslu um aðkomu sína að málinu. Framburður þeirra gróf mjög undan málflutningi sakborningsins.

Aðalmeðferð hófst í fyrradag með skýrslugjöf sakborningsins. Líkt og sagt var frá í gær þá tók framburður hans miklum breytingum fyrir dómi frá því sem verið hafði á rannsóknarstigi. Sagði hann meðal annars að annar skipverji, Nikolaj Olsen, hafi verið um stund einsamall með hinni látnu. Þá sagði hann einnig að hann hefði séð ælubletti í bílaleigubíl sínum og þeir hafi verið ástæðan fyrir því að hann ákvað að þrífa hann áður en bílnum var skilað. Ákærði minntist þess aldrei að hafa rekist á blóðdropa við þrif sín á bílnum. Sömu sögu var að segja um föt sem hann setti í þvottavél um borð í skipinu. Sá framburður var hrakinn í dag af lögreglumönnum sem rannsökuðu bílinn eftir að hann var haldlagður.

„Við sáum blóðbletti við afturhlera, á hillum í bílhurðum, aftursætum og fölsum. Þá sáum við að það þurfti meiri rannsókn og blóðferlagreiningu,“ sagði Björgvin Sigurðsson, sérfræðingur í tæknideild LRH.

„Það sló mann hve mikið magn af blóði var sýnilegt,“ sagði Ragnar Jónsson, blóðferlasérfræðingur hjá tæknideild LRH. Fjöldi bletta hafi verið sýnilegur auk blóðpolls undir hægra aftursætinu.

Ragnar var meðal annars spurður að því af Kolbrúnu Benediktsdóttur, saksækjanda málsins, hvort hann hefði orðið var við ælu í bílnum. Ragnar sagði það algjörlega útilokað að æla hafi verið í bílnum. Sömuleiðis taldi hann útilokað að nokkur annar hefði getað verið í bílnum en morðingi og brotaþoli. Hefði annar verið um borð hefðu myndast gloppur í blóðferlunum.

Urs Wiesbrock, réttarmeinafræðingur og matsmaður í málinu, mætti einnig fyrir dóminn. Skýrði hann þar frá niðurstöðum matsgerðar sinnar en hana vann hann út frá líki Birnu og blóðblettum í bifreiðinni. Var það niðurstaða hans að flest högg hefðu verið veitt með vinstri hnefa á meðan brotaþoli sat í hægra aftursætinu. Höggin hafi orðið til þess að blóð slettist víða um bílinn. Hann ítrekaði þó að nokkur högg gætu hafa verið veitt með hægri hendi en meginþorri þeirra hafi verið með þeirri vinstri.

Wiesbrock var spurður af saksóknara hvort einhver ummerki hefðu fundist á höndum ákærða sem bentu til þess að hann hefði beitt slíku ofbeldi. Sagði hann að á höndum hans sæjust ummerki áþekk þeim sem kæmu fram í kjölfar slíks. Þó væri ómögulegt að fullyrða um hvort þau stöfuðu af þeim sökum eða einhverju öðru.

Páll Rúnar M. Kristjánsson, verjandi Thomasar, hefur spurt flest vitnin út í áverka sem voru á vinstri hendi Nikolajs Olsen þegar hann var handtekinn. Wiesbrock svaraði spurningu Páls á þann veg að hann teldi líklegt, miðað við þá mynd sem hann sá, að hruflið á hendi Olsens væri yngra og ólíklegt að það hefði myndast nóttina sem Birna hvarf. Hann gerði þó þann fyrirvara að myndgæðin væru ekki með besta móti.

„Það var sveiflukennt. Þegar ég gekk afsíðis heyrði ég [Thomas] gjarnan snökta og gráta. Svo herti hann sig þegar ég kom að,“ sagði læknirinn Sveinn Magnússon. Hann skoðaði bæði Thomas og Nikolaj eftir að þeir komu í land. „[Nikolaj] var allur annar. [...] Hann var ekki þungur líkt og hinn heldur glaðlegur og breyttist ekkert þessa stund sem ég var með honum.“

Auk þess sem fram kom í gær hafði áður komið fram að fingraför Thomasar fundust á ökuskírteini Birnu Brjánsdóttur og lífsýni úr honum á skóm hennar. Hluti fata Thomasar frá kvöldinu fannst aldrei.

Aðalmeðferðinni lýkur föstudaginn í næstu viku. Gert er ráð fyrir að munnlegur málflutningur fari fram í vikunni þar á eftir.

### Hljóðir dómarar

Dómsformaðurinn Kristinn Halldórsson (fyrir miðju) hefur að mestu tjáð sig fyrir hönd dómenda. Hann á það líka til að glotta út í annað meðan sækjandi og verjandi spyrja vitnin. Ástríður Grímsdóttir (t.v.) spurði einu sinni í gær. Bogi Hjálmtýsson (t.h.) hefur hins vegar ekki mælt orð. Á stundum hefur virst sem honum þyki ýmsar spurningar óþarfar.

> **Það voru engin merki um ælu þarna. Engir torkennilegir blettir í áklæðum, mottum og sætum. Þú finnur ákveðna lykt af blóði og ákveðna af ælu.**
>
> Ragnar Jónsson, sérfræðingur í blóðferlagreiningu



Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari. FRÉTTABLAÐIÐ/HALLDÓR




VW Golf GTI
2.0 TSI
Ekinn 74.000
A
2013
~~3.840.000 KR~~
TILBOÐ 3.250.000 KR
18" Austin álfegur, leiðsögukerfi, bakkmyndavél fjarlægðarskynjarar, sóllúga/panorama, xenon/led ljós, hraðastillir o.fl.

Raf / Bensín · Ekinn þús. km. 30 · Myndir á vef · Dísil · Fjórhjóladrif 4x4 · Metan & bensín ECO · Sjálfskiptur A · Beinskiptur · Rafmagnsbíll

Margar stærðir, fleiri litir.

Fleiri tilboðsbílar og myndir á netinu: hnb.is



Audi A3 Attraction
1.4 TFSI
18 A
2016 ~~4.990.000 KR~~
TILBOÐ 4.450.000 KR



Audi Q7 Quattro
3.0 TDI
140 A 4x4
2011 4.990.000 KR



Skoda Yeti Outdoor
Ambition 2.0 TDI
80 4x4
2014 2.950.000 KR



VW up!
TakeUp 1.0
38
2014 1.350.000 KR



Kia Carens
III EX 1.7
52
2014 2.790.000 KR



Opel Insignia Cosmo
51 A
2014 2.890.000 KR

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR
Klettháls 13 · hnb.is · 590 5040

Volkswagen · ŠKODA · MITSUBISHI MOTORS




**Skiptu yfir í metan, græna íslenska orku.**

**Þegar þú kaupir Golf færðu eldsneytið frítt í heilt ár.*** Golf Metan kemur bæði með metantanki og stórum bensíntanki sem gerir drægnina óvenju mikla. Þú finnur sex metanstöðvar í Reykjavík og eina á Akureyri – og það er bæði auðvelt og hagkvæmt að dæla metani á bílinn. Skiptu um gír í orkumálum og gerðu árið að metanári á nýjum Golf.

**Verð frá aðeins 3.150.000 kr.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

Vistvænn orkugjafi, enginn útblástur!

**Við látum framtíðina rætast.**

Volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

*100.000 kr. eldsneytisinneign fylgir Golf TGI og Golf TSI.

# Fjárræði



**Magnús Guðmundsson**
magnus@frettabladid.is

Andstætt öllum þeim stjórnarformum sem maðurinn hefur látið á reyna í gegnum aldirnar er lýðræðið lifandi og síbreytilegt. Það þýðir þó ekki endilega að það breytist alltaf til hins betra, því miður, heldur þróast það einnig stundum frá heildarhagsmunum samfélagsins. Það þarf því að vera undir stöðugu eftirliti fjöldans sem þarf að gera skýrar kröfur til stjórnmálaflokka og einstaklinga um að leikreglur séu virtar, málin rædd í gagnsærri, aðgengilegri umræðu og hagsmunir heildarinnar hafðir í öndvegi.

Þetta er meira en að segja það. Það samfélag sem við höfum skapað er markaðs- og peningadrifið og í slíku samfélagi er mun auðveldara fyrir þá sem hafa peninga að hafa áhrif en fyrir þá sem hafa þá ekki. Auglýsingar í helstu fjölmiðlum eru mikilvægur liður í að ná til kjósenda, hvers kyns ráðgjafar og almannatenglar bjóða þjónustu og þekkingu, það þarf að ferðast um landið, hanna og prenta kynningarefni, halda fundi og skemmtanir og þannig mætti áfram telja og allt kostar þetta peninga. Það getur því reynst snúið fyrir nýtt stjórnmálaafl sem aldrei hefur komið manni á þing, og nýtur því ekki ríkisstyrkja, að koma málefnum sínum á framfæri.

Viðreisn var í þessari stöðu fyrir síðustu kosningar eins og fleiri flokkar en virtist þó ganga ágætlega að sækja sér fjárhagslegan stuðning einkaaðila. Samkvæmt frétt á síðum þessa blaðs á mánudaginn lagði til að mynda fjárfestirinn Helgi Magnússon og félög, sem tengd eru honum, Viðreisn til 2,4 milljónir á síðasta ári. Lögbundin hámarksfjárhæð sem einstaklingur má styrkja flokk um er 400 þúsund krónur en þar sem flokkurinn skilgreinir framlögin sem stofnframlög þá má framlagið vera tvöfalt eða 800 þúsund. Að auki getur verið óljóst hvað kemur frá einstaklingi, hvað frá félagi í hans eigu, hvað telst vera honum tengt og svo framvegis.

Samkvæmt Birnu Þórarinsdóttur, framkvæmdastjóra Viðreisnar, í Fréttablaðinu í dag hefur flokkurinn lagt í mikla vinnu við að framlög séu samkvæmt lögum og umgjörð á rekstri eins fagleg og hægt er. Það er engin ástæða til þess að rengja þessi orð Birnu en það breytir því ekki að við þurfum að skoða möguleg áhrif af þessu fjármagnslýðræði sem við erum búin að koma okkur upp. Ef fjársterkir aðilar sem ráða yfir fjölda félaga geta veitt umtalsverðu fjármagni inn í staka stjórnmálaflokka og mögulega nýtt það til áhrifa þá eru það auðvitað afleitar fréttir fyrir lýðræðið. Rétt er að taka fram að þetta snýst ekki endilega um þetta einstaka mál heldur þá augljósu staðreynd að möguleikinn er fyrir hendi.

Ef einstaklingur setur svo mikið fé í starfsemi stjórnmálaflokks að það hafi áhrif á möguleika flokksins til þess að kynna sig og reka starfið þá segir sig sjálft að viðkomandi einstaklingur hefur að öllum líkindum eyru leiðtoganna umfram almenna flokksfélaga og jafnvel kjósendur. Er slíkt fjárræði nýtt undir sólinni eða nýtt á Íslandi? Nei, alveg örugglega ekki en það breytir engu um það hversu mikilvægt er að uppræta möguleikann og sjá til þess að lýðræðið njóti vafans. Alltaf og án undantekninga.

**Ef fjársterkir aðilar sem ráða yfir fjölda félaga geta veitt umtalsverðu fjármagni inn í staka stjórnmálaflokka og mögulega nýtt það til áhrifa þá eru það auðvitað afleitar fréttir fyrir lýðræðið.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Milljónirnar**

**Margir af forsvarsmönnum Viðreisnar munu hafa verið í símanum í drykklanga stund í gær, við að slökkva elda, eftir að Fréttablaðið greindi frá því að Helgi Magnússon hefði gefið flokknum 2,4 milljónir. Þriðjunginn gaf hann sjálfur en 1,6 milljónir komu frá félögum þar sem Helgi er skráður eigandi eða í stjórn. Einhverjir hafa dregið í efa að þessi gerningur hafi verið löglegur, enda er kveðið á um í lögum um fjármál stjórnmálasamtaka að stofnframlög megi að hámarki nema 800 þúsund krónum og að telja skuli framlög tengdra aðila saman.**

**Gömul saga og ný**

**Forsvarsmenn Viðreisnar segja hins vegar að engin lög hafi verið brotin og Ríkisendurskoðandi segir að hugsanlega þurfi að skýra betur í lögunum hverjir séu tengdir aðilar og hverjir ekki. Mörgum gæti þótt það alveg klárt að tiltekið félag í hreinni eigu mannsins sem á það hljóti að vera tengt eiganda sínum. En deilur um það hverjir eru tengdir aðilar og hverjir ekki eru auðvitað ekki nýjar af nálinni. Skemmst er að minnast þess þegar feðgarnir Björgólfur Thor Björgólfsson og Björgólfur Guðmundsson þrættu fyrir það að vera tengdir aðilar. Hvort löggjafinn geti hjálpað til við að skýra slík tengsl eru svo allt aðrir sálmar.** jonhakon@frettabladid.is

# Styttum vinnuvikuna í 36 stundir



**Elín Björg Jónsdóttir**
formaður BSRB

Ný rannsókn Hagstofu Íslands staðfestir það sem fyrri rannsóknir sýna, að karlar vinni lengri vinnuviku en konur og rúmlega tvöfalt fleiri konur en karlar vinna hlutastörf. Þrátt fyrir að þetta hafi verið staðan síðustu áratugi hefur lítið sem ekkert verið gert til að bregðast við þessum mun.

Á þeirri tæplega hálfu öld sem liðin er frá því að fjörutíu stunda vinnuvika var lögfest hefur samfélagið tekið miklum breytingum. Ein af þeim breytingum er verulega aukin atvinnuþátttaka kvenna.

Við þekkjum vel fjölmörg neikvæð áhrif af löngum vinnudögum. Við vitum að hætt er við streitu, álagi og veikindum þegar fólk sem vinnur langan vinnudag reynir að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.

Það hefur augljós áhrif að konur séu frekar í hlutastörfum en karlar. Tekjur þeirra eru lægri en tekjur karla og ellilífeyririnn sömuleiðis. En það er ástæða fyrir því að konur leita frekar í hlutastörf. Karlar sem vinna hlutastörf gera það einkum vegna veikinda. Konur sækja í hlutastörf til að hafa sveigjanleika til að sinna heimili og uppeldi barna, en þar axla konur enn þann dag í dag ríkari ábyrgð en karlar.

Þá er mikill meirihluti þeirra sem starfa við umönnun og í heilbrigðisgeiranum konur. Þær kjósa almennt að minnka vinnutímann til að draga úr álagi og jafna sig milli vakta. Þannig taka þær á sig ábyrgðina af því að tryggja andlegt og líkamlegt heilbrigði og koma í veg fyrir fjarveru vegna neikvæðra áhrifa vinnutímans.

Viðhorf Íslendinga til vinnu er að taka breytingum. Yngsta kynslóðin á vinnumarkaði, karlar jafnt sem konur, leggur ríka áherslu á sveigjanlegan vinnutíma og velur sér störf eftir því. Eftir stendur spurningin um hvernig við sem samfélag ætlum að mæta þessum breyttu áherslum.

BSRB hefur barist fyrir því að vinnuvikan verði stytt úr fjörutíu stundum í 36. Bandalagið vinnur nú að tilraunaverkefnum ásamt Reykjavíkurborg og ríkinu til að kanna áhrif slíkra breytinga. Með því að fækka vinnustundunum má taka mikilvægt skref í að breyta vinnumenningunni og auka jafnrétti á vinnumarkaði.

**Með því að fækka vinnustundunum má taka mikilvægt skref í að breyta vinnumenningunni og auka jafnrétti á vinnumarkaði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# 25 Evrópuríki höfnuðu eigin gjaldmiðli; Þýskaland líka



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur kaupsýslumaður

Fyrir nokkru tjáði fjármálaráðherra sig um þörf þess, að við tækjum upp stöðugan gjaldmiðil, helst evruna, til að tryggja trausta afkomu og stöðugleika – svo menn gætu gert áætlanir og byggt sín áform og plön á traustum grunni – og, ekki síst, til að tryggja lága vexti.

Flestum er ljóst, að akkúrat vextir eru helsta leiðin í hverju þjóðfélagi til að færa fjármuni milli þeirra, sem skulda, oft unga fólksins, og þeirra, sem eiga; fjármagnseigenda.

Vextir hér á Íslandi hafa síðustu misseri – á tíma lágmarksverðbólgu – verið svo háir, að við arðráni liggur, þar sem gífurlegir fjármunir hafa verið færðir frá skuldurum yfir á fjármagnseigendur, án þess að fjármagnseigendur hafi í raun lagt neitt af mörkum.

Í þessu kerfi, sem einkum Seðlabanki ber ábyrgð á, felst hróplegur ójöfnuður og ranglæti. Einkum út af því, að allir aðrir seðlabankar og stjórnvöld sáu – eftir banka- og fjármálakreppuna – að svona hávaxtastefna stæðist hvorki í framkvæmd né siðferðislega.

Ekki lái ég því fjármálaráðherra, sem að sjálfsögðu vill landsmönnum aðeins vel, að hann skuli tjá sig hreint og opinskátt um það, að evran verði að koma, ef við eigum að tryggja hag okkar og kjör, stöðugleika og öryggi, á sem bestan hátt.

Sjálfur bjó ég í Þýskalandi í 27 ár, lengst af með evru, og þekki ég því af eigin raun þann gífurlega kost – stöðugleika, öryggi og lága vexti – sem evran tryggir. Þjóðverjar áttu fyrir sitt ofursterka þýska mark, en höfnuðu því í þágu evru. Sumir virðast halda, að krónan sé hluti af okkar þjóðerni og sjálfstæði, og, að við verðum því að halda henni. Þetta er mikil firra.

Gjaldmiðill er aðeins verkfæri til að miðla verðmætum og fjármunum milli manna. Nafnið er aukaatriði, enda krónur í mörgum löndum, en gæði og traustleiki verkfærisins aðalatriði.

Við höfum verið að athafna okkur með hálfónýtu verkfæri allt of lengi, en afleiðingar hafa verið darraðardans og sveiflur, upp og niður, og svo loks algjört skipbrot og hrun 2008.

Þetta er búið að standa í 70 ár, og enn hafa sumir ekki fengið nóg. Svo má illu venjast, að gott þyki.

Daginn eftir að fjármálaráðherra gekk fram á völl og tjáði sig skýrt og skorinort um hagsmuni Íslendiga og besta mögulega gjaldmiðlastefnu fyrir þjóðina, stígur varaformaður Framsóknarflokksins fram og segir m.a. þetta: „Það er fáheyrt að fjármálaráðherra þjóðríkja tali gegn eigin gjaldmiðli.“ Virðist varaformaðurinn hér hafa ruglast eilítið í ríminu. Hvorki fleiri né færri en 25 þjóðríki hafa hafnað eigin gjaldmiðli og tekið upp evruna.

Nú á varaformaðurinn langan feril að baki erlendis, var auk þess um skeið utanríkisráðherra landsins og því væntanlega í nokkru sambandi við útlönd, en gjaldmiðlamál Evrópu virðast hafa farið nokkuð fram hjá honum. Getur slíkt hent hið besta fólk.

> **Það hefur verið í tísku hér að tala illa um Evrópu, ESB og evruna. Þetta er einhver mesta fíflatíska, sem ég þekki.**

Skulu þjóðríkin 25, sem höfnuðu eigin gjaldmiðli, því listuð upp, varfornanni og öðrum ágætum lesendum til fróðleiks: Andorra, Austurríki, Belgía, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Ítalía, Írland, Kósóvó, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Mónakó, Portúgal, San Marínó, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svartfjallaland, Vatíkanið, Þýskaland.

Það hefur verið í tísku hér að tala illa um Evrópu, ESB og evruna. Þetta er einhver mesta fíflatíska, sem ég þekki.

Við erum Evrópa og Evrópa er við. Sama grunnmenning, að miklu leyti sama fólk og sama blóð, sömu sjónarmið til frelsis, sjálfstæðis þjóðanna og mannréttinda, sömu hagsmunir – líka efnahagslega; 80-90% af okkar útflutningi fara til Evrópu. Auk þess er ESB ríkjasamband, sem byggir á mesta lýðræði sögunnar. Sérhvert aðildarríkjanna hefur neitunarvald og getur fellt tillögur um ný áform, reglur eða lög. Ef við værum fullir aðilar, færi ekkert í gegn án þess að við samþykktum líka. Væri ekki líka flott, ef við gætum beitt gjaldmiðli okkar alls staðar?

# Þegar sérhagsmunagæslan þvælist fyrir



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

> **Ef breytingar í sauðfjárrækt valda byggðaröskun þá er það einfaldlega ekki vandi sauðfjárræktarinnar heldur samfélagslegur vandi.**

Það er ekki víst að ráðamenn ferðaþjónustunnar hafi áttað sig á að gleði þeirra yfir niðurfellingu 14% virðisaukaskattþrepsins sem átti að taka gildi haustið 2013 kæmi þeim í koll síðar. Sem kunnugt er voru fyrstu verk ríkisstjórnarinnar sem tók við vorið 2013 að lækka veiðigjald útgerðanna og virðisaukaskattinn (VSK) á ferðaþjónustuna. Nú hefur Alþingi aftur á móti samþykkt að VSK á ferðaþjónustu fari í almennt þrep og verði 24% sem er þrep sem ferðaþjónustan hefði að öllum líkindum sloppið við hefðu þau sætt sig við 14% árið 2013.

Fyrirhuguð hækkun á VSK á ferðaþjónustu getur þjónað tvennum tilgangi, bæði til að afla ríkissjóði fjár og mögulega hægt á vexti ferðaþjónustunnar. Ef dregur úr vexti ferðaþjónustunnar yrði það aðeins stutt hlé og færi gefst á að huga betur að innviðum þar sem brýnast er áður en vöxturinn heldur áfram eins og allt bendir til.

### Freistnivandi landbúnaðarins

Ef aðrir en innvígðir og innmúraðir greina frá skoðunum sínum um íslenskan landbúnað og hvers vegna svo sé komið fyrir sauðfjárbúskap eins og raun ber vitni er þeim brugðið um að hafa ekki vit á málefninu. Þjóðin sér aftur á móti nú hvernig komið er fyrir sauðfjárræktinni þegar eingöngu innvígðir og innmúraðir hafa fjallað um hana í áratugi.

Neyð bændanna sem í hlut eiga er yfirgengileg og innmúraðir og innvígðir halda að leiðin út sé að halda áfram eins og áður. Þetta er það sem kalla mætti „freistnivanda“ (moral hazard) sauðfjárræktarinnar. Sauðfjárbændum hefur alla tíð verið talin trú um að „þeim yrði bjargað“ með opinberum framlögum og því hefur sársaukafullum en nauðsynlegum aðgerðum verið frestað í trausti þess að hið opinbera leggi fram fé og svo megi sjá til hvort ekki rætist úr.

Gripið er til gamalkunnra upphrópana um afleiðingarnar fyrir byggð í landinu sem er áreiðanlega rétt en því í óskópunum er það lagt á eina atvinnugrein, sauðfjárræktina, að tryggja byggð? Byggðamál eru málefni samfélagsins alls og verður að takast á við þau sem slík með byggðastyrkjum. Ef breytingar í sauðfjárrækt valda byggðaröskun þá er það einfaldlega ekki vandi sauðfjárræktarinnar heldur samfélagslegur vandi.



FRÉTTABLAÐIÐ
# SPORT

# Í töluvert betra formi en í fyrra

**Anton Ari Einarsson hefur átt gott sumar á milli stanganna hjá toppliði Vals í sumar. Hann greip tækifærið sem hann fékk síðasta sumar báðum höndum og æfði vel í vetur. Anton lætur efasemdaraddir ekki á sig fá.**

**FÓTBOLTI** Anton Ari Einarsson átti afar góðan leik í marki Vals þegar liðið lagði Grindavík að velli, 2-0, í 16. umferð Pepsi-deildar karla á mánudaginn. Með sigrinum héldu Valsmenn fimm stiga forskoti á toppi deildarinnar.

„Við spiluðum ekki nóg vel og Grindavíkurliðið er líka gríðarlega sterkt. Fyrri hálfleikurinn var agalega dapur en við skerptum á hlutunum í hálfleik,“ sagði Anton í samtali við Fréttablaðið í gær.

Mosfellingurinn, sem fagnar 23 ára afmæli sínu á föstudaginn, hefur spilað betur og betur eftir því sem liðið hefur á tímabilið og haldið fjórum sinnum hreinu í síðustu sex deildarleikjum Vals. Raunar hafa Valsmenn aðeins fengið á sig 12 mörk í Pepsi-deildinni, fæst allra liða.

Valur er jafnan mikið með boltann í leikjum sínum og því hefur Anton ekki alltaf mikið að gera milli stanganna. Hann segir það kúnst að halda einbeitingu í svona aðstæðum.

**Talar til að halda sér á tánum**

„Þetta hefur gengið þokkalega í sumar. En það er oft erfitt þegar maður er búinn að standa lengi á meðan liðið er með boltann. Það er meira kveikt á manni þegar þetta er akkúrat öfugt. Helsta bragðið sem ég beiti er að tala allan leikinn. Þegar við erum með boltann tala ég alltaf með og segi mönnum hvort þeir hafi tíma með boltann. Þannig heldur maður sér á tánum,“ sagði Anton.

Þótt hann þurfi oft ekki að verja mörg skot í leikjum hefur Anton mikilvægu hlutverki að gegna í uppspili Valsmanna; að hefja sóknir og koma boltanum í spil.

„Með auknu sjálfstrausti og meiri spilatíma verður allt svona betra. Maður kemst í betri takt. Ég hef alltaf verið þokkalegur með boltann á löppunum. Í hitteðfyrra sendi Rajko [Stanisic] markmannsþjálfari mig í battaþjálfun. Ég vann mikið í þessum grunnþáttum allan veturinn og það skilaði sér,“ sagði Anton.

**Greip tækifærið**

Mosfellingurinn kom til Vals vorið 2014 en það var ekki fyrr en tveimur árum seinna sem hann vann sér fast sæti í byrjunarliði Valsmanna. Anton var lánaður til Grindavíkur vorið 2016 en Valur kallaði hann til baka eftir aðeins einn leik vegna meiðsla Ingvars Þórs Kale. Anton greip tækifærið báðum höndum og hefur ekki litið um öxl síðan.

„Þetta breyttist fljótt í fyrra. Ég gekk út frá því að taka sumarið með Grindavík en ég er þakklátur fyrir að hafa fengið tækifærið með Val. Við urðum bikarmeistarar, ég spilaði mikið og öðlaðist mikla reynslu,“ sagði Anton. En finnst honum hann vera mikið betri markmaður en í fyrra?

„Mér finnst ég ekki vera miklu betri markvörður sem slíkur. En með auknum spilatíma eykst sjálfstraustið. Ég hef bætt mig eitthvað og er í töluvert betra formi en í fyrra. Ég minnkaði við mig í vinnu í vetur og æfði af meiri krafti,“ sagði Anton sem starfar í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ.

Þrátt fyrir gott gengi Vals undanfarin tvö ár hefur Anton á köflum fengið talsverða gagnrýni fyrir frammistöðu sína. Þjálfarateymi Vals hefur hins vegar staðið þétt við bakið á honum sem hann segir mikilvægt.



**Á uppleið. Anton Ari hefur komið mörgum skemmtilega á óvart með flottri frammistöðu.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Harður markmannsbransi**

„Það er gott að vita að þjálfararnir og fólkið sem ræður þarna hafi trú á manni. Það munar um það,“ sagði Anton sem tekur gagnrýninni með jafnaðargeði.

„Markmannsbransinn getur verið helvíti harður inn á milli. Ef það klikkar eitthvað hjá þér er það yfirleitt bara mark. Maður er ekki með fleiri aftar á vellinum til að bakka sig upp. Hvað gagnrýnina varðar finnst mér þægilegast að spá sem minnst í henni og fylgjast lítið með umræðunni.“

Anton kom óvænt inn í íslenska landsliðshópinn sem mætti Mexíkó í vináttulandsleik í Las Vegas í vetur. Hann segir það hafa gefið sér mikið að vera valinn í landsliðið.

„Ingvar [Jónsson] veiktist og ég var kallaður til og stökk út með þeim. Þetta var alveg frábært og hvatti mann áfram. Þetta var góð reynsla og gaman að sjá hvernig umhverfið þarna er,“ sagði Anton Ari Einarsson að lokum. **ingvithor@365.is**

## Komst í markmannsskóla með hjálp mömmu

Veturinn áður en Anton Ari gekk í raðir Vals var hann um tíma í markmannsskóla í Englandi og æfði með nokkrum liðum þar í landi, þ. á m. Manchester City og Bolton. Hann fékk góða hjálp frá móður sinni við að komast út í markmannsskólann sem er rétt fyrir utan Wigan.

„Ég fór út rétt fyrir jól. Ég var búinn í prófum í skólanum og átti smá aukapening. Ég ákvað því að reyna að komast út í eitthvað svona. Mamma er búin að halda utan um og vinna mikið fyrir Liverpool-skólann á Íslandi sem er haldinn í Mosfellsbæ. Hún hafði samband við einn af markmannsþjálfurunum sem var með í þeim hóp og hann benti mér á þennan skóla sem er á vegum manns sem heitir Billy Stuart. Ég stökk út í viku fyrir jólin og hann kom mér að hjá Everton. Kallinn vissi eitthvað í sinn haus og hafði góð tengsl. Og eftir áramót fór ég aftur út,“ sagði Anton sem var úti í rúma þrjá mánuði og æfði tvisvar á dag.

„Þetta hjálpaði mikið og var mjög dýrmæt reynsla,“ sagði Anton. En hvernig markmannsþjálfun fékk hann þegar hann var yngri?

„Til að byrja með var enginn fastur markmannsþjálfari hjá Aftureldingu heldur voru menn fengnir til að koma í nokkrar vikur til að vera með okkur. Síðan kom Þorsteinn Magnússon og byrjaði að þjálfa flokkinn minn og var með markmannsþjálfun. Hann kenndi mér gríðarlega mikið. Þjálfunin úti er ekkert gríðarlega ólík því sem maður hefur kynnst hérna heldur bara í miklu meiri mæli og getustigið hærra.“

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**FH - ÍBV 1-1**
0-1 Rut Kristjánsdóttir (37.), 1-1 Caroline Murray (40.).

**Þór/KA - KR 3-0**
1-0 Sandra Stephanie Mayor (4.), 2-0 Hulda Ósk Jónsdóttir (49.), 3-0 Bianca Sierra (87.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þór/KA | 14 | 12 | 2 | 0 | 35 - 9 | 38 |
| ÍBV | 14 | 8 | 4 | 2 | 28 - 14 | 28 |
| Breiðablik | 13 | 9 | 0 | 4 | 29 - 8 | 27 |
| Stjarnan | 14 | 8 | 3 | 3 | 33 - 14 | 27 |
| Valur | 13 | 8 | 1 | 4 | 31 - 14 | 25 |
| FH | 14 | 6 | 1 | 7 | 15 - 20 | 19 |
| Grindavík | 14 | 4 | 2 | 8 | 13 - 35 | 14 |
| KR | 14 | 4 | 0 | 10 | 12 - 32 | 12 |
| Fylkir | 13 | 1 | 2 | 10 | 8 - 28 | 5 |
| Haukar | 13 | 0 | 1 | 12 | 7 - 37 | 1 |

**Meistaradeild kvenna**

**Stjarnan - Klaksvík 9-0**
Guðmunda Brynja Óladóttir 2, Donna Key Henry 2, Agla María Albertsdóttir, Katrín Ásbjörnsdóttir, Bryndís Björnsdóttir, Lára Kristín Pedersen, sjálfsmark.
***Þetta var fyrsti leikur Stjörnunnar í forkeppni Meistaradeildarinnar en riðillinn fer fram í Króatíu. Stjarnan á eftir að spila við heimalið sem og lið frá Makedóníu á næstu dögum.***



**Er allt lék í lyndi.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

BARCELONA KÆRIR NEYMAR
Barcelona hefur kært Neymar fyrir samningsbrot. Fyrr í þessum mánuði gerði Paris Saint-Germain Neymar að dýrasta fótboltamanni sögunnar þegar franska félagið borgaði Barcelona 200 milljónir punda fyrir þennan 25 ára gamla Brasilíumann.
Neymar kom til Barcelona frá Santos 2013. Hann skrifaði undir nýjan fimm ára samning við Barcelona í október í fyrra og fékk fyrir það veglegan bónus.
Börsungar vilja nú fá 7,8 milljónir punda í skaðabætur með 10% vöxtum vegna þess sem þeir telja brot á samningi.
Neymar, sem hefur farið frábærlega af stað með PSG, fór hörðum orðum um stjórnarmenn Barcelona á dögunum og sagði að félagið og borgin ættu betra skilið.

ÁRMANN AÐSTOÐARÞJÁLFARI
Ármann Smári Björnsson hefur verið ráðinn aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla hjá ÍA. Gunnlaugur Jónsson sagði af sér sem þjálfari ÍA í fyrradag og aðstoðarmaður hans, Jón Þór Hauksson, mun stýra liðinu út tímabilið.
Jón Þór mun njóta aðstoðar Ármanns Smára en einnig verða Þórður Guðjónsson og Sigurður Jónsson honum til halds og trausts. Það vantar því ekki reynsluna í þjálfarateymi Skagamanna.

## Í dag

**18.40 Liverpool - Hoffenh.** Sport
**18.40 Blackburn - Burnley** Sport 2
**20.45 Meistaramörkin** Sport

**Pepsi-deild kvenna**
**18.00 Breiðablik - Haukar**
**18.00 Valur - Fylkir**




VERÐ FRÁ:
**3.740.000** kr.
Eyðsla frá 3,9 l/100 | $CO_2$ losun frá 104 g/km

## VALINN BÍLL ÁRSINS Í EVRÓPU 2017

Hinn nýi Peugeot 3008 Crossover hlaut hinn eftirsótta titil „Bíll ársins í Evrópu 2017“ nú nýverið. Það er til marks um einstaklega vel heppnaða hönnun og framúrskarandi gæði. Það er sama hvar borið er niður, glæsilegt útlit bílsins að innan sem utan, gæðin, þægindin, aksturseiginleikarnir, allt er eins og best verður á kosið. Peugeot 3008 er hár frá götu, 22 cm undir lægsta punkt og framdrifið er fáanlegt með öflugri Grip Control spólvörn sem kemur honum í gegnum erfiðustu aðstæður. Þráðlaus tækni hleður símann þinn og með Mirror Screen tækninni getur þú notað Apple Car Play eða Mirror Link fyrir Android til að tengja snjallsímann við 8“ skjáinn. Mátaðu þig í frábær sætin og kíktu á rúmgott farangursrýmið. Peugeot 3008 er tímamótabíll með vél sem nýverið hlaut hinn eftirsótta titil Vél ársins (Engine of the Year).

PEUGEOT 3008

MOTION & EMOTION

PEUGEOT

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík**
Bíldshöfða 8
Sími 515 7000

**Brimborg Akureyri**
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

**Nýir og notaðir bílar:**
Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

FRÉTTABLAÐIÐ
# TÍMAMÓT
23. ÁGÚST 2017 MIÐVIKUDAGUR

## Merkisatburðir

**79** Eldgos hófst í Vesúvíusi á Ítalíu. Í því gosi grófust borgirnar Pompei og Herculaneum undir ösku og vikri.

**1387** Margrét Valdimarsdóttir mikla varð ríkisstjóri yfir Noregi og Danmörku við lát sonar síns, Ólafs 4.

**1572** Vígin á Bartólómeusarmessu. Húgenottar drepnir þúsundum saman í París og víðar um Frakkland.

**1910** Fyrsta íslenska hljómplatan kom út. Það var Pétur Á. Jónsson sem söng Dalvísur eftir Jónas Hallgrímsson.

**1914** Fyrri heimsstyrjöldin: Japan sagði Þýskalandi stríð á hendur.

**1939** Molotov-Ribbentrop-samkomulagið milli Þýskalands og Sovétríkjanna undirritað.

**1942** Orrustan um Stalíngrad hófst.

**1946** Gunnar Huseby setti Evrópumet í kúluvarpi í Ósló.

**1954** Við fornleifauppgröft í Skálholti fannst steinkista Páls biskups Jónssonar, sem lést 1211. Er þetta einn merkasti fornleifafundur á Íslandi.



**1959** Stytta af Jóni Arasyni biskupi eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal var afhjúpuð á Munkaþverá í Eyjafirði, en þar lærði Jón til prests.

**1967** Danir unnu Íslendinga í fótbolta, 14:2. Helgi Númason og **Hermann Gunnarsson** skoruðu mörk Íslands.

# Sýningin sem hefur fylgt Hörpunni frá byrjun

**How to become Icelandic in 60 minutes verður sýnd hvorki meira né minna en í 500. skiptið í Hörpu í kvöld. Sýningin hefur gengið nánast óslitið síðan Harpa var opnuð. Að sýningunni standa þeir Bjarni Haukur Þórsson og Sigurður Sigurjónsson.**

Leiksýningin How to become Icelandic in 60 minutes verður sýnd í 500. skipti í Hörpu í kvöld.

Sýningin var frumsýnd í maí árið 2012, eða mjög fljótlega eftir að Harpa var opnuð – þannig að sýningin hefur nánast fylgt Hörpunni allt frá byrjun. Um 60 þúsund manns hafa mætt á sýninguna á þessum árum.

Sýningin er einleikur, er leikin á ensku og samin og framleidd af Bjarna Hauki Þórssyni og leikstýrt af Sigurði Sigurjónssyni. Leikarar eru Karl Ágúst Úlfsson, Kjartan Darri Kristjánsson og Örn Árnason en sá síðastnefndi mun leika í 500. sýningunni.

„Við erum ákaflega ánægð og stolt með hversu vel sýningin hefur gengið. Það er frábært að hafa náð 500 sýningum og fengið 60 þúsund áhorfendur til að sjá hana í Hörpu. Þetta er Íslandsmet því það hefur engin íslensk leiksýning verið sýnd svona oft. Nokkrar sýningar hafa verið settar upp mjög oft eins og t.d. Dýrin í Hálsaskógi en þá er um að ræða margar mismunandi uppfærslur af verkinu,“ segir Bjarni Haukur sýnilega ánægður með þennan sturlaða árangur þessarar sýningar.

Hvernig hafa viðbrögðin verið?

„Við höfum fengið mjög góða dóma bæði hjá Íslendingum og ekki síst útlendingum en sýningin er ætluð öllum þeim sem vilja læra hvað það er að vera Íslendingur. Við erum hvergi nærri hætt og munum halda áfram með sýninguna eins lengi og fólk hefur ánægju af því að koma og sjá hana og vonandi verður það sem lengst,“ svarar Bjarni Haukur.



Fullur salur á einni af þessum fimm hundruð sýningum. MYND/JORRI



Bjarni Haukur Þórsson er að vonum kampakátur með árangurinn sem hann segir Íslandsmet. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Þetta er Íslandsmet því það hefur engin íslensk leiksýning verið sýnd svona oft.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Bjarni Haukur og Sigurður hafa verið teymið á bak við ótrúlega vinsælar sýningar sem hafa gengið í langan tíma – þeir settu upp, eins og margir muna vafalaust eftir, Hellisbúann og Pabbann, síðan stóðu þeir að Afanum (leikritinu og svo kvikmyndinni), auðvitað How to become Icelandic in 60 minutes og Maður sem heitir Ove. **stefanthor@frettabladid.is**

---



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ástríður Hjartardóttir**

Bæjarási, Hveragerði,

lést á Sjúkrahúsinu á Selfossi miðvikudaginn 9. ágúst 2017. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Hjörtur Kristjánsson — Erna Guðlaugsdóttir**
**Sigurjón Guðleifsson — Cecilie Lyberth**
**Ásta Guðleifsdóttir — Magnús Jensson**
**Ragnar Guðleifsson — Hjördís Harðardóttir**
**Sigurður Guðleifsson**
**Margrét Guðleifsdóttir — Hörður Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

**Ole Pedersen**

f. 15.03. 1939
d. 19.08. 2017

verður jarðsunginn fimmtudaginn 24. ágúst kl. 11 frá Kapellunni í Fossvogi.

**Elísabeth Saga Pedersen**
**Ole Ragnar Pedersen**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Sigurjónsdóttir**

Furugrund 46, Kópavogi,

lést á dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, 10. ágúst. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 24. ágúst kl. 13.

**Torfhildur Sigrún Þorgeirsdóttir — Leifur Brynjólfsson**
**Jónas Þorgeirsson — Harpa Högnadóttir**
**Logi Geir, Bergþór, Jórunn Lilja, Andri Geir og langömmubörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Jónsdóttir**

frá Hólmavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans þann 19. ágúst sl. Minningarathöfn verður í Háteigskirkju þriðjudaginn 29. ágúst kl. 13.00. Útförin fer fram frá Hólmavíkurkirkju fimmtudaginn 31. ágúst kl. 14.00.

**Jón G. Kristjánsson — Steinunn Bjarnadóttir**
**Steinunn Kristjánsdóttir**
**Anna Kristín Kristjánsdóttir — Hjálmtýr Heiðdal**
**Svanhildur Kristjánsdóttir**
**Helga Ólöf Kristjánsdóttir — Finn Arve Guttormsen**
**Valborg Huld Kristjánsdóttir**
**Reynir Kristjánsson — Anna Ósk Lúðvíksdóttir**
**börn og barnabörn.**

---



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Aðalsteinn Hjörvar Friðfinnsson**

kaupfélagsstjóri frá Grundarfirði, Funalind 1, Kópavogi,

lést á Vífilsstöðum laugardaginn 19. ágúst. Útförin fer fram frá Lindakirkju föstudaginn 25. ágúst kl. 13.00.

**Elsa Fanney Pétursdóttir**
**Olga Sædís Aðalsteinsdóttir — Grétar Höskuldsson**
**Anna Jonny Aðalsteinsdóttir — Þorkell Ingi Þorkelsson**
**Bjarki Sæþór Aðalsteinsson — Silvana Oliveira**
**börn, barnabörn, barnabarnabörn og langalangafastrákur.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Guðrún Sigurjónsdóttir**

Melseli 18, Reykjavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans þann 15. ágúst síðastliðinn. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sigþór Borgar Karlsson**
**Vignir Örn Sigþórsson — Guðbjörg Birna Jónsdóttir**
**Jökull Örn, Hrafnhildur, Steinunn og Arna Guðrún**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Björg Rafnar**

lést á Landspítalanum 21. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**F.h. aðstandenda**
**Össur Kristinsson**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 23. ágúst 2017

30. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Netverslun ógnar verslunarmiðstöðvunum

Verslunarmiðstöðvarnar Kringlan og Smáralind búa sig undir gjörbreytt samkeppnisumhverfi. Ört vaxandi netverslun og breytt kauphegðun aldamótakynslóðarinnar ógna afkomu og framtíð miðstöðvanna. »6-7

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



»2

## Kaupþing kaupir kröfu á breskan tískukóng

Kaupþing hefur keypt kröfu á Kevin Stanford af eignarhaldsfélagi ríkissjóðs. Kaupin komu í kjölfar þess að breski fjárfestirinn hafnaði sáttatilboði Kaupþings fyrr í sumar.

»4

## Verktaki kaupir upp götur í Kópavogi

Eigandi verktakafyrirtækisins Jáverks hefur keypt eða gert tilboð í meginþorra fasteigna við fimm götur í Digraneshverfinu í Kópavogi. Vinna við breytingu á deiliskipulagi er samt ekki enn hafin.

»8

## Fjöldi eftirlaunaþega tvöfaldast á 50 árum

„Breytt aldurssamsetning gæti valdið lækkun hagvaxtar um 0,25% á ári næstu fimmtíu árin. Aldurssamsetning þjóðarinnar verður því ekki einn megindrifkraftur hagvaxtar eins og verið hefur,“ segir Sölvi Blöndal, hagfræðingur hjá GAMMA.




# Óttuðust að missa fólk og hækkuðu launin í lóninu

„Við fórum í launagreiningar á árinu 2015, í ljósi þróunar á vinnumarkaði, og tókum ákveðin skref í þá átt að skoða laun í okkar fyrirtæki og settum okkur það markmið að okkar starfsmenn þyrftu ekki að leita í önnur sambærileg störf á vinnumarkaði vegna þess að við værum ekki að greiða samkeppnishæf laun,“ segir Grímur Sæmundsen, forstjóri og stærsti eigandi Bláa lónsins, um þá staðreynd að launagreiðslur til starfsmanna fyrirtækisins, þegar búið er að taka tillit til fjölgunar í þeirra hópi, hækkuðu umtalsvert milli áranna 2015 og 2016.

Samkvæmt ársreikningi Bláa lónsins fyrir árið í fyrra námu launagreiðslur til 394 starfsmanna fyrirtækisins alls 19,6 milljónum evra. Það gerir að meðtaltali um 50 þúsund evrur á starfsmann í árslaun eða 6,7 milljónir króna miðað við meðalgengi evru árið 2016. Til samanburðar voru launin að meðaltali um 41 þúsund evrur á hvern starfsmann árið áður. Um 22 prósenta hækkun er því að ræða en á árinu 2016 hækkaði launavísitala á Íslandi um 11,4 prósent. Hagnaður Bláa lónsins í fyrra eftir skatta nam 23,5 milljónum evra eða um 2,6 milljörðum íslenskra króna.

„Þetta var ákveðið átaksverkefni á sínum tíma og við finnum ekki annað en að við höfum náð að halda sjó er varðar laun. Okkur hefur gengið mjög vel að halda í fólk og það hefur verið eftirspurn eftir störfum hjá okkur þrátt fyrir þessa þenslu sem er á vinnumarkaðnum. Við höfum því ekki lent í neinum erfiðleikum með að fá fólk til starfa,“ segir Grímur. – **hg**



**Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins.**

# Lýsi græddi um hálfan milljarð

Hagnaður Lýsis í fyrra nam 537 milljónum króna samanborið við 408 milljónir árið þar á undan. Tekjurnar drógust aftur á móti saman, eða úr 9,5 milljörðum króna í rétt rúma níu milljarða. Ef ekki hefði komið til 870 milljóna gengishagnaður hefði verið tap á rekstri fyrirtækisins á árinu 2016.

Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Lýsis. Þar segir að framleiðslukostnaður hafi numið 7.221 milljónum og hagnaður fyrir fjármagnsliði alls 190 milljónum.



**Katrín Pétursdótti, forstjóri og stærsti eigandi Lýsis.**

Lýsi átti í árslok 2016 eignir upp á 11.062 milljónir. Þar af námu varanlegir rekstrarfjármunir 5,4 milljörðum og vörubirgðir 2,8 milljörðum. Skuldirnar námu hins vegar 9.296 milljónum. – **hg**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf.**, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **512 5000** | Fax **512 5301**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang visir.is



**Stanford skuldaði Kaupþingi háar fjárhæðir við fall bankans og var einnig fjórði stærsti hluthafi hans.**

# Hefur keypt kröfu á Stanford af Lindarhvoli

**Kaupþing keypti kröfu á Kevin Stanford af eignarhaldsfélagi ríkissjóðs. Kaupin komu til skömmu eftir að breski fjárfestirinn hafnaði sáttatilboði Kaupþings fyrr í sumar. Kaupþing segist ekki eiga von á að ná sáttum við Stanford.**

Kaupþing hefur keypt kröfu af Lindarhvoli, eignarhaldsfélagi í eigu ríkissjóðs Íslands, á hendur breska kaupsýslumanninum Kevin Stanford. Ekki fást upplýsingar um fjárhæð kröfunnar en samkvæmt heimildum Markaðarins keypti Kaupþing kröfuna af eignaumsýslufélagi ríkisins fyrr í sumar. Deilur og málaferli milli Kaupþings og Stanfords hafa staðið yfir um margra ára skeið. Stanford, sem er hvað þekktastur fyrir að hafa stofnað tískuverslanakeðjuna Karen Millen, var einn helsti viðskiptavinur Kaupþings fyrir fall bankans og sömuleiðis fjórði stærsti hluthafi hans með um 4,3 prósenta eignarhlut.

Kaupþing vildi ekki svara fyrirspurn Markaðarins um hvað félagið hefði greitt fyrir kröfuna né heldur hver tilgangurinn með kaupunum hafi verið. Félagið Lindarhvoll, sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðuneytið, var sett á stofn í apríl 2016 og heldur utan um eignir sem voru framseldar til ríkissjóðs í tengslum við stöðugleikaframlög fjármálafyrirtækja í slitameðferð.

Samkvæmt heimildum Markaðarins keypti Kaupþing kröfuna meðal annars í því skyni að styrkja stöðu sína í mögulegum samningaviðræðum við Stanford en krafan sem um ræðir beinist að honum persónulega. Kaupin komu í kjölfar þess að Paul Copley, forstjóri Kaupþings, gerði Stanford óformlegt tilboð um að ljúka öllum ágreiningsmálum milli hans og Kaupþings með greiðslu til Stanfords.



**Kevin Stanford stofnaði Karen Millen ásamt eiginkonu sinni.**

Í skriflegu svari til Markaðarins segir Kaupþing að það sé ekki rétt, eins og heimildir blaðsins herma, að það tilboð hafi hljóðað upp á um 60 milljónir punda, jafnvirði 8 milljarða króna, sem Stanford hafi hafnað. „Viðræður aðila njóta trúnaðar en Kaupþing getur staðfest að félagið hefur ekki gert Kevin Stanford tilboð um greiðslu umræddrar fjárhæðar.“

Þá segir einnig í svari Kaupþings að „málaferli hafa staðið yfir milli Kaupþings og Kevin Stanford í Lúxemborg frá árinu 2011. Þær sáttaumleitanir sem hafa átt sér stað hafa engan árangur borið og eru frekari sáttaumleitanir hvorki yfirstandandi né fyrirhugaðar. [...] Eins og sakir standa á Kaupþing ekki von á að ná sáttum við Kevin Stanford og mun neyta allra lagalegra úrræða til að sækja rétt sinn fyrir dómstólum í viðeigandi lögsögum.“

Í árslok 2015 gerði Stanford kröfu um að Kaupþing myndi greiða honum 545 milljónir punda, jafnvirði 74 milljarða króna. Greint var frá kröfunni á heimasíðu Kaupþings og sagt að hún kæmi til vegna atburða sem hafi átt sér stað í lok árs 2008 og ársbyrjun 2009. Í mars 2009 var tilkynnt um að Kaupþing banki í Lúxemborg hefði tekið yfir 25,4 prósenta hlut Stanford í töskufyrirtækinu Bulberry vegna skulda hans við Kaupþing.

Stanford hefur einnig átt í deilum við slitabú gamla Landsbankans (LBI). Slitastjórn LBI hafnaði á sínum tíma 11,6 milljarða króna gagnkröfum Stanfords sem fjárfestirinn vildi að gengi upp í skuld hans við kröfuhafa slitabúsins. Málið er komið til kasta íslenskra dómstóla og verður fyrirtaka í málinu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur um miðjan næsta mánuð.

Stanford var um tíma einn af stærstu eigendum Mosaic Fashions. Þá var hann stór hluthafi í FL Group, í gegnum Materia Invest ehf., og átti einnig hlut í Baugi.

**hordur@frettabladid.is**

# Skórisi hagnast um 159 milljónir króna

Heildverslunin S4S, sem rekur skóverslanir á höfuðborgarsvæðinu, hagnaðist um 159,4 milljónir króna í fyrra. Afkoma fyrirtækisins var þá 48 milljónum betri en árið 2015 en rekstrartekjur jukust um 159 milljónir og námu 1.936 milljónum.

Hagnaður S4S fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 222 milljónir samanborið við 172,5 milljónir árið 2015. Í árslok 2016 námu eignir félagsins 761 milljón en skuldirnar 380 milljónum.

S4S á og rekur skóverslanirnar Steinar Waage, Ecco, Kaupfélagið, Skór.is, Toppskóinn og íþróttavöruverslunina Air.is í Smáralind. Pétur Þór Halldórsson er stærsti eigandi S4S með helmingshlut. Fjárfestingarfélagið Sjávarsýn í eigu Bjarna Ármannssonar, fjárfestis og fyrrverandi forstjóra Glitnis, keypti í október í fyrra 26 prósenta hlut í heildverslunninni, eins og Markaðurinn greindi frá. Aðrir eigendur eru Hermann Helgason, framkvæmdastjóri S4S, og Georg Kristjánsson, en þeir eiga sín tólf prósentin hvor. Sjávarsýn seldi í maí síðastliðnum allt hlutafé í útivistar- og lífsstílsfyrirtækinu Ellingsen til S4S.




**Markaðshlutdeild S4S á skómarkaðnum er allt að 50 prósent.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Samkvæmt nýbirtum ársreikningi fyrirtækisins lagði stjórn þess til að greiddur yrði arður til hluthafa á yfirstandandi ári að upphæð allt að 160 milljónir króna. Eigendur félagsins hafa því greitt sér alls 360 milljónir í arð frá ársbyrjun 2015. – **hg**



*Besta eignastýringin í flokki hlutabréfa að mati World Finance*




*Við tökum stolt við viðurkenningu World Finance sem valdi Kviku besta eignastýringarfyrirtæki Íslands í flokki hlutabréfa 2017. Síðastliðin þrjú ár höfum við hlotið sömu viðurkenningu í sameiginlegum flokki hlutabréfa og skuldabréfa.*

KVIKA

kvika.is




# Vill kaupa upp fimm götur í Kópavogi

**Hamur þróunarfélag hefur keypt fasteignir í fimm götum í Digraneshverfinu í Kópavogi og vill fleiri. Eigandi verktakafyrirtækisins Jáverks segir að deiliskipulagsvinna sé þó ekki enn hafin. Ætlar að byggja fjölbýlishús en nágrannar ætla á fund með bæjarstjóranum.**

Eigandi verktakafyrirtækisins Jáverks hefur keypt eða gert tilboð í meginþorra fasteigna við fimm götur í Digraneshverfinu í Kópavogi. Vinna við breytingu á deiliskipulagi er ekki enn hafin og því liggja ekki fyrir leyfi fyrir framkvæmdum við ný fjölbýlishús sem þar á að byggja.

Um er að ræða göturnar Álftröð, Háveg, Neðstutröð, Vallartröð og Skólatröð eða fasteignir í námunda við Kópavogsskóla og Menntaskólann í Kópavogi. Þær eru um 35 talsins og voru flestar byggðar á sjötta áratug síðustu aldar og hverfið því rótgróið.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins hefur eigendum fasteigna við Neðstutröð borist tilboð í eignir þeirra. Þar má finna fjögur einbýlishús og hefur Hamur þróunarfélag, í eigu forsvarsmanna Jáverks, keypt tvö þeirra og gert tilboð í önnur. Félagið er eigandi allra þeirra fasteigna sem eigandi Jáverks hefur keypt í hverfinu. Rakarastofan Herramenn hefur verið rekin við enda götunnar eða að Neðstutröð 8 í 56 ár. Eigendur hennar segja í samtali við Markaðinn að eignin verði ekki seld á næstu árum.

Gylfi Gíslason, eigandi og framkvæmdastjóri Jáverks og stjórnarformaður Hams þróunarfélags, vill ekki gefa upp hversu margar eignir eða fermetra félagið hefur keypt í hverfinu. Hluthafaupplýsingar um Ham hafa ekki verið uppfærðar hjá hlutafélagaskrá Ríkisskattstjóra en allt hlutafé Jáverks er í eigu Gylfa.

„Við eigum allar eignir við Háveg og Skólatröð og Álftröð alveg. Við eigum meginþorrann af eignum við Neðstutröð og Vallartröð. Það er varla hægt að segja að deiliskipulagsvinna sé hafin. Það er stefnt að þéttingu byggðar en auðvitað hefur sveitarfélagið skipulagsvaldið að lokum," segir Gylfi.

Viðskiptablaðið greindi frá kaupum á fasteignum við Háveg, Skólatröð og Álftröð í apríl síðastliðnum. Kom þá fram að rífa eigi einbýlishúsin sem standa flest á tiltölulega stórum lóðum og þétta byggðina með fjölbýlishúsum. Fréttablaðið hafði tveimur vikum síðar eftir heimildum að margar eignirnar hefðu verið seldar á yfirverði og í nokkrum tilvikum hefðu eigendur selt hús sín með tugmilljóna króna hagnaði. Nokkrir viðmælendur blaðsins líktu viðskiptunum við að fá lottóvinning.

Þá var einnig greint frá því að engin vilyrði hafa verið gefin eigendum verktakafyrirtækisins um samþykkt Kópavogsbæjar á nýju deiliskipulagi eftir áformum þeirra. Af orðum Gylfa í frétt blaðsins í lok apríl mátti skilja að viðræður um breytingar við Kópavogsbæ færu á fullt eftir að eigendur Jáverks hefðu tryggt sér allar eignirnar í götunum.

Um 50 íbúar í nálægum götum hafa skrifað undir erindi sem átti að afhenda Ármanni Kr. Ólafssyni, bæjarstjóra Kópavogs, rétt fyrir hádegi í dag. Fundinum með bæjarstjóranum var aftur á móti frestað um viku. Íbúar við Álfhólsveg og Hátröð skrifuðu undir en einnig sumir þeirra fasteignaeigenda sem búa við Skólatröð, Neðstutröð og Vallartröð og hafa fengið tilboð frá Ham þróunarfélagi. Fullyrðir hópurinn að hart hafi verið lagt að húseigendum við Háveg að selja og gefið í skyn að að öðrum kosti myndu háar byggingar rísa í kringum eignir þeirra sem myndu fella þær í verði.
**haraldur@frettabladid.is**




**Hús við Vallartröð eru á meðal þeirra sem Hamur þróunarfélag hefur gert tilboð í.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Tekjusamdrátturinn mikil vonbrigði

Tekjur upplýsingatæknifyrirtækisins Nýherja á öðrum fjórðungi ársins voru mun lægri en hagfræðideild Landsbankans hafði búist við og ollu vonbrigðum. Hagfræðideildin hafði gert ráð fyrir kröftugum 16,9 prósenta söluvexti á tímabilinu en niðurstaðan varð hins vegar 4,9 prósenta samdráttur.

Tekjur félagsins námu 3.608 milljónum króna á öðrum fjórðungi ársins borið saman við 3.794 milljónir króna á sama tíma í fyrra. Hagfræðideildin hafði búist við að tekjurnar yrðu 4.436 milljónir á tímabilinu.

Þrátt fyrir tekjusamdráttinn jókst hagnaður félagsins um 127 prósent á fjórðungnum og nam alls 166 milljónum króna.

Hagfræðideildin bendir á að stjórnendur Nýherja hafi skýrt samdráttinn með vísan til gengisstyrkingar krónunnar og þess að fáir stórir samningar hafi verið gerðir á fjórðungnum.

Telur hagfræðideildin samdráttinn þó koma á óvart í ljósi þess að á fyrsta fjórðungi ársins hafi gengi krónunnar einnig styrkst verulega án þess að til tekjusamdráttar kæmi.



**Finnur Oddsson, forstjóri Nýherja**

**5%**

**var tekjusamdráttur Nýherja á öðrum fjórðungi ársins.**

Hagfræðideildin gagnrýnir enn fremur lélega upplýsingagjöf af hálfu stjórnenda Nýherja. Segir hún að það væri óskandi að stjórnendurnir bættu upplýsingagjöfina um tekjur einstakra eininga Nýherjasamstæðunnar. „Ekkert samræmi er í því hvernig staðið er að þeirri upplýsingagjöf og því erfitt og oft ónákvæmt að bera saman einstaka fjórðunga og byggja á upplýsingagjöf félagsins," segja sérfræðingar hagfræðideildarinnar. **– kij**


Búum okkur undir
spennandi framtíð
Arion banki og Icelandic Startups þakka þátttakendum í Startup Reykjavík 2017 fyrir tíu viðburðaríkar og skapandi vikur.
Við óskum þessu kraftmikla og hugmyndaríka fólki bjartrar framtíðar og okkur öllum til hamingju með alla þá spennandi möguleika sem þau munu færa okkur í framtíðinni.
Gangi ykkur öllum allt í haginn!
Arion banki
– Fyrir framtíðina




Svo virðist sem áhrifanna af aukinni netverslun sé ekki farið að gæta af eins miklum þunga hér á landi og víða erlendis. Viðmælendur Markaðarins segja netverslun eiga mikið inni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Stóraukin netverslun risavaxin áskorun

**Verslunarmiðstöðvarnar Kringlan og Smáralind búa sig undir gjörbreytt samkeppnisumhverfi. Vaxandi netverslun og breytt kauphegðun ógna afkomu miðstöðvanna sem og hefðbundinna smásöluverslana. Óttast er að áhrifin verði hvað mest á innlenda fataverslun.**

Kristinn Ingi Jónsson
kristinningi@frettabladid.is



Stóru verslunarmiðstöðvarnar tvær, Kringlan og Smáralind, verða að vera vel á verði og búa sig undir þær grundvallarbreytingar sem eru að verða í verslun í heiminum, að mati sérfræðinga á sviði verslunar sem Markaðurinn ræddi við. Stóraukin netverslun og gjörbreytt kauphegðun nýrrar kynslóðar séu risavaxnar áskoranir fyrir verslunarmiðstöðvarnar sem og hefðbundnar smásöluverslanir.

Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, segir margt benda til þess að sprenging hafi orðið í netverslun síðustu ár. Það sé eitthvað sem íslenskar verslanir hljóti að hafa áhyggjur af.

Breytt samkeppnisumhverfi í verslun er þegar farið að valda titringi og eru skýr merki um að verslanir haldi nú að sér höndum og leiti leiða til þess að fækka fermetrum. Þannig herma heimildir Markaðarins að stjórnendur Smáralindar hafi neyðst til þess að bjóða mögulegum leigjendum afslætti og ívilnanir, svo sem ókeypis leigu í tiltekinn tíma, til þess að fylla laus verslunarrými. Veit Markaðurinn jafnframt til þess að í það minnsta þrjár verslanir í verslunarmiðstöðinni stefni mögulega í þrot.

„Við ætlum okkur ekki að sofna á verðinum,“ segir Sigurjón Örn Þórsson, framkvæmdastjóri Kringlunnar. „Húsið mun halda áfram að þróast og er einmitt mikil vinna í gangi sem varðar þróun og framtíð Kringlureitsins. Við erum langt frá því að sitja með hendur í skauti.“

**Eiga undir högg að sækja**

Það er vart ofsögum sagt að bylting sé að eiga sér stað í verslun. Mikill uppgangur netverslunar – en velta hennar hefur aukist að meðaltali um fjörutíu milljarða dala á ári síðustu þrjú ár – og gjörbreytt kauphegðun aldamótakynslóðarinnar hefur þegar valdið straumhvörfum á smásölumarkaði og eiga margir af rótgrónustu smásölum heims verulega undir högg að sækja. Þess sjást hvað skýrust merki vestanhafs þar sem verslanakeðjur á borð við Macy's, J.C. Penney og Sears hafa neyðst til þess að loka hundruðum verslana og segja upp þúsundum starfsmanna á undanförnum misserum.

Greinendur stórbankans Credit Suisse gera ráð fyrir því að 8.640 verslunum – samanlagt 147 milljónir fermetra að stærð – verði lokað í Bandaríkjunum í ár. Það yrðu fleiri lokanir en í kjölfar fjármálahrunsins árið 2008, að því er segir í fréttaskýringu Financial Times. Í fyrra minnkaði verslunarrými í landinu um 86 milljónir fermetra.

Verslunarmiðstöðvar eru sérstaklega berskjaldaðar fyrir breytingunum. Víða um heim hefur verulega dregið úr ásókn í þær og hefur verslunum þar auk þess fækkað. Fjárfestingarfélagið Blackstone áætlar að bandarískar verslunarmiðstöðvar hafi fallið um tugi prósenta í verði á síðustu tveimur árum.

Eru slíkar miðstöðvar orðnar ein helstu skotmörk vogunarsjóða sem veðja nú í unnvörpum á að gengi hlutabréfa þeirra, sem og helstu akkerisverslana þeirra, lækki. Það veðmál virðist ætla að ganga upp, en sem dæmi hafa bréf í Simon Property Group og GGP, eigendum stærstu verslanamiðstöðva Bandaríkjanna, fallið nokkuð skarpt í verði undanfarna mánuði. Í Bretlandi eru hlutabréf verslanakeðja á borð við Debenhams, Marks & Spencer og Next á meðal þeirra mest skortseldu á markaði.

**Búast við mesta skellinum**

Viðmælendur Markaðarins sem þekkja vel til á innlendum smásölumarkaði segja áhrifanna af aukinni netverslun ekki farið að gæta af eins miklum þunga hér á landi og víða annars staðar. Áhrifanna gæti áberandi mest í Bandaríkjunum, aðallega vegna lygilegrar velgengni netrisans Amazon og mikilla offjárfestinga í þarlendum verslunarmiðstöðvum.

Þeir telja hins vegar ljóst að smásalar og forsvarsmenn Kringlunnar og Smáralindar verði að vera vel á verði og búa sig undir gjörbreytt umhverfi. Innreið alþjóðlegra risa á borð við Costco og H&M hingað til lands hafi hrist upp í markaðinum, en mesti skellurinn verði þegar netverslun fari almennilega á flug.

Sérfræðingur sem Markaðurinn ræddi við bendir á að líklegt sé að aukin netverslun muni hafa hvað mest áhrif á innlenda fataverslun. Innkoma H&M hingað til lands bæti gráu ofan á svart, en fatakeðjan hyggst opna þrjár verslanir hér á landi, í Smáralind, Kringlunni og á Hafnartorgi. Hann bendir á að greinileg aukning hafi orðið í netverslun þegar tollar voru afnumdir af fatnaði og skóm fyrir rúmu einu og hálfu ári. Vinsældir bresku netverslunarinnar Asos hafi þá aukist verulega hér á landi.

**Netverslun á mikið inni**

Rannsóknasetur verslunarinnar áætlar að velta innlendrar netverslunar hafi aukist um liðlega fjórðung á milli áranna 2014 og 2015 og verið að lágmarki um fimm milljarðar króna á síðarnefnda árinu. Það nemur um 1,25 prósentum af heildarveltu íslenskrar smá- →

## Smásöluverslanir verða að fækka fermetrum



**Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans.**

Daníel Svavarsson, forstöðumaður hagfræðideildar Landsbankans, telur ekki ólíklegt að með vaxandi hlutdeild netverslunar muni fermetrum undir verslun smám saman fækka.

Jafnvel megi sjá þess ákveðin merki hér á landi að verslanir séu ekki lengur „jafn örlátar á fermetrana og áður. Hagkaup hefur til að mynda fækkað fermetrum í Kringlunni og Smáralind, en samkvæmt þeirra upplýsingum virðist það ekki hafa haft nein veruleg áhrif á veltuna. Þetta er það sem verslanir þurfa að gera til að bregðast við breyttu umhverfi – að nýta innviðina betur og skynsamlegar.“

Fram kom í skýrslu ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey frá árinu 2012 að offjárfesting í verslunarhúsnæði hér á landi hefði verið einn af þeim þáttum sem leitt hefðu til minni framleiðni og hærra vöruverðs borið saman við nágrannaþjóðirnar.

Viðmælendur Markaðarins taka undir þetta mat McKinsey og telja einsýnt að minnka verði verslunarrými í landinu. Einn þeirra tekur fram að meðalverslun hér á landi sé að meðaltali rúmlega helmingi stærri en á Norðurlöndunum. Er auk þess bent á að þrátt fyrir að leiguverð verslunarhúsnæðis sé enn hátt og sums staðar sé slegist um fermetrana, þá sjáist þess ákveðin merki að verðið hafi náð hámarki.

Daníel bendir þó á að þróunin í Svíþjóð hafi verið nokkuð þversagnarkennd. Þrátt fyrir að netverslun sé langt komin þar í landi sé útlit fyrir mikinn vöxt í nýju verslunarhúsnæði. „Til dæmis er ekki langt síðan opnuð var stærsta verslunarmiðstöð á Norðurlöndunum, Mall of Scandinavia, í Stokkhólmi. Þó svo að Svíar séu komnir langt á undan okkar í netverslun hefur fermetrum verslana þar lítið fækkað. En þeir hafa þá kannski verið að breyta í meiri mæli upplifuninni í verslununum.“

**Húsið mun halda áfram að þróast og er einmitt mikil vinna í gangi sem varðar þróun og framtíð Kringlureitsins. Við erum langt frá því að sitja með hendur í skauti.**

Sigurjón Örn Þórsson, framkvæmdastjóri Kringlunnar



# Fólk
Heimili

MIÐVIKUDAGUR 23. ÁGÚST 2017



„Auðveldast að læra að þekkja svokallaða pípusveppi sem eru af flokki hattsveppa," segir Ása Margrét Ásgrímsdóttir sveppaáhugakona. MYND/ARON BRINK



**Börn þurfa að fá góðan nætursvefn til að taka vel eftir í skólanum.**

heimili ➜2

# Hálfgerð fjársjóðsleit

Helsti sveppatínslutími ársins er fram undan. Fyrir byrjendur er best að læra í upphafi að þekkja fáar tegundir og bæta smátt og smátt við. Heppilegustu skilyrðin eru þegar þurrt er í veðri, nokkrum dögum eftir rigningu. Lítill hnífur og karfa er allt sem þarf. ➜2

SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA
Arctic Star




Arctic star sæbjúgnahylki innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjósk og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA, Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á www.arcticstar.is

Arctic Star sæbjúgnahylki
Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - www.arcticstar.is
Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

Framhald af forsíðu ➜

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is



Ágústmánuður og september er helsti tími sveppatínslu hér á landi þótt vissulega sé hægt að tína þá fyrr ef veður er hagstætt fyrir sveppavöxt, þ.e. ef það er hlýtt og rakt í bland, segir Ása Margrét Ásgrímsdóttir, sveppaáhugakona og höfundur bókarinnar Matsveppir í náttúru Íslands. „Þegar septembermánuður er liðinn er oftast komið frost og þá er sveppatíminn úti. Þó eru til undantekningar, bæði vaxa sumar sveppategundir snemma og aðrar sveppategundir þola frost. Mjög misjafnt getur verið milli ára hve mikið vex af sveppum hér á landi.“

### Byrja smátt

Ása segir auðveldast að læra að þekkja svokallaða pípusveppi sem eru af flokki hattsveppa. Um er að ræða hálfkúlu með staf undir miðjunni og að neðanverðu hefur hatturinn svokallað pípulag. „Pípusveppirnir eru algengustu matsveppirnir og oft vaxa þeir í miklu magni. Margar tegundir pípusveppa fylgja gjarnan ákveðnum trjátegundum sem auðveldar greiningu á þeim. Af pípusveppunum hér á landi er einungis ein tegund sem er ekki heppileg til matar, piparsveppur, en hann hefur mjög sterkt piparbragð og það getur maður auðveldlega fundið með því að bragða aðeins á honum. Síðan ef áhugi er fyrir hendi er hægt að bæta við tegundum með því að lesa sér til eða fara á námskeið.“

Hún segir heppilegast fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í sveppatínslu að læra að þekkja fáar tegundir, t.d. furusvepp, lerkisvepp, kúalubba og kóngssvepp. „Þetta eru allt pípusveppir sem frekar auðvelt er að þekkja. Best er að fara í skóglendi sem eru opin öllum með körfu og hníf. Þá er best að fara í þurru veðri eftir að rignt hefur nokkrum dögum áður. Ekki tína sveppi í plastpoka því þeir klessast meira saman þannig.



Furusveppur er bragðgóður matsveppur sem hentar vel í flesta svepparétti.

> **Ég er oft spurð hvar sveppirnir séu eiginlega og fólk vill kannski ganga að þeim vísum en málið er ekki alltaf svo einfalt. Sveppaleit getur verið líkari fjársjóðsleit og maður er aldrei öruggur um að finna sveppi í hvert sinn.**



Furusveppir, með dekkri hatthúð, og lerkisveppir saman í körfu.

Þegar sveppurinn er tekinn upp er best að taka neðarlega um stafinn snúa örlítið upp á hann og lyfta varlega upp. Sjálfsagt er að reyna að skemma ekki jarðveginn í kring og valda sem minnstu raski. Gott er að skera neðst af stafnum og skilja það eftir út í náttúrunni þar sem það rotnar.“

### Hreinsið strax

Best er að grófhreinsa sveppina strax í skóginum en ef það er ekki möguleiki er best að hreinsa þá strax og heim er komið. „Í neyð er hægt að geyma þá til næsta dags, þá helst í kæli, því þar hægir á maðkinum ef hann er til staðar og rotnunarferli sem á sér stað. Ég þurrka sveppina gjarnan og frysti einnig. Ég steiki ekki sveppina fyrir frystingu heldur set þá á þurra pönnu og læt mesta vatnið sem kemur úr þeim gufa upp. Set þá svo í hæfilegar pakkningar og frysti. Þegar ég affrysti þá til matar steiki ég þá.“

Sveppatínsla nýtur sífellt meiri vinsælda hér á landi og fleiri og fleiri prófa á hverju haust að sögn Ásu. „Ég er oft spurð hvar sveppirnir séu eiginlega og fólk vill kannski ganga að þeim vísum en málið er ekki alltaf svo einfalt. Sveppaleit getur verið líkari fjársjóðsleit og maður er aldrei öruggur um að finna sveppi í hvert sinn. Ég hef farið í ótal sveppaferðir að leita að sveppum og lítið fundið en stundum er maður heppinn og finnur fullt af þeim. Þetta er ólíkt því að tína ber sem fólk getur oft gengið að vísum.“




# Er svefninn í rugli eftir sumarfríið?

Nú er skólinn aftur að fara í gang og þá þarf að koma reglu á svefninn. Flestir fara seinna að sofa á sumrin en veturna. Þeir sem geta sofa líka lengur á morgnana í sumarfríinu.

Best er að koma reglu á hlutina strax, stilla vekjaraklukkuna og fara fyrr í rúmið. Börn þurfa að fá góðan nætursvefn til að taka vel eftir í skólanum. Of lítill svefn getur leitt til hegðunarvandamála og námsörðugleika. Í rauninni er best að laga svefninn nokkrum dögum áður en skólinn byrjar. Ekki slaka á reglunum um helgar, þá verður mánudagurinn erfiður.

Mörgum getur reynst erfitt að sofna á björtum sumarkvöldum. Dökk gluggatjöld geta bjargað því. Í könnun sem gerð var í Noregi kom fram að 27% barna og unglinga fara með snjalltæki með sér í rúmið. Talan er enn hærri hjá þeim sem eru á milli 20-30 ára. Börn ættu ekki að vera með snjalltæki í rúminu.

Það getur verið þrautin þyngri að breyta svefnmynstrinu hjá yngri krökkum. Ágætt ráð er að lesa skemmtilega bók fyrir barnið. Þá hlakkar það til að fara í rúmið og nær góðri slökun.



Börn þurfa tíu tíma svefn til að vakna úthvíld. MYND/NORDICPHOTOS

**Hér eru nokkur góð ráð til að koma reglu á svefninn.**

- Barnið á að fara í rúmið á sama tíma alla daga vikunnar.
- Gott er að setja reglu á svefntíma nokkrum dögum áður en skólinn hefst.
- Barnið ætti ekki að horfa á sjónvarp eða vera í tölvu rétt áður en það fer að sofa.
- Slík tæki ættu ekki heldur að vera í svefnherberginu.
- Blá lýsing frá tölvum eða símum getur komið í veg fyrir að barnið sofni.
- Ekki borða mikið fyrir svefninn.
- Hafa glugga opinn í herberginu, ekki of kalt og ekki of heitt.
- Börn frá sex til fimmtán ára þurfa tíu tíma svefn til að vakna úthvíld.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433




# Skoðaðu rúmin okkar áður en þú tekur ákvörðun.

JENSEN®
Designed for Sleep Comfort
www.jensen-beds.com

Skeifan 6 / Harpa / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / epal.is

epal




**Jensen rúm:**

- Hvert rúm er sérgert fyrir þig.
- 25 ára ábyrgð á gormakerfi.
- Skandinavísk hönnun.
- Norsk gæðaframleiðsla frá 1947. Áratuga reynsla.
- Gæði, ábyrgð og öryggi.
- Stillanleg rúm, Continental og boxdýnur. Yfirdýnur í úrvali.
- Stuttur afhendingartími, ótal möguleikar.
- Mikið úrval af göflum, náttborðum og yfirdýnum




* Aukahlutir gafl, náttborð og lampar eru ekki innifaldir í verði.


kronotex
FLOORS FOR LIVING
Marshall
fat jon &
styrofoam
PRIMAL
SCREAM
dance

# Fyrirtækjaþjónusta

MIÐVIKUDAGUR 23. ÁGÚST 2017

Kynningar: dk hugbúnaður, FranklinCovey, Ölgerðin



dk er nú flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði við Smáratorg 3 (Deloitte-turninn), á 15. hæð. Fyrirtækið er einnig með starfsstöð á Akureyri. MYND/EYÞÓR

# dk leiðandi í viðskiptahugbúnaði

Vaxandi fyrirtæki flytja sig yfir í dk. dk viðskiptahugbúnaðurinn er alhliða viðskipta- og upplýsingakerfi fyrir allar stærðir fyrirtækja, þróaður á Íslandi fyrir íslenskar aðstæður og í notkun hjá yfir 6.000 fyrirtækjum. →2



Starfsemi dk hefur farið ört vaxandi undanfarin ár og nú vinna 58 starfsmenn hjá fyrirtækinu, allt sérfræðingar á sínu sviði. Í Reykjavík starfa 52 og sex á Akureyri. MYND/EYÞÓR

**Framhald af forsíðu**

Fyrirtækið dk hugbúnaður er leiðandi á sviði viðskiptahugbúnaðar hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja. Starfsemin hefur farið ört vaxandi undanfarin ár og í dag vinna 58 starfsmenn hjá fyrirtækinu, þar af eru sextán í þróunardeildinni, níu í hýsingardeildinni og 26 í almennri þjónustu. dk er nú flutt í nýtt og glæsilegt húsnæði við Smáratorg 3 (Deloitte-turninn), á 15. hæð.

## Sveigjanleiki dk

„Takmarkaðir notkunarmöguleikar eru veikleiki margra bókhaldskerfa á íslenska markaðnum og oft er ekki hægt að laga hugbúnaðinn að sérþörfum fyrirtækja. Við hjá dk höfum þróað fjölda sérlausna fyrir íslenskan og erlendan markað, svo sem almenn þjónustufyrirtæki, verslanir og veitingahús, hótel og gististaði, stéttarfélög, sveitarfélög, endurskoðunar- og bókhaldsþjónustu, útgerðir og fiskvinnslur og framleiðslufyrirtæki," segir Dagbjartur Pálsson, en hann er framkvæmdastjóri dk hugbúnaðar, ásamt bróður sínum, Magnúsi Pálssyni.

## Félagasamtök

dk þjónustar á annað hundrað félagasamtök af öllum stærðum og gerðum. Hjá stærstu félögunum eru hátt í 80 þúsund félagsmenn á skrá og færslurnar vel yfir tíu milljónir.

„Okkar lausnir fyrir stéttarfélög eru eftirfarandi: Allt fyrir bókhaldið, laun og viðskiptamenn, launagreiðendur og lánardrottna. Þessar lausnir innihalda til dæmis greiningar og skýrslur, ársreikninga, sundurliðun ársreiknings og sjóðstreymi. Í viðbót höfum við félagakerfi fyrir félagatalið, sjóðakerfi til að halda utan um sjóðina og skilagreinar og greiðslur í þá og styrkjakerfi fyrir útgreiðslur á styrkjum úr sjóðum og ýmsar tengingar, svo sem við vefsíðu fyrir umsóknir á styrkjum og „mínar síður".

## Hótel og gististaðir

„Einnig má nefna lausnirnar okkar fyrir hótel og gististaði. Fyrir minni hótel og gististaði bjóðum við dk bókunarkerfið og fyrir miðlungs og stærri hótel og gististaði erum við með Roomer PMS sem er snjallt, þægilegt og öflugt hótelstjórnunarkerfi (PMS). Með kerfinu fylgir fjöldi tóla og tækja sem hjálpa hótelum að hámarka tekjur og nýtingu yfir allt árið, meðal annars bókunarhnappur og markaðstorg (channel manager) með öllum stærstu bókunarrásunum," segir Dagbjartur.

## Öflug stjórnendaverkfæri (viðskiptagreind)

Einn helsti kostur dk viðskiptahugbúnaðarins eru öflug greiningartól og stjórnendaverkfæri. Greiningarvinnslurnar í dk byggja á rauntímagögnum og sýna því stöðuna eins og hún er hverju sinni. Með stjórnendaverkfærum er mjög auðvelt að fylgjast með „stóru myndinni" og bora sig niður eftir upplýsingum eftir því sem þörf er á. dk býður upp á mismunandi sýn á gögnin sem svipar til svo kallaðra

> **Fyrirtækið dk hugbúnaður er leiðandi á sviði viðskiptahugbúnaðar hér á landi fyrir allar stærðir og gerðir fyrirtækja.**

OLAP teninga. Þannig er hægt að skoða gögnin út frá mismunandi hliðum og skilgreina eigin sýn á þau. „Í sölukerfinu er hægt að skoða sömu sölugögn út frá tímabilum, viðskiptavinum, flokkum viðskiptavina, svæðum, vörum, vöruflokkum, sölumönnum eða deildum. Kosturinn við að hafa þetta innbyggt er að ekki er þörf á neinum hliðarkerfum fyrir þessa sýn og ekki þarf að passa upp á neinar tengingar milli kerfa," segir Dagbjartur.

## Nútíma greiðslulausnir

Hafsteinn Róbertsson, kerfisfræðingur og sérfræðingur í afgreiðslukerfum hjá dk, segir þjónustu við afgreiðslukerfi sífellt verða stærri hluta af starfsemi dk hugbúnaðar. Nú er hægt að setja afgreiðslukerfi í snjallsíma og spjaldtölvur sem býður upp á mikil þægindi og tækifæri fyrir viðskiptavini. „Mikil þróun hefur verið undanfarið í afgreiðslukerfinu hjá okkur og má helst nefna vildarkerfi og tengingu við alla nýju app-greiðslumiðlana eins og Netgíró, Pei, Aur, Síminn-Pay og posa frá Dalpay," segir Hafsteinn.

## dk iPOS afgreiðslukerfið

Hafsteinn segir markaðinn hafa kallað eftir snjalltækjalausnum og hafi dk hugbúnaður svarað því kalli. „dk POS pantanaappið fyrir iPad hefur notið mikilla vinsælda hjá veitingastöðum síðan það kom út fyrir þremur árum.

Nú hefur dk tekið þá lausn lengra og gert að fullgildu afgreiðslukerfi sem við köllum afgreiðslukerfi dk iPOS. Með því er hægt að vera með afgreiðslukassann bókstaflega í vasanum því hægt er að vera með kerfið bæði í iPhone-símum eða iPad-spjaldtölvum. Við þessi tæki er síðan hægt að tengja jaðarbúnað á borð við þráðlausa prentara og greiðsluposa frá Dalpay."

Öll sala í dk iPOS afgreiðslukerfinu og samskipti við dk-bókhaldskerfið fer fram í gegnum skýjaþjónustu, dk vistun. Umsýsla birgða er leikur einn og salan bókast sjálfkrafa í dk fjárhagsbókhaldi. „Einfaldara verður það ekki fyrir viðskiptavini okkar," segir Hafsteinn.

## Örugg hýsing gagna hjá dk

Brynjar Hermannsson, tölvunarfræðingur og deildarstjóri hýsingar hjá dk, segir hýsingarumhverfið hjá dk þróað í kringum viðskiptavini sem nota dk viðskiptahugbúnaðinn. Algengt sé að fyrirtæki séu með alhýsingu hjá dk og geti þá einbeitt sér að kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

## Fyrir hverja er skýið?

„Fyrirtæki af ýmsum toga og öllum stærðum nýta skýjaþjónustu hjá dk," segir Brynjar. „Allt frá einstaklingum með verktakaþjónustu og upp í stærstu fyrirtækin sem eru með tugi notenda. Hægt er að velja um mismunandi þjónustu. Kerfisleið I er einfaldasti pakkinn, þá hefur viðskiptavinurinn aðgang inn í skýið okkar og dk kerfið, sem hann annaðhvort á eða leigir af okkur. Við tryggjum að öll leyfi séu í lagi og uppfærum kerfin þegar þarf. Í Kerfisleið II fær viðskiptavinurinn þar að auki aðgang að Word og Excel, tölvupósti og fleiru. Stærstu fyrirtækin eru að hýsa aðra hluti, ýmiss konar sérlausnir sem þá eru gerðir sérsamningar um," segir Brynjar.

## Nýjungar í dk

„Á næstu vikum og mánuðum munum við kynna fleiri lausnir í dk í fyrir vefinn og snjalltækin," segir Dagbjartur. „Við erum að tala um lausn sem gerir notendum kleift að vinna með sölureikninga, pantanir og tilboð í gegnum spjaldtölvu, snjallsíma og vefinn. Við erum einnig að tala um lausn sem gerir notendum kleift að skrá inn í verkbókhaldið, stofna viðskiptavini og vörur og við erum að tala um öflugt stjórnborð fyrir úrvinnslu gagna og miðlun verðmætra upplýsinga til notenda. Notandinn getur auðveldlega breytt sinni sýn, vistað og veitt öðrum aðgang. Viðmótið er einfalt í notkun og hraðvirkt."

Nánari upplýsingar má finna á www.dk.is.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is

# SKRIFSTOFUHÚSGÖGN





## GLÆSILEGT ÚRVAL OG FRÁBÆRT VERÐ







## ALHLIÐA LAUSNIR



SYRUSSON

**Syrusson Hönnunarhús**

Síðumúla 33 | sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is

# Traust er undirstaða árangurs

**FranklinCovey er alþjóðlegt þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í bættri frammistöðu fólks um allan heim. Fyrirtækið býður meðal annars upp á þjálfunina Virði trausts, sem hjálpar vinnustöðum að koma á áhrifaríkum teymum sem eru lipur, skapandi, einbeitt og starfa vel saman.**

Traust er undirstaða alls árangurs en oft þykir það svo sjálfsagt að við áttum okkur ekki á verðmæti þess fyrr en það er farið,“ segir Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri FranklinCovey á Íslandi, og vitnar þar í bandaríska auðkýfinginn Warren Buffett. Hún bendir á að rannsóknir sýni að geta leiðtoga til að skapa og viðhalda trausti sé einn mikilvægasti færniþátturinn sem þurfi á vinnustöðum á þekkingaröld. Þá bendi enn fleiri rannsóknir til þess að hópar og vinnustaðir sem starfa á grundvelli mikils trausts nái mun betri árangri en hópar og vinnustaðir með lítið traust.

„Slæmu fréttirnar eru að íslenskar rannsóknir sýna að traust á íslenskum vinnustöðum, opinberum eða í einkageiranum, fer minnkandi. Þetta hefur ekki aðeins áhrif á ímynd og ásýnd fyrirtækjanna heldur hægir á öllum ferlum, mistök eiga sér stað, samskipti verða óþjálli, kostnaður keyrist upp og mikil verðmæti tapast,“ lýsir Guðrún en bætir við að góðu fréttirnar séu að traust megi sannarlega ávinna sér að nýju og stöðugt efla.

### Þjálfun í að auka traust

FranklinCovey býður upp á þjálfunina Virði trausts sem hefur fengið frábærar viðtökur. „Traust er viðfangsefni sem brennur á mjög mörgum en fáir vita hvað er hægt að gera til að ávinna sér það. Þar komum við við sögu. Með þjálfun getum við breytt hegðun fólks með varanlegum hætti til að allir njóti góðs af, bæði einstaklingurinn, teymin, stjórnendur og samfélagið,“ segir Guðrún.

Þjálfunin hefur skilað ótrúlegum árangri að sögn Guðrúnar en henni hefur verið beitt í fjölmörgum fyrirtækjum um allan heim sem FranklinCovey starfar með. „Til dæmis er traust grunnurinn að menningu margra erlendra stórfyrirtækja sem við störfum með,“ segir Guðrún og nefnir LEGO og ýmsa stóra banka sem dæmi.

### Fimm meginþættir

Guðrún segir að horft sé til fimm þátta. „Sá fyrsti er sjálfstraust. Það er hvort starfsmaður hafi þá faglegu þekkingu, færni og karakter sem þarf til að klára þau verk sem hann tekur að sér. Annar þátturinn er traust milli einstaklinga enda ljóst að fólki gengur betur að vinna saman þegar traust ríkir. Ef vantraust ríkir milli einstaklinga taka hlutirnir mun meiri tíma. Þriðji þátturinn er traust á milli deilda. Við vinnum mikið með þetta á Íslandi þar sem traust milli deilda á einstökum vinnustöðum er oft vandmeðfarið. Fjórði þátturinn er traust vinnustaðar á markaði. Við sjáum í okkar rannsóknum að nokkrar íslenskar stofnanir á borð við lögregluna og háskólana skora mjög hátt á listum yfir traust almennings. Hins vegar er minna traust til staðar þegar spurt er innanhúss. Fimmti þátturinn er traust í samfélaginu.“



Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri FranklinCovey, segir að traust sé eitt af undirstöðuatriðum í árangri fyrirtækja og stofnana. MYND/ANTON BRINK

En hvernig fer þjálfunin fram? „Þjálfunin fer fram annaðhvort með ráðgjöfum FranklinCovey á Íslandi eða innri þjálfurum viðkomandi vinnustaðar sem við vottum í þessari nálgun. Við byrjum á 360° rafrænu mati þar sem fólk fær svipmynd af eigin styrkleikum og tækifærum til umbóta. Síðan vinnum við með hópum á öflugum gagnvirkum vinnustofum með það hvernig má bæta traust með breyttum viðhorfum og hegðun á öllum fimm sviðum. Um er að ræða safn af hagnýtum leiðum til að efla traust t.d. með því að tala hreint út, að leiðrétta, að biðjast afsökunar og sýna virðingu. Síðan horfum við á vinnustaðinn í heild, skráum tQ vísitölu (TrustQuotientTM) og vöktum framvindu.“

Guðrún segir árangurinn af þessari þjálfun afar mikinn enda sé nálgunin einföld og skýr en áhrifamikil. „Við teljum að samkeppnisforskot fyrirtækja byggist á árangursríkri vinnustaðamenningu sem aftur grundvallast á trausti.“

### Fólkið á bak við tjöldin

FranklinCovey er alþjóðlegt fyrirtæki sem hefur starfað á Íslandi í sex ár og hefur vöxtur þess verið mjög mikill síðustu ár – bæði hér heima og erlendis. Íslenskir ráðgjafar FranklinCovey er oft fólkið á bak við tjöldin í stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins auk þess sem þeir eru eftirsóttir víða erlendis.

Nánari upplýsingar á www.franklincovey.is og info@franklincovey.is

FranklinCovey – ÞITT FORSKOT TIL FRAMTÍÐAR

# Draumar settir í réttan farveg

**Íslendingar eru Bjartur í Sumarhúsum og ganga öðrum þjóðum fremur með fyrirtæki í maganum. En hvernig hefst maður handa við stofnun fyrirtækis? Nýsköpunarmiðstöð Íslands réttir fram hjálparhönd; hvort sem það er með leiðsögn, styrkjum, aðstöðu á frumkvöðlasetri eða námskeiðum.**

**Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**
thordisg@365.is



Starfsfólk Nýsköpunarmiðstöðvar leiðbeinir fólki í fyrstu skrefunum; hvort sem það vill hefja hefðbundinn atvinnurekstur í þekktri starfsemi, stuðla að nýsköpun eða útfæra frumlega uppfinningu,“ upplýsir Hannes Ottósson, verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem er heppilegur fyrsti viðkomustaður þeirra sem vilja útfæra viðskiptahugmynd, stofna fyrirtæki eða hefja rekstur.

„Hingað eru allir velkomnir og kostar ekki krónu; vel er tekið á móti öllum sem til okkar leita og við reynum af fremsta megni að hjálpa þeim áfram,“ segir Hannes.

Á hverju ári leita þúsundir einstaklinga til Nýsköpunarmiðstöðvar.

„Við veitum leiðsögn í því sem mörgum þykir flókið ferli í sambandi við styrki og stuðning úr ýmsum áttum. Margir sem leita til okkar hafa fengið hugmynd skömmu áður og förum við í gegnum hugmyndir með fólki og reynum að setja upp áætlun eða áfanga á ferli sem fólk fylgir eftir. Við bendum á mikilvæga þætti í stofnun fyrirtækja, eins og að vera með teymi í kringum sig, leita eftir peningum eða öðrum björgum, og setja upp verkáætlanir og einfaldar viðskiptaáætlanir í byrjun.“

Í mörg horn sé að líta fyrir þá sem ekki eru vanir að stofna fyrirtæki.

„Einfaldari hliðin á málinu eru praktískir hlutir eins og stofnun fyrirtækis, bókhald, leyfi og eftirlit, en að þróa hugmynd yfir í viðskiptahugmynd sem hefur sérstöðu og uppfyllir þarfir viss markhóps, ásamt því að skapa verðmæti, tekur lengri tíma. Þá hjálpum við fólki einnig að komast í samband með áherslu á Evrópusamstarf og að finna samstarfsaðila í útlöndum.“

### Klæðskerasniðin þjónusta

Nýsköpunarmiðstöð Íslands er undirstofnun atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Rekin á beinum fjárlögum en ekki síður Evrópustyrkjum.

„Með rekstri Nýsköpunarmiðstöðvar hefur ríkið fólk til að stofna fyrirtæki og láta drauma sína rætast. Sýnt hefur verið fram á að það skilar sér margfalt til baka og er góð fjárfesting fyrir ríkið og samfélagið. Ekki bara í hagvexti mælt, heldur líka í hamingju, því okkur helst betur á fólki ef vinnuumhverfi er spennandi og fólki líður vel á vinnustað og í vinnutíma,“ segir Hannes.

Á persónulegum nótum sé ánægjulegt að sjá hversu mikið af verkefnum sem Nýsköpunarmiðstöðin hafi komið að gangi vel.

„Við hvetjum fólk í þessum hugleiðingum til að leita til okkar. Málin eru jafn misjöfn og þau eru mörg en við reynum að klæðskerasauma þjónustuna eftir þörfum hvers og eins. Það er nefnilega ekki síst hvatningin sjálf sem hjálpar fólki að setja sig í stellingar; að ræða í gegnum hugmyndina og fá álit og stuðning fagaðila. Stundum sýnist verkefnið óyfirstíganlegt en þá hjálpum við að brjóta það niður í ramma sem hægt er að vinna með.“



Hannes Ottósson er verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, þar sem hægt er að fá nauðsynlega leiðsögn um stofnun fyrirtækja. MYND/ANTON BRINK

Að sögn Hannesar hafa flestöll sprotafyrirtæki, sem nú eru að gera góða hluti, nýtt sér einn eða alla hluta þeirrar þjónustu og leiðsagnar sem þeim býðst. Ný nýsköpunarlög tóku gildi í fyrra, þar sem ýmislegt létti undir pyngju nýsköpunar- og sprotafyrirtækja.

„Það virðist þó alltof algengt að fyrirtæki nýti sér ekki þær ívilnanir eða styrki sem bjóðast. Fjölmargir aðilar veita styrki og stuðning, eins og Rannís sem veitt getur tugi milljóna í styrk yfir nokkurra ára tímabil, og hafa slíkir styrkir og stuðningur verið ómetanlegir mörgum sprotafyrirtækjum sem nú eru orðin stór. Þá er ónefnd skattaívilnun fyrir fyrirtæki með mikinn kostnað í rannsóknum og þróunarstarfsemi, sem geta fengið allt að 20 prósent til baka, og afslátt af tekjuskatti í þrjú ár sé ráðinn sérfræðingur að utan, sem reynst hefur erfitt hjá fyrirtækjum í nýsköpun og tækni.“

Hannes segir að nú sé góður tími til að stofna fyrirtæki á Íslandi.

„Flestir eru sammála um að losnað hafi um bjargir eftir bankakrísuna og að nú sé tilvalinn tími til að stofna fyrirtæki. Fjármálaumhverfið hefur tekið út mikinn þroska og fjárfestar koma nú sterkar inn, eins og við sjáum í fjölda sjóða í gegnum lífeyrissjóði og aðra sem fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Betri aðgangur að eftirsóknarverðu fólki og peningum hefur hjálpað sprotafyrirtækjum á árunum eftir hrun og að undanförnu hefur verið unnið að ýmsu í lagaumgjörðinni sem skapar umhverfi sem vonandi hvetur alþjóðleg fyrirtæki til að koma hingað og nýta sér þá kosti sem Ísland hefur.“

### Og Íslendingar eiga sér sannarlega stóra fyrirtækjadrauma

„Því má vel halda fram að Íslendingar séu öðrum þjóðum duglegri að hafa uppi plön um að stofna fyrirtæki. Hvort hægt sé að rekja það aftur til menningarlegs uppruna og Bjarts í Sumarhúsum er ósvarað, en það er mín reynsla við kennslu og leiðsögn við Nýsköpunarmiðstöðina, og hægt að benda á í niðurstöðum rannsókna.“

Nánari upplýsingar á nmi.is, þar sem finna má verkfærakistu frumkvöðulsins, panta leiðsögn, námskeið og aðra þjónustu.




# LEIGA Á SÍMKERFI - ÓTRÚLEGA EINFALT

## Heildarlausn fyrir þitt fyrirtæki

Þú lækkar símakostnað verulega með því að leigja símkerfi hjá okkur og láta okkur fara yfir síma- og fjarskiptamál fyrirtækisins - **Hentar öllum stærðum fyrirtækja.**

3CX

- Lægri símtalskostnaður
- Hægt að tengjast kerfi óháð staðsetningu
- Hægt að nota í farsíma
- Yfirsýn yfir símsvörun fyrirtækisins
- Öflugt skýrslukerfi
- Hjálparsvörun og þrepaval
- Hægt að taka upp öll símtöl
- Samtenging við Outlook, G-mail o.fl.
- Hóteleining

### UMSAGNIR ÁNÆGÐRA VIÐSKIPTAVINA

Í yfir 20 ár hefur Boðleið séð okkur fyrir símkerfisþjónustu með einstakri prýði. 3CX hefur opnað fyrir okkur möguleikann til að starfa og hafa númer í nær hvaða landi sem er. Starfsmenn geta verið í innanhús símasambandi hvar sem er í heiminum á nær hvaða mobile tæki sem er, sem hefur minnkað símkostnað innanlands og til útlanda til muna. Einnig höfum við geta boðið viðskiptavinum og samstarfsaðilum mun lægri kostnað á innhringingum. Kerfið hefur tekið miklum framförum frá því við tókum það í gagnið og virðast þeir skilja vel að til þess að komast á toppinn þarf að hlusta vel á viðskiptavini og endursöluaðila. Allar leiðbeiningar fyrir notkun og stýringu á kerfinu er frítt og hægt að nálgast á vefnum þeirra. Umsjón með kerfinu, dreifing á clientum, uppsetning og varakerfi er loksins á færi kerfisstjóra fyrirtækja en ekki í höndum fárra sérfræðinga og kostnaðurinn á kerfinu er ótrúlega lítill miða við virkni þess. Starfsmenn Boðleiðar hafa sýnt fram á gríðalega þekkingu á kerfinu og hafa alltaf verið til staðar þegar þörf hefur verið á.
**3CX er tær snilld.**

Sveinn Kristinsson
Netstjóri / Network administrator
VALITOR

**Pantaðu fund
með ráðgjafa og sjáðu
hvað þitt fyrirtæki sparar
Sími: 535 5200**

Boðleið

BOÐLEIÐ ÞJÓNUSTA EHF. | AKRALIND 8 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI 535 5200 | BODLEID@BODLEID.IS | WWW.BODLEID.IS

# Kulnun er andleg örmögnun

Kulnun í starfi getur haft alvarlegar afleiðingar. Fyrirbyggjandi aðgerðir eru því nauðsynlegar að sögn Jóhanns Friðriks Friðrikssonar lýðheilsufræðings.



Kulnun í starfi getur haft alvarlegar afleiðingar.

Allir geta lent í kulnun í starfi sem bæði hefur mikil áhrif á starfsmanninn sem fyrir því verður og svo vinnustaðinn sjálfan. Kulnun í starfi er oftast streitutengdur endapunktur hjá fólki. Eitt aðaleinkennið er andleg örmögnun. Fólk mætir til starfa en hefur ekki orku til að sinna vinnunni, það finnur fyrir depurð, aðgerðarleysi, veikist oftar og er í raun komið á endastöð. Verstu dæmin geta leitt til langvarandi veikinda og því brýnt að starfsfólk fái viðeigandi aðstoð. Ýmsar leiðir geta gagnast starfsmönnum sem upplifa kulnun og má þar nefna breytt vinnuskipulag eða jafnvel skert starfshlutfall. Í alvarlegum tilfellum hefur kulnun orðið til þess að fólk þarf einfaldlega að skipta um vinnu,“ segir Jóhann Friðrik Friðriksson, lýðheilsufræðingur og fagstjóri sálfélagslegra þátta hjá Vinnueftirlitinu.

Munurinn á streitu og kulnun er yfirleitt sá að líkamleg einkenni á borð við vöðvaverki koma fram við streitu en kulnun er tilfinningalegri, að sögn Jóhanns. „Ýmsir streituvaldar geta verið í vinnuumhverfinu, eins og langur og óreglulegur vinnutími, mikið álag, skortur á sjálfstjórn og lítill stuðningur á vinnustað.“

## Kulnun gríðarlega alvarleg

Kulnun í starfi getur verið gríðarlega alvarleg og leitt af sér langvarandi vandamál fyrir bæði starfsmann og vinnustað. „Samfélagið þarf að átta sig á að vinnustaðurinn ber ábyrgð á andlegri og líkamlegri heilsu starfsmanna sinna. Við hjá Vinnueftirlitinu reynum því að einblína á fyrirbyggjandi aðgerðir og þá helst hvað vinnustaðurinn getur gert til að bæta vinnuumhverfi starfsmanna. Hægt er að nálgast vinnuumhverfisvísa á heimasíðunni okkar vinnueftirlit.is sem gagnast við gerð áhættumats fyrir andlegt og félagslegt vinnuumhverfi. Tryggja þarf heilsusamlegt vinnuumhverfi og innleiða áætlun um að draga úr streitu og meta síðan árangurinn. Starfsmenn, stjórnendur og allir sem að vinnustaðnum koma þurfa að vera meðvitaðir um að markmiðið sé að draga úr álagi og streitu. Þetta er í grunninn það sem nýtist best við að koma í veg fyrir langvarandi streitu sem getur endað með kulnun,“ upplýsir Jóhann.

## Frí á að vera frí

Í nútímasamfélagi eru margir með vinnupóstinn í símanum og þótt fólk sé í fríi fylgist það vel með því hvað er að gerast í vinnunni, t.d. á samfélagsmiðlum. „Við hjá Vinnueftirlitinu höfum áhyggjur af því að það sé almennt aukið stress í samfélaginu og að kulnun í starfi sé ein birtingarmynd þess. Þess vegna viljum við að fólk sé upplýst um þessa hættu og viti hvaða áhrif streita og langvarandi álag getur haft á heilsuna áður en skaðinn er skeður. Nú til dags eru margir alltaf í vinnunni þótt þeir séu raunverulega skráðir í fríi. Mikilvægt er að fólk átti sig á að frí er til þess að vera í fríi. Annars er það tilgangslaust. Fólk þarf að kúpla sig frá vinnunni þegar það kemur heim að loknum vinnudegi. Um þessar mundir eru margir að koma úr sumarfríum og sjá að þeir hafa verið að vinna allt fríið og koma því lúnir til baka. Engum er gerður greiði með þessu, hvorki starfsmanni né vinnustað.“



„Mikilvægt er að fólk átti sig á að frí er til þess að vera í fríi. Annars er það tilgangslaust. Fólk þarf að kúpla sig frá vinnunni þegar það kemur heim að loknum vinnudegi,“ segir Jóhann.

En er einhver starfstétt í meiri áhættu en önnur? „Það hefur ekki verið kannað nógu vel hérlendis en samkvæmt erlendum rannsóknum er fólk í umönnunarstörfum í meiri áhættu en aðrir. Einnig virðast kennarar og þeir sem sinna fræðslu vera í áhættuhópi. Kulnun er eitthvað sem þarf að rannsaka betur og mikilvægt er að allir séu á varðbergi gagnvart helstu einkennum hennar.“

Þeir sem kulna í starfi eru mislengi að jafna sig og ná góðri heilsu á ný og segir Jóhann það mjög einstaklingsbundið. „Þar er engin þumalputtaregla og engar rannsóknir liggja fyrir um það hvort ein leið sé endilega betri en önnur. Vinnustaðir, stéttarfélög og aðrir hagsmunaaðilar þurfa að vinna að forvörnum á þessu sviði því allir eiga þann rétt að koma heilir heim að loknum vinnudegi, bæði á sál og líkama, það er allra hagur,“ segir Jóhann að lokum.





Bókhaldskerfi í áskrift

Microsoft Dynamics NAV er eitt mest selda bókhaldskerfi landsins og fæst í mánaðarlegri áskrift.

Þú færð fullbúna viðskiptalausn með sérkerfum frá Wise á navaskrift.is

kr. 9.900 pr. mán. án vsk.

Bjóðum einnig Office 365 í áskrift.

Office 365

wise

Wise lausnir ehf. » Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is

# Klæðskerasniðinn kaffibolli

**Promesso kaffivélin frá Ölgerðinni er einstaklega falleg og einföld í notkun. Hægt er að velja milli fjölda kaffidrykkja, stýra styrkleika betur og magni í hverjum bolla. Vélin notar dökkristaðar 100% Arabica baunir og er kaffið malað með aðferðum sem tryggja að bragðgæði skili sér í hvern bolla.**

Nýja kaffivélin frá Ölgerðinni hefur heldur betur slegið í gegn á vinnustöðum landsins enda einstaklega falleg, einföld í notkun og býður upp á helstu tegundir vinsælla kaffidrykkja sem landsmenn eru flestir farnir að þekkja vel. Kaffivélin sem um ræðir heitir Promesso og segir Valdís María Einarsdóttir, vörumerkjastjóri hjá fyrirtækjaþjónustu Ölgerðarinnar, að nú geti hver og einn klæðskerasniðið kaffibollann sinn að eigin smekk. „Promesso kaffivélin er einstaklega auðveld í notkun, t.d. við að velja styrkleika og magn í hvern bolla. Þannig er hægt að velja milli kaffitegunda á borð við espresso og tvöfaldan espresso, ristretto, cappuccino, macchiato, kaffi með mjólk, latté, latté macchiato og lungo sem er venjulegt kaffi. Einnig er hægt að velja heita mjólk og heitt vatn fyrir þá sem vilja te. Síðan er hægt að breyta um styrkleika á öllum drykkjunum, t.d. magni af kaffi og mjólk innan hverrar uppskriftar.“

## Gæða kaffiblanda

Valdís segir að undanfarin ár hafi færst í vöxt að selja ýmsar neytendavörur með persónulegum stíl. „Hvers vegna ættum við ekki að geta þá líka boðið upp á persónulegan kaffibolla? Það er hægt að kaupa skó með eigin nafni á, hægt að hanna eigin sófa og svo mætti lengi telja. Með Promesso kaffivélinni er auðvelt að gera eigin kaffibolla, t.d. cappuccino með eins mikilli mjólk og þú vilt á mjög einfaldan máta. Það er meira að segja hægt að stilla vélina þannig að hægt sé að setja þar inn kaffibolla hvers og eins starfsmanns undir nafni hans.“

Promesso notar nýja gæða kaffiblöndu að sögn Valdísar. „Við notum dökkristaðar 100% Arabica baunir. Kaffið er malað og lagað með aðferðum sem tryggja að bragðgæði skili sér óskert í hvern bolla. Promesso kaffið er pakkað með sérstakri aðferð sem tryggir að það helst jafn ferskt alla leið í bollann og er án allra aukaefna.“

## Einföld þrif

Ólíkt flestum öðrum kaffivélum á markaðinum með mjólkurtengda drykki þá tekur mun styttri tíma og færri skipti að þrífa Promesso vélina. „Hversu oft hefur einhver komið að kaffivélinni í fyrirtækinu sínu og langað í kaffi með mjólk en vélin er stopp vegna þess að hún er að biðja um þrif. Það er nauðsynlegt að þrífa kaffivélar, sérstaklega þegar um ferska mjólk er að ræða. En þessi vél þarf svo einföld og fljótleg þrif að það ætti ekki að stoppa neinn.“

Það er enginn sem býður upp á slíkar vélar hér á landi nema Ölgerðin að sögn Valdísar. „Við hjá fyrirtækjaþjónustu Ölgerðarinnar viljum endilega bjóða sem flestum fyrirtækjum, stórum og smáum, að hafa samband við okkur og kíkja í heimsókn til þess að skoða hvað við höfum upp á að bjóða.“

Ásamt Promesso kaffivélinni býður Ölgerðin upp á ýmsar aðrar lausnir fyrir kaffiþyrsta starfsmenn auk fleiri skemmtilegra lausna á borð við vatnsvélar, djúsvélar, sjálfsala og fleira.

Nánari upplýsingar má finna á www.olgerdin.is. Promesso



„Promesso kaffivélin er einstaklega auðveld í notkun, t.d. við að velja styrkleika og magn í hvern bolla,“ segir Valdís María Einarsdóttir, vörumerkjastjóri hjá fyrirtækjaþjónustu Ölgerðarinnar. MYND/EYÞÓR




Promesso kaffivélin er fallega hönnuð og sómir sér vel á öllum vinnustöðum.

# Núvitund hefur góð áhrif

Starfsmenn sem upplifa jákvæða núvitund í vinnunni þrífast vel í starfi. Góður stjórnandi er þess vegna afar mikilvægur. Gerðar hafa verið ýmsar rannsóknir á mindfulness undanfarin ár. Mindfulness hefur verið nefnt núvitund eða jákvæð sálfræði á Íslandi. Mindfulness er sótt í búddisma og er ákveðin hugleiðsla. Rannsóknir benda til að mindfulness geti bætt heilsu fólks og þar með árangur og frammistöðu í starfi. Það ætti því að vera jákvætt fyrir stjórnendur fyrirtækja að fólk læri að tileinka sér að vera í núinu eins og felst í mindfulness. Með núvitund er fólk í grundvallaratriðum meðvitaðra um hvað er að gerast hér og nú frekar en að staldra sífellt við í fortíðinni eða hugsa um hvað getur orðið í framtíðinni.

Samkvæmt rannsókn sem gerð var í fimmtán norrænum sveitarfélögum hefur jákvæð sálfræði mjög góð áhrif á starfsanda í fyrirtækjum. Niðurstöður benda til að starfsmenn sem segjast hafa jákvæða reynslu úr vinnuumhverfi og fá að vinna sjálfstætt auk þess sem þeim sé treyst fyrir verkefnum nái mun meiri árangri og séu ánægðari í vinnunni en þeir sem sífellt dvelja í fortíðinni. Mikilvægt er fyrir stjórnendur að starfsmenn fái að njóta sín í starfi og sé treyst fyrir erfiðum verkefnum. Þá er sömuleiðis mikilvægt að stjórnendur séu jákvæðir gagnvart frumkvæði starfsmanna og séu tilbúnir að deila þekkingu sem stuðlar að hæfni þeirra og sjálfstæði. Mindfulness getur líka komið að góðum notum í skólastofum.



Fólki líður betur í vinnunni ef það hugsar jákvætt og lifir í núinu.



## Ilmandi hamingjuvaldur

Til að uppskera einskæra vinnugleði og hamingju í upphafi nýs vinnudags er óbrigðult ráð að koma færandi hendi með ilmandi, mjúka kanilsnúða með morgunkaffinu. Hægt er að baka þá kvöldinu áður eða vakna dálítið fyrr til að gleðja mannskapinn og hækka hamingjustuðulinn enn frekar.

**850 g hveiti**
**100 g sykur**
**150 g smjör**
**5 dl volg mjólk**
**1 tsk. salt**
**50 g pressuger eða 5 tsk. þurrger**

Setjið volga mjólk í hrærivélarskál og út í hana teskeið sykurs og gerið. Vigtið þurrefnin og bræðið smjörið. Bætið út í þegar gerið er byrjað að freyða í skálinni. Hnoðið deigið og látið lyfta sér í 40-60 mínútur. Fletjið út, penslið með bræddu smjöri og stráið vel af kanilsykri yfir. Rúllið upp deiginu, skerið í sneiðar og bakið á plötu við 200°C í um 10 mínútur.



Föstudagskaffið á vinnustaðnum verður enn skemmtilegra með örlítilli viðhöfn.

## Staðalbúnaður til tilbreytingar

Á vinnustað gefst oft tilefni til að brjóta upp hversdaginn og gera sér glaðan dag. Einhver á afmæli, starfsmenn byrja eða hætta, fyrirtækið eða deildin náði árangri eða markmiði, það er öskudagur, konudagur, bóndadagur eða bara föstudagur.

Við þessi tilefni þarf oft eldhúsbúnað sem annars er ekki í notkun þegar einu þarfirnar eru kaffi og te. Það er því þjóðráð að búa kaffistöðina á hverri hæð fyrirtækisins út með sparibúnaði sem er tekinn fram við þessi sérstöku tilefni. Í honum eru servíettur, kökuhnífur eða spaði, nokkrir hnífar og skeiðar, kökudiskar, mögulega fallegar servíettur, jafnvel falleg skál og kanna fyrir drykki. Þá má fyrirtækið líka eiga nokkur glös á fæti og almennilega kaffibolla fyrir þau tilefni sem kalla á slíkt. Mun skemmtilegra er að slá upp veislu ef falleg og nothæf áhöld og annar búnaður eru innan seilingar.






RISA
ÚTSALA
GERÐU EIN BESTU
KAUP ÁRSINS!
Á HÖRKU PLANKA HARÐPARKETI
30-60%
AFSLÁTTUR
VERÐ FRÁ 1.290 kr. m²
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is



Frábærar kjötbollur.

## Heimagerðar lambakjötbollur

Lambakjötbollur eru virkilega góðar með spagettíi og tómatpastasósu. Krökkum þykir það mjög góður matur og upplagt að bjóða þeim upp á svona rétt þegar skólinn er hafinn. Réttinn er einfalt að gera en það er hvorki hveiti eða egg í bollunum. Uppskriftin miðast við fjóra.

**400 g lambahakk**
**1 ½ tsk. salt**
**½ laukur, smátt skorinn**
**¼ tsk. pipar**
**½ tsk. cayenne-pipar**
**½ tsk. engiferduft**
**¼ tsk. rifin múskathneta**
**2 msk. kartöflumjöl**
**1 ½ dl vatn eða mjólk**
**2 msk. olía og smjör til steikingar**

Setjið hakkið og saltið í skál og hnoðið vel saman með höndunum. Skerið laukinn mjög fínt og blandið saman við hakkið ásamt kryddi og kartöflumjöli. Því næst fer kalt vatn eða mjólk þar til hakkið verður mjúkt og fínt. Mótið litlar bollur og leggið þær á bökunarpappír. Hitið olíu og smjör á pönnu og steikið bollurnar á öllum hliðum. Lækkið hitann og hafið þær á meðalhita í 8 til10 mínútur. Berið fram með spagettíi og tómatpastasósu eða með kartöflumús og grænmeti.



Gott kjúklingasalat með brauði.

## Gott kjúklingasalat

Áttu afgang af kjúklingi? Þá er frábært að nota hann í nesti. Þetta kjúklingasalat er mjög gott ofan á gróft brauð eða hrökkbrauð.

**200 g eldaður kjúklingur**
**2 harðsoðin egg**
**1 rauð paprika**
**2 dl kotasæla**
**6 msk. majónes**
**2 msk. sítrónusafi**
**Salt og pipar**

Skerið kjúklinginn í mátulega bita. Hreinsið paprikuna og skerið hana smátt. Eggin eru sömuleiðis skorin smátt. Blandið kotasælu og majónesi í skál og bragðbætið með sítrónusafa, salti og pipar. Hrærið kjúklingnum saman við, eggjum og papriku. Auðvitað má bæta við þetta maískornum, vínberjum, eplabitum eða því sem manni dettur í hug. Þetta salat getur verið forréttur eða nesti í vinnu og skóla með brauði.

# Heima er best

Haust er næst á dagskrá og tími kertaljósa og rómantíkur runninn upp. Hitastigið lækkar og kvöldin verða dimm, og þá þykir mörgum tilheyra að gefa heimilinu hlýlegri og fyllri blæ.

Til að skapa einstaklega kósí andrúmsloft heima við er tilvalið að bæta við fallegum púðum í sófana og notalegum ábreiðum til að draga yfir sig þegar haustkulið andar inn um gluggana. Gólffletir kólna þegar sumri hallar og fátt notalegra en að stíga fram úr rúminu á notalega mottu, og það sama á við um svalt baðgólfið.

Senn roðna ber og laufskrúð sem skapa dýrindis efnivið til haustkransagerðar sem prýðir heimilið jafnt innanhúss sem utan. Þeir sem hafa arin geta nú kveikt upp í arninum, en kertaljós í fallegum kertastjökum breyta húsi í höll. Huggulegt er að bæta við lömpum þegar húmar að og búa til heillandi lestrarhorn í stofunni.






# Haustkortið
## á tilboði út ágúst 45.900 kr.

*Mikið úrval af frábærum tímum í opna kerfinu!*

### Vertu þinn eigin styrktaraðili!

**Bjóðum hagstæð kort sem stuðla að betri mætingu og ákveðnari markmiðum.**

### 1-2-3 Nýja þjálfunarkerfi JSB

**Við bjóðum röð af fjölbreyttum og krefjandi 30 mínútna tímum sem henta jafnt byrjendum sem lengra komnum. Unnið er út frá eigin getustigi og tekið vel á því. Hægt er að taka einn, tvo, eða þrjá tíma í einu. Hver tími er sniðinn til að mæta þörfum þeirra sem eru í kapphlaupi við klukkuna.**

### Innnritun hafin á öll námskeið í síma 581 3730 og á jsb.is

*Velkomin í okkar hóp!*

LÍKAMSRÆKT JSB leggur línurnar

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • jsb@jsb.is • **www.jsb.is***

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

## Til bygginga




**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn




# Húsnæði

## Atvinnuhúsnæði

Vantar ca. 50-80 fm húsnæði til leigu á höfuðborgarsvæðinu. Jarðhæð. Upplýsingar: 699-6762 eða hreinverk.is - Tómas

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**TRADEX EHF Í HAFNARFIRÐI**

vantar stundvíst og duglegt starfsfólk í fiskvinnslu og pökkun. Vinnutími frá kl. 7 - 15 virka daga. Umsækjendur sendi umsóknir á tölvupóstinn tradex@tradex.is

**DISHWASHER AND KITCHEN HELP**

Dishwasher and kitchen assistant needed in a restaurant in Laugavegur. Full time job.

Please send email to steinigumm@gmail.com with information about you and experience or tel: 859 3609

**KÖKUHORNIÐ**

Röskur starfskraftur á besta aldri óskast frá og með 1. sept í afgreiðslustarf í bakarí okkar í Bæjarlind, 80% starfshlutfall. Íslenskukunnátta skilyrði.

**Uppl. gefur Gréta í s. 867 1433 milli kl. 9-18 og kokuhornid@kokuhornid.is**

**MÁLMIÐNAÐARMENN ÓSKAST**

Teknís ehf óskar eftir að ráða málmiðnaðarmenn. Teknís ehf fæst við nýsmíðar og viðhaldsvinnu ýmiskonar innanlands sem utan í svörtu og ryðfríu stáli. Áhugasamir hafi samband við Jón Þór í síma 8935548 eða á netfangið jon@tekn.is

## Atvinna óskast

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

Erum með vana smiði, verkamenn, múrara og pípara sem eru klárir í mikla vinnu HANDAFL EHF s. 777 2 333




## Til sölu







## Atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

**ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.**

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**




### Langar þig að vinna í framsæknum leikskóla?

Kópavogsbær rekur 19 leikskóla með um 2.000 börnum og 650 starfsmönnum. Unnið er eftir metnaðarfullri leikskólastefnu og aldurstengdum námskrám barna.

Leikskólar Kópavogs bjóða starfsmönnum og börnum skapandi og ánægjulegt starfsumhverfi, þar sem áhersla er lögð á menntun, mannauð, öryggi, samvinnu og gæði.

Leikskólarnir taka þátt í fjölbreyttum þróunarverkefnum, meðal annars í samstarfi við RannUng og vináttuverkefni Barnaheilla.

Áhersla er lögð á heilsueflingu í leikskólum í samræmi við lýðheilsustefnu Kópavogs. Fjölbreytt sí- og endurmenntun er í boði fyrir starfsmenn leikskólanna.

Mikill metnaður er lagður í að hækka menntunarstig starfsmanna og stuðla að fjölgun leikskólakennara m.a. með námsstyrkjum frá Kópavogsbæ.

**Kynntu þér laus störf í leikskólum Kópavogs. Nánari upplýsingar á heimasíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

söluverslunar það árið. Hlutfallið er nokkuð lágt í samanburði við nágrannaþjóðir okkar en fer þó ört hækkandi, að sögn Árna Sverris Hafsteinssonar, hagfræðings hjá Rannsóknasetri verslunarinnar. Talið er að hlutfall netverslunar á Norðurlöndunum sé rúmlega sex prósent en vel yfir tíu prósent í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Daníel segir erfitt að henda reiður á umfangi netverslunar, bæði innlendrar og erlendrar, enda sé lítið um opinber gögn til að styðjast við. „Það sem endurspeglar þessa þróun er aðallega fjöldi póstsendinga til landsins í gegnum Íslandspóst og önnur hraðsendingarfyrirtæki. Þar hefur orðið gríðarleg aukning, sérstaklega frá Kína.“ Í fyrra hafi aukningin numið 42 prósentum í fjölda sendinga til einstaklinga, 14 prósentum árið 2015 en 66 prósentum árið 2014.

Daníel nefnir auk þess að aukin kortanotkun Íslendinga á erlendri grundu, en hún jókst um 30 prósent í fyrra, skýrist ekki aðeins af auknum ferðalögum Íslendinga, heldur jafnframt af aukinni netverslun. Kortaveltutölurnar geri ekki greinarmun á því hvort vara er keypt í gegnum erlenda netverslun eða hefðbundna erlenda verslun.

### Fjölgun erlendra póstsendinga til einstaklinga




#### Mikil óvissa á markaðinum

Sigurjón Örn segist merkja aukna óvissu á smásölumarkaði en telur að hún stafi ekki af aukinni netverslun, heldur fremur af innkomu alþjóðlegra risa á innlendan markað sem og harðnandi samkeppni við verslun erlendis.

Hann bindur vonir við að með innreið sænsku fatakeðjunnar H&M til landsins muni verslun flytjast í meiri mæli hingað til lands. Það eigi þó eftir að koma í ljós. Ljóst sé að kaupmenn velti því nú fyrir sér hver raunveruleg áhrif fatakeðjunnar verði.

Sigurjón segir eftirspurnina eftir verslunarrými í Kringlunni mikla og útleiguhlutfallið hundrað prósent. „Við búum við þann lúxusvanda að vera með fullbókað hús. Við höfum alla tíð verið vel settir með það, enda byggjum við á gömlum grunni með góða staðsetningu og fjölbreytta flóru af verslunum og þjónustu í húsinu sem gerir það að verkum að fólk sækir okkur heim.“

Aðsóknin fari auk þess vaxandi – um 2 til 2,5 prósent á ári. „Við sjáum ekki nein merki þess að hún sé farin að dragast saman. Og raunar er allt útlit fyrir að hún muni vaxa enn frekar því við gerum ráð fyrir að ný og glæsileg verslun H&M verði mikið aðdráttarafl,“ nefnir hann.

#### Taka að sér félagslegt hlutverk

Aðspurður segir Sigurjón stjórnendur Kringlunnar fylgjast vel með

**Þær þurfa að bregðast hratt við gjörbreyttu umhverfi. Það er nauðsynlegt að vera á tánum og reiðbúinn til þess að gera þær breytingar sem neytandinn kallar eftir.**

Sturla Gunnar Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Smáralindar



þeim breytingum sem eru að eiga sér stað í verslun á heimsvísu. „Almennt hafa viðbrögð verslunarmiðstöðva við þessu breytta umhverfi verið að reyna að bjóða upp á eitthvað sem netið býður ekki upp á. Til dæmis þessa upplifun sem neytandinn fær ekki þegar hann verslar á netinu. Umhverfið er að breytast. Fólk eyðir tíma sínum öðruvísi en áður og ráðstafar peningum sínum með öðrum hætti. Við þurfum að fylgjast vel með þróuninni og tryggja að búið sé vel að viðskiptavinunum þegar þeir koma. Að þeir upplifi eitthvað sem þeir geta ekki upplifað á netinu.“

Undir þetta tekur Daníel og segir ýmislegt benda til þess að hlutverk verslunarmiðstöðva sé að breytast. Þær séu farnar að sinna meira félagslegu hlutverki, eins og afþreyingu, en áður.

Sigurjón Örn bendir einnig á að viðbrögð ýmissa verslana í Kringlunni, svo sem Bestseller, NTC og S4S, hafi meðal annars verið að bjóða upp á netverslun sem valkost samfara hefðbundinni verslun. „Kaupmenn átta sig alveg á stöðunni og fylgja þróuninni. Þeir hafa margir, þá kannski sérstaklega þeir stóru, brugðist við með því að bjóða upp á þennan valkost.“

#### Verða að vera á tánum

Sturla Gunnar Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Smáralindar, segir menn þar á bæ fylgjast vel með þeirri öru þróun sem er að eiga sér stað í verslun um allan heim. „Sumir sjá aukinn vöxt netverslunar sem ákveðna ógn. Það er ljóst að verslunarmiðstöðvar eru breytingum háðar eins og allt annað. Þær þurfa að bregðast hratt við gjörbreyttu umhverfi. Það er nauðsynlegt að vera á tánum og reiðbúinn til þess að gera þær breytingar sem neytandinn kallar eftir. Við tökum vissulega eftir því að umhverfið er að breytast ört og hraðinn er mjög mikill.“

Hann segir að í þessum breytingum geti falist ýmis tækifæri fyrir kaupmenn, til dæmis til þess að bjóða upp á netverslun samfara hefðbundinni verslun og höfða með þeim hætti til ungu kynslóðarinnar sem sé óhrædd við að nýta sér tæknina. Kauphegðun hennar sé að mörgu leyti önnur en þeirra sem eldri eru. „Verslunarmenn þurfa að vera á tánum – mun meira á tánum nú en nokkurn tímann áður.“

Sturla segir eðlilegt að verslunarmiðstöðvar þróist og breytist í takt við tímann og þarfir neytenda hverju sinni. Hann bendir meðal annars á að Smáralindin hafi gengið í gegnum miklar breytingar að undanförnu. Sem dæmi hafi austurenda verslanamiðstöðvarinnar verið gjörbreytt og þá hafi tekist að laða þangað stórar alþjóðlegar keðjur. Þannig muni H&M til dæmis opna flaggskipsverslun sína í 4.300 fermetra rými í vesturenda hússins á laugardag.

„Við reynum eins og við getum að fá alþjóðlegar keðjur, sem Íslendingar hafa áhuga á og þekkja vel í útlöndum, hingað til lands. Það er verkefni allra daga.“

Aðspurður neitar Sturla því að eftirspurnin eftir verslunarrými í Smáralind fari minnkandi. Hins vegar hafi forsvarsmenn verslunarmiðstöðvarinnar tekið þá ákvörðun að leigja ekki út allt það rými sem losnar, heldur að horfa frekar til þess að verslanaflóran verði sem ákjósanlegust. „Þegar þú ert að reka verslunarmiðstöð skiptir samsetning verslananna miklu máli. Það er ekki vandamál að leigja út þau rými sem losna. En við erum á höttunum eftir ákveðnum vörumerkjum og samsetningu og á meðan við erum á þeirri vegferð standa rýmin frekar auð en hitt.

Smáralindin hefur fest sig rækilega í sessi á síðustu árum. Hér eru góðar samgöngutengingar, auðvelt aðgengi, næg bílastæði og mikið rými fyrir viðskiptavini. Gestum fjölgar ár frá ári og merkjum við ekki neinn samdrátt hér.“





Kristín Erla Jóhannsdóttir, forstöðumaður Eignastýringar Landsbankans

# Fílar íslenskt rapp í botn

## Svipmynd

**Kristín Erla Jóhannsdóttir**

Kristín Erla Jóhannsdóttir hefur starfað sem forstöðumaður Eignastýringar hjá Landsbankanum síðan í nóvember 2015. Hafði hún þá unnið hjá Landsbankanum í eitt ár og áður hjá Kaupþingi og Arion banka, meðal annars á fjármálasviði, í fjárstýringu, eigin viðskiptum og markaðsviðskiptum. Kristín er með BS-gráðu í viðskiptafræði, hefur lokið prófi í verðbréfaviðskiptum, og situr hér fyrir svörum í Svipmynd Markaðarins.

*Hvað hefur komið þér mest á óvart það sem af er ári?* Eflaust þessi gríðarlegu áhrif sem Costco hefur haft. Maður finnur vel fyrir því hvað vöruverð hefur lækkað. Þá hafa erlendir birgjar lækkað verð sín til íslenskra verslana út af hinni nýtilkomnu samkeppni. Þar með aukast lífsgæði okkar allra.

*Hvaða app notarðu mest?* Ég nota Facebook mest en hef verið að færa mig upp á skaftið á Snapchat undanfarið. Síðan byrjaði ég að nota Endomondo-hlaupaforritið fyrir nokkrum dögum. Er búin að hafa það huggulegt í sumar …

*Hvað gerir þú í frístundum þínum?* Ég nýt þess að vera með fjölskyldu minni, eiginmanni og tveimur börnum. Við skötuhjúin erum miklir matgæðingar og elskum að prófa okkur áfram með nýjar uppskriftir. Vinir og vandamenn eru yfirleitt notaðir sem tilraunadýr í matarboðum.

Ég hef afar gaman af því að ferðast og ætli Spánn sé ekki í efsta sæti, ásamt Ítalíu. Ég bjó á Spáni í eitt ár og elska landið og menninguna. Þá hef ég mjög gaman af laxveiði og hef verið að fikra mig áfram í golfinu.

*Hvernig heldur þú þér í formi?* Ég verð að viðurkenna að ég er ekki í mínu besta formi í dag. Maður bætti á sig í barneignum en nú finn ég sterka löngun til að koma mér aftur í gott form. Ég hef verið að mæta í danstíma, zumba og tabata-tíma í World Class hjá systur minni, Indíönu Nönnu. Slíkir tímar henta mér afar vel. Inn á milli skelli ég mér út að skokka en þá er afar mikilvægt að vera með góða tónlist í eyrunum.

*Hvernig tónlist hlustar þú á?* Ég hlusta á flest og reyni að fylgjast með hvað er vinsælast. Madonna hefur alltaf verið mitt uppáhald, auk þess sem ég er með veikan blett fyrir 80's tónlist. Síðan hlusta börnin mín mikið á íslenskt rapp. Ég hélt að það væri ekki minn tebolli en ég er farin að fíla það í botn!

*Ertu í þínu draumastarfi?* Algjörlega. Ég hef alla tíð verið námshestur, metnaðargjörn og með mikið keppnisskap. Við þetta bætist að ég er mikil félagsvera. Þessir eiginleikar henta minni vinnu vel því þar blandast saman áhuginn á fræðunum og félagslegi þátturinn. Ég hef starfað lengi í bankageiranum og með tímanum jókst áhugi minn á stjórnun. Starf mitt sem forstöðumaður hjá Eignastýringu í Landsbankanum er svo sannarlega draumastarf og ég hlakka til á hverjum morgni að mæta í vinnuna.

# Pýramídi verður kassi



**Sölvi Blöndal,** hagfræðingur hjá GAMMA Capital Management

Fram undan er tími stórfelldra tækni- og samfélagsbreytinga. Einn mikilvægasti þátturinn í því eru breytingar á aldurssamsetningu þjóðarinnar. Það er ástæða til að staldra við þessa þróun með hliðsjón af svokölluðu framfærsluhlutfalli. Hlutfallið segir til um samanlagðan fjölda eftirlaunaþega og yngra fólks, deilt með fjölda fólks á vinnualdri. Fjölgun fólks á vinnualdri hefur áhrif til lækkunar hlutfallsins og öfugt. Í stuttu máli mun fjölgun fólks á eftirlaunaaldri á næstu áratugum ásamt lækkandi fæðingartíðni gera það að verkum að hlutfallið mun hækka. Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands gerir ráð fyrir rúmlega tvöföldun á fjölda fólks 64 ára og eldri úr rúmlega 50.000 manns árið 2017 í 120.000 árið 2065. Hlutfallið náði sögulegu lágmarki árið 2009 í 48% en mun á tímabilinu 2017 til 2065 fara úr 51% í 72%. Með öðrum orðum, við erum að eldast.

### Dregur úr fæðingartíðni

Ísland hefur notið þess síðustu áratugi að vera meðal yngstu þjóða í Evrópu. Til dæmis var Ísland með þriðju hæstu fæðingartíðni í Evrópu árið 1995 og árið 1970 voru tveir af hverjum þremur landsmönnum yngri en 34 ára. Á tímabilinu 1980 til 2010 var fjöldi barna á hverja konu að meðaltali 2,05 til 2,2. Frá árinu 2012 hefur heldur dregið úr barneignum og árið 2015 fæddust fleiri börn á hverja konu í Svíþjóð og Bretlandi en á Íslandi í fyrsta skipti síðan mælingar hófust. Spár gera ráð fyrir að árið 2060 verði 40% íslensku þjóðarinnar yngri en 34 ára miðað við 50% árið 2017.

### Áhrifin á hagvöxt?

Af framangreindu má ætla að áhrif breyttrar aldurssamsetningar á hagvöxt séu fremur neikvæðar. Á Íslandi er atvinnuþátttaka með því mesta sem þekkist og því er ljóst að aldursdreifing hefur verið með hagstæðasta móti að teknu tilliti til hagvaxtar. Það má því leiða líkur að því að breytt aldurssamsetning ein og sér gæti valdið lækkun hagvaxtar um 0,25% á ári næstu fimmtíu árin. Aldurssamsetning íslensku þjóðarinnar á næstu áratugum verður því ekki einn megindrifkraftur hagvaxtar eins og verið hefur.

Óhjákvæmilega eru það einkum lífeyriskerfi, heilbrigðis- og öldrunarþjónusta sem bera munu auknar byrðar vegna fyrrgreindrar þróunar. Hérlendis gegna lífeyrissjóðir því hlutverki að færa til neyslu í tíma. Hins vegar er það hið opinbera sem mun þurfa að taka á sig auknar byrðar vegna heilbrigðis- og öldrunarþjónustumála. Ætla má að kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu muni rúmlega tvöfaldast, úr 7% af VLF í 15,2%, á tímabilinu 2015-2050 miðað við 3% aukningu á heilbrigðisútgjöldum á ári. OECD, Efnahags- og framfarastofnun Evrópu, hefur svipaða sögu að segja en ætla má að kostnaður vegna heilbrigðisþjónustu hjá aðildarlöndum OECD muni nema 14% af VLF að meðaltali árið 2060. Stofnunin spáir því að um miðja þessa öld muni kostnaðaraukningin ná ósjálfbæru stigi miðað við núverandi viðmið um ríkisfjármál.

### Lengri vinnuævi og fleiri innflytjendur

Það er mikil áskorun að takast á við breytta aldurssamsetningu þjóðarinnar. Rannsóknir gefa til kynna að einstaklingur sem er eldri en 65 ára stofni til fjórfalt meiri heilbrigðisútgjalda en einstaklingur sem er yngri en 65 ára. Áskorunin felst meðal annars í því að tryggja fjármögnun og framboð á heilbrigðisþjónustu og stuðla að hagvaxtarhvetjandi aðgerðum til framtíðar. Hvað viðvíkur fjármögnun og framboði á heilbrigðisþjónustu þá er mikilvægt að tryggja fjölbreytni. Fleiri geta annast sjálfa þjónustuna, hið opinbera, einkafyrirtæki, einstaklingar, sjálfseignarstofnanir, tryggingafélög, og fleiri. Sá sem aflar fjárins þarf ekki endilega að hafa yfirumsjón með þjónustunni. Tvær hagvaxtarhvetjandi aðgerðir sem vert er að nefna eru hækkun eftirlaunaaldurs annars vegar og minni hömlur á fólksflutninga til Íslands hins vegar. Varla er um það deilt að lengri meðalævi hlýtur að kalla á endurskoðun eftirlaunaaldurs og margt bendir til þess að Ísland myndi til langs tíma njóta góðs af auknum fjölda innflytjenda til landsins. Það sýnir reynsla annarra þjóða.

**Fólksfjöldapýramídar Íslensku þjóðarinnar**




> **Aldurssamsetning þjóðarinnar á næstu áratugum verður því ekki einn megindrifkraftur hagvaxtar eins og verið hefur.**
>
> Sölvi Blöndal hagfræðingur

# Þetta reddast ekki alltaf



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri VÍB

Jólaverslun hefur vaxið þrefalt hraðar en einkaneysla undanfarin fimm ár. Á sama tíma hafa heimilin greitt niður skuldir og sparnaður þeirra hefur aukist. Einhverra hluta vegna hefur neyslugleði okkar aukist meira um jólahátíðina en á öðrum tímum ársins og mikilvægi hennar sömuleiðis í heimilisbókhaldinu.

### Allt í rétta átt

Þveröfugt við það sem við sáum á árunum 2003-2007 hefur kaupmáttur launa vaxið hraðar en einkaneysla á síðustu níu árum. Vonandi er þetta merki um breytta tíma og að við séum að venjast því að spara og eiga fyrir hlutunum í stað þess að segja „þetta reddast“ og gera jólin upp í janúar og febrúar, leiðinlegustu mánuðum ársins að frátöldum mars að sjálfsögu.

Þetta er stórmál. Það er til mikils að vinna ef við temjum okkur aukna fyrirhyggjusemi og komum sparnaði í tísku. Þetta reddast nefnilega ekki alltaf og í landi þar sem vextir eru tiltölulega háir er auk þess dýrt að ýta neysluskuldum á undan sér og gott að leggja fyrir. Við erum að spara miklu meira en áður og þurfum að halda því áfram.

### Dýr jól

Árlega birtir Rannsóknarsetur verslunarinnar samantekt og spá um jólaverslun hér á landi. Spennandi verður að sjá hvort áframhald verður á þessum miklum vexti, en í fyrra var hann áætlaður um 10%. Áætlað var að útgjöld hverrar fjögurra manna fjölskyldu, sem rekja mátti beint til árstímans, væru um 215.000 krónur, þar af 80% í sérvöru og 20% í dagvöru. Við þetta bætist verslun okkar Íslendinga utan landsteinanna, sem er töluverð og hefur aukist hratt undanfarin ár.

Með sama áframhaldi styttist í að jólapokinn á Lækjartorgi rétt dugi fyrir jólagjafirnar og þá er betra að eiga fyrir þeim.

Hér er um að ræða fjárhæðir sem erfitt getur reynst að hrista fram úr erminni og er mun auðveldara að ráða við sé lagt fyrir með reglubundnum hætti. Það er kannski full snemmt að hengja upp seríur en undirbúningurinn fyrir jólin má alveg fara að hefjast.

# SPARAÐU 35% AF ÞESSUM STÓLUM



NÚ AÐEINS **26.900.-** ARMAR: 9.000,-

NÚ AÐEINS **45.900.-** ARMAR FYLGJA

NÚ AÐEINS **63.900.-** ARMAR FYLGJA

**OPEN POINT** **HEAD POINT** **X-PANDER**



Til í 4 litum, svartur, rauður,blár og neon grænn. Á hvítum eða króm fæti

NÚ AÐEINS **25.900.-**

## 35% AFSL. Í ÁGÚST

**TOPSTAR HIGH BOB**
Henta einstaklega vel með rafmagns-borðum og fær þig til að vinna í réttri líkamsstöðu.

NÝ VEFVERSLUN HIRZLAN.IS

Þið finnið okkur á Facebook

# Hirzlan

*GÆÐI · STÖÐUGLEIKI · SKILVIRKNI · Í 24 ÁR*

Síðumúla 37,
108 Reykjavík
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is
hirzlan.is

# ÞÚ FÆRÐ RAFMAGNSBORÐIÐ HJÁ HIRZLUNNI



**PRIMA** Góð rafmagnsborð sem Hirzlan hefur selt í áraraðir.

**VERÐ FRÁ: 56.000,-**



**E-MODEL** Tveir þýskir mótorar, minnisstýring og mikil burðageta. 5 ára ábyrgð.

**160-180 CM BORÐ: 129.900,-**



**A6** Tveir mótorar, minnisstýring og mikil burðageta. 5 ára ábyrgð.

**STAKIR FÆTUR: 73.900,-**

**TILBOÐ MEÐ PLÖTU FRÁ: 85.600,-**

**ALLTAF ER HÆGT AÐ VELJA Á MILLI MISMUNANDI LITA Á FÓTUM AUK MARGRA GERÐA AF PLÖTUM**

MYNDFORM GRAFÍK

## Skotsilfur

### Á byrjunarreit



Eftir að Samkeppniseftirlitið ógilti kaup smásölurisans Haga á Lyfju er sala ríkisfyrirtækisins aftur komin á byrjunarreit. Lindarhvoll, sem heldur utan um stöðugleikaeignir sem voru framseldar til ríkisins, mun að öllum líkindum boða aftur til opins söluferlis í stað þess að leita til þess fjárfestis sem var með næsthæsta tilboðið í fyrra söluferlinu. Vitað er að það tilboð var umtalsvert lægra en það 6,7 milljarða króna tilboð sem forsvarsmenn Haga, en **Finnur Árnason** er forstjóri félagsins, gerðu í Lyfju. Efast má um að nokkur annar fjárfestir sé reiðubúinn til þess að greiða svo hátt verð.

### Kom á óvart



Það brá mörgum í brún þegar **Margrét Kristmannsdóttir**, framkvæmdastjóri Pfaff, var skipuð í nýja þriggja manna stjórn Bankasýslu ríkisins. Ekki þó vegna þess að Margrét sé ekki hæfur stjórnarmaður heldur vegna þess að hún hefur verið virkur meðlimur í Samfylkingunni og á framboðslistum flokksins. Bjuggust margir við að ríkisstjórnarflokkarnir myndu skipta stjórnarsætunum á milli sín. Almar Guðmundsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, tók þá einnig sæti en hann hefur lengi haft tengsl við Sjálfstæðisflokkinn, er góður vinur formannsins Bjarna Benediktssonar, eins og Lárus H. Blöndal, formaður stjórnarinnar.

### Til Íslandsbanka



Íslandsbanki hefur ráðið til sín **Vilhjálm Vilhjálmsson**, sem er hagfræðingur að mennt, en hann mun starfa í eigin viðskiptum hjá bankanum. Vilhjálmur starfaði áður um árabil sem sjóðsstjóri skuldabréfa hjá sjóðastýringarfyrirtækinu Stefni, dótturfélagi Arion banka. Yfirmaður eigin viðskipta Íslandsbanka er Ármann Einarsson en hann tók við þeirri stöðu fyrr í sumar eftir að Lárus Bollason færði sig yfir í verðbréfamiðlun bankans.

## Loka 169 hamborgarastöðum á Indlandi




Öllum 169 veitingastöðum McDonald's á Norður- og Austur-Indlandi verður lokað í næsta mánuði. Ástæðan er sú að indverskur rekstraraðili, Connaught Plaza Restaurants, hefur ekki staðið í skilum með greiðslur samkvæmt sérleyfissamningi við bandaríska veitingarisann. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Hunsið bara Trump



**Lars Christensen**
alþjóðahagfræðingur

Samkvæmt sögubókunum var Kúbudeilan í október 1962 einn ógnvænlegasti atburður kalda stríðsins, þegar heimurinn var á barmi kjarnorkustyrjaldar. Sögubókunum gæti hins vegar skjátlast – að minnsta kosti ef maður lítur á það sem gerðist á Wall Street á meðan á deilunni stóð. Ef við stóðum á barmi kjarnorkustríðs hefði maður búist við að verðbréfamarkaðurinn myndi falla eins og steinn. Ekkert slíkt gerðist. Þess í stað breyttist S&P 500-vísitalan lítið þessa þrettán daga á meðan á þrátefli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna stóð.

Þetta er merkilegt í ljósi þeirra skelfilegu atburða sem hefðu getað átt sér stað. Ýmsar ástæður er hægt að tilgreina fyrir því að markaðurinn hrundi ekki. Sumir hafa haldið því fram að deilan sýni áhrifamátt kenningar sem kölluð er gagnkvæm örugg gjöreyðing (Mutual Assured Destruction – MAD). Bæði Bandaríkjamenn og Sovétmenn vissu að það yrðu engir sigurvegarar í kjarnorkustríði, sem þýddi að hvorugir höfðu neinn hvata til að hefja stríð. Kannski gerðu fjárfestar sér grein fyrir þessu og á meðan heimspressan básúnaði hættuna á heimsstyrjöld neituðu þeir að láta sér bregða (öfugt við staðalímyndina kemur síður fát á verðbréfamarkaði en á stjórnmálamenn).

Auðvitað geta verðbréf fallið í verði ef áhættuþóknunin hækkar en við ættum ekki að búast við að hagnaður að nafnvirði lækki. Til að skilja hvaða áhrif landfræðipólitísk átök hafa á markaði verðum við að taka peningastefnuleg viðbrögð með í reikninginn.

Svo við snúum okkur aftur að Kúbudeilunni þá er gagnlegt að sjá hvernig nafnvirði vergrar landsframleiðslu breyttist í Bandaríkjunum, til að skilja hvað gerðist á verðbréfamörkuðum Bandaríkjanna á meðan á deilunni stóð og í kjölfar hennar. Árið á undan hækkaði hún í Bandaríkjunum snögglega – úr aðeins 0,5% á ársgrundvelli á fyrsta ársfjórðungi 1961 í 9% á fyrsta fjórðungi 1962. Þetta endurspeglar býsna umfangsmikla peningaþenslu. En frá því snemma árs 1962 átti sér stað peningalegur samdráttur og verulega tók að hægja á vexti nafnvirðis vergrar landsframleiðslu. Ég held að þetta hafi verið raunverulega ástæðan fyrir því sem á sínum tíma var kallað Kennedy-lækkunin á verðbréfamarkaðnum.

Takið eftir að þetta gerðist fyrir Kúbudeiluna. En þegar hitna tók í kolunum í þessari landfræðipólitísku deilu hóf Seðlabanki Bandaríkjanna að slaka á peningamálastefnunni – í fyrstu ekki á tilþrifamikinn hátt en engu að síður í rétta átt. Vöxtur nafnvirðis vergrar landsframleiðslu byrjaði að aukast undir lok ársins 1962 – nokkrum mánuðum eftir að Kúbudeilunni lauk. Á þessum tíma studdi Seðlabanki Bandaríkjanna þenslu ríkisútgjalda með því að reyna að grípa inn í á skuldabréfamörkuðum til að halda ávöxtun niðri.

Þegar leið á 7. áratuginn varð stefna seðlabankans í auknum mæli verðbólguhvetjandi. Á fyrstu árum áratugarins ýttu lausbeisluð peningamarkaðsskilyrði fyrst og fremst undir vöxt vergrar landsframleiðslu að raunvirði. En þegar neikvæðra áhrifa útgjalda vegna Víetnamstríðsins og velferðarmála fór að gæta byrjaði að hægjast á framleiðniaukningu í Bandaríkjunum. Það leiddi til verulegrar verðbólguhækkunar á seinni hluta 7. áratugarins þar sem nafnvirði eyðslu hélt áfram að aukast.

Verðbréfamarkaðurinn fylgdist náið með þróuninni á nafnvirði vergrar landsframleiðslu. Frá 1960 til 1970 hækkaði hlutabréfaverð um 80-90%, eftir því við hvaða vísitölu er miðað. Boðskapurinn er sá að landfræðipólitísk áhætta er ekki endilega neikvæð fyrir hlutabréf, nema að seðlabankar taki heimskulegar ákvarðanir.

Í ljósi reynslunnar af Kúbudeilunni ættu fjárfestar að hunsa landfræðipólitíska þætti. Þess í stað ættu þeir að einbeita sér að vaxtarhorfum hvað nafntekjur varðar – með öðrum orðum, að nafnvirði vergrar landsframleiðslu. Leiðtoginn sem menn ættu að fylgjast með er Janet Yellen, ekki Kim Jong-un eða Donald Trump.

# Árangursrík stjórnun breytinga



**Hin hliðin**
**Jóhanna Helga Viðarsdóttir**
verkefnisstjóri hjá 365 miðlum, MBA og FKA-félagskona.

Markaðslögmálin hafa breyst talsvert undanfarin ár. Neytendur hafa sífellt meiri völd með tilkomu samfélagsmiðla og auknu aðgengi að upplýsingum. Ef þjónusta fyrirtækis er ekki góð getur ímynd þess beðið alvarlegan hnekki á augabragði. Tækniþróun er ör og viðskiptamódelum hefur verið umbylt.

Í þessu viðskiptaumhverfi eru stórar sem smáar breytingar óhjákvæmilegar. Krafa neytenda um ódýrar og vandaðar vörur og framúrskarandi þjónustu er hávær. Fyrirtæki þurfa að bregðast hratt við, aðlagast eða verða undir. Hraði breytinga er orðinn slíkur að erfitt getur reynst fyrir fyrirtæki að aðlaga starfsemi sína nægjanlega hratt að þeim. Þetta býður illa undirbúnum breytingum og mistökum heim. Mistök sem geta verið dýrkeypt. Koma Costco á íslenskan smásölumarkað hefur til dæmis hrist rækilega upp í hlutunum – neytendum til góða! Og samkeppnisaðilar bregðast við. Næstu misseri verða mögulega stórir samrunar á íslenskum smásölumarkaði, að því gefnu að þeir hljóti samþykki eftirlitsstofnana. Sem reyndur verkefnisstjóri finnst mér þessar vendingar áhugaverðar út frá fræðum breytingarstjórnunar. Það má nefnilega ekki gleyma að samruni tveggja skipulagsheilda er stór, krefjandi og vandmeðfarin breyting.

Til að samruni verði árangursríkur þarf að skoða hvað felst í breytingunni og skilgreina samrunaáætlun sem tekur tillit til ólíkra einkenna vinnustaðamenningar skipulagsheildanna tveggja og þeirra krafta sem eru ríkjandi innan þeirra. Vinnustaðamenningu er ekki breytt í einu vetfangi heldur með því að skapa sameiginlega reynslu og móta ný gildi, hefðir, venjur og ferli innan sameinaðs félags. Allt eru þetta mannlegir og tilfinningalegir þættir sem má móta með aðferðum og aðgerðum út frá fræðum breytingarstjórnunar.

Tryggja þarf að ekki komi til ósamræmis í menningu (e. culture clash) en það er ein helsta ástæða þess að samrunar takast illa. Þegar tvær fyrirtækjamenningar stangast á og koma illa saman getur það orsakað vont félagslegt andrúmsloft, slakari afkomu og minni starfsánægju. Rannsóknir sýna að slíkt ástand getur verið dýrkeypt fyrir sameinað félag eða sem nemur allt að 20-30% af hagnaði skipulagsheildarinnar sem var tekin yfir.

Þegar koma á meiriháttar breytingum til leiðar innan skipulagsheilda, hvort sem það er samruni eða önnur tegund breytingar, er því mikilvægt að kortleggja núverandi vinnustaðamenningu og huga að breytingum á henni ekki síður en að undirbúa vel verkáætlanir helstu ferla og kerfa.


theater mogul
kynnir
Bæjarbíó Hafnarfirði
Gamla Bíó Reykjavík
HELLISBÚINN
Leikari: Jóel Sæmundsson
Leikstjórn: Emma Peirson
MIÐASALA HEFST 24.ÁGÚST Á MIÐI.IS

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 23. ágúst 2017

vísir www.visir.is | Viðskiptavefur Vísis @VisirVidskipti

## Hagnaður Logos dregst saman um 30 prósent

Hagnaður Logos, stærstu lögmannsstofu landsins, nam 570 milljónum í fyrra og dróst saman um ríflega 30 prósent á milli ára. Er þetta versta afkoma Logos frá falli bankakerfisins 2008.

Samtals námu tekjur lögmannsstofunnar 2.232 milljónum króna og minnkuðu um rúmlega 430 milljónir frá fyrra ári. Þar munaði mestu um meira en 300 milljóna króna samdrátt í tekjum vegna starfseminnar í London, þar sem Logos hefur starfrækt skrifstofu frá 2006, sem skýrist einkum vegna nærri 30 prósenta gengisveikingar pundsins gagnvart krónunni á árinu 2016.


Óttar Pálsson

Á meðal stærstu verkefna Logos á umliðnum árum var vinna fyrir erlenda kröfuhafa gömlu bankanna. Á meðal eigenda Logos eru hæstaréttarlögmennirnir Óttar Pálsson, Þórólfur Jónsson og Guðmundur Oddsson, sem stýrir starfsemi félagsins í London. **– hae**

18.08.2017



**Ofurtollar eru einn meginskýringarþátturinn í háu matvöruverði á Íslandi, þótt þeir séu ekki eina skýringin. Þetta eru staðreyndirnar sem formaður Framsóknarflokksins skautar svo létt yfir.**

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

## Stjórnarmaðurinn

@stjornarmadur

## Gests augað

**Bandaríska stórblaðið** Wall Street Journal birti á dögunum umfjöllun um túristaundrið. Niðurstaðan er sú að ferðamennskan, sem eftir hrun hafi bjargað íslensku þjóðinni, sé nú við það að sliga hana.

**Ástæðurnar** sem blaðið tíundar þekkjum við öll. Fjöldi ferðamanna hafi fimmfaldast síðan 2010. Stjórnvöld hafi á meðan setið allt að því aðgerðarlaus hjá og innviðir á borð við vegi og opinberar stofnanir ráði ekki neitt við neitt. Venjulegir Íslendingar þurfi að takast á við húsnæðisskort, okurleigu og rusl sem ferðamennirnir skilji eftir sig.

**Einnig kemur fram** að verðlag hér á landi sé með því hæsta sem þekkist á byggðu bóli. Þar ráði gjaldmiðillinn mestu. Hagvöxtur á síðasta ári var yfir 7% og atvinnuleysi rétt ríflega 2%. Hvergi í þeim löndum sem við berum okkur saman við er að finna sambærilegar tölur. Þetta hafi valdið mikilli styrkingu krónunnar. Einn viðmælenda blaðsins lætur hafa eftir sér að það hafi verið „áhugavert“ að borga fimm dali fyrir venjulegt, uppáhellt kaffi. Seðlabankastjóri segir að þessi mikli vöxtur sé vissulega „óþægilegur“, en telur að hagkerfið sé langt frá því að ofhitna.

**Hvað sem því líður** markar þessi grein þáttaskil. Blaðamenn og aðrir eru farnir að sjá Ísland öðrum augum. Kannski er nýjabrumið aðeins að fara af Íslandi? Þegar ferðast er um landið styrkist þessi skoðun. Víða hefur tekist vel til í uppbyggingu ferðaþjónustunnar, en annars staðar er engu líkara en að nýtt gullgrafaraæði sé gengið í garð. Á Suðurlandinu verður vart þverfótað fyrir rútum sem taka túristana á sömu, gömlu staðina. Við Mývatn er illa bökuð pitsa seld á fjögur þúsund úr kofaskrifli. Hringinn kringum landið er ólystugur matur seldur á uppsprengdu verði úr vegasjoppum. Nótt á Edduhóteli kostar svipað og gisting á lúxushóteli í stórborg.

**Oft hefur heyrst** frá talsmönnum ferðaþjónustunnar að stjórnvöld hafi ekki staðið sig sem skyldi í uppbyggingu innviða fyrir ferðaþjónustuna. Væri ekki rétt ef þeir sem starfa í greininni litu sér nær? Okurverðlag, sem vissulega er að stærstu leyti afleiðing gjaldmiðilsins, er sennilega þegar allt kemur til alls stærsta ógnin sem steðjar að ferðaþjónustu á Íslandi.

ÁSTRÍÐA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is






Íslensk valmynd og tímaflakk.




## MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND, BETRA VIÐMÓT

# APPLE TV 4 Á **0 KR.**

## MEÐ SPORTPAKKANUM

Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njótir fyrsta flokks skemmtunar á sem bestan hátt. Með **365 sjónvarp á Apple TV** færðu meiri hraða, skarpari mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Nú getur þú fengið þér Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að Sportpakkanum.

**Nánar á 365.is eða í síma** 1817.




VALITOR

**Tryggðu þér áskrift á aðeins 399 kr. á dag***
11.990 kr. á mánuði

SPORT BESTA SÆTIÐ

SÍMI 1817 | 365.IS | 365

*miðað við 12 mánaða bindingu

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Austankaldi með suðurströndinni í dag, annars hægur vindur og bjartviðri. Hiti 10-17 stig.




## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 12° → 2 | 13° ↘ 2 | 13° ↓ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 14° ↑ 4 | 14° ↖ 3 | 12° ↓ 1 |

## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 13° ↑ 6 | 12° ↑ 5 | 13° ↓ 2 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 15° ↑ 5 | 13° ↖ 4 | 11° ↑ 3 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 6 | | 1 | | 7 | | |
| | | 1 | | | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | | | | | | 2 | 6 |
| 9 | | 7 | 6 | | | | | 8 |
| | 8 | 4 | | 2 | | | 3 | |
| 3 | | | 1 | | | | | |
| 6 | | 5 | | | 1 | | 9 | |
| | 2 | | 9 | | | 4 | | |
| | | | | 4 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 2 | 8 | 1 | | |
| | | 2 | | | 6 | | 3 | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | | |
| | | | 7 | | | 2 | | 4 |
| | 1 | | | 9 | | | | |
| 9 | | | | 6 | | 7 | | 8 |
| 5 | 6 | 8 | | 1 | | | | 2 |
| 3 | | | | | 7 | | | 1 |
| 2 | | | | 8 | 9 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 9 |
| | | 8 | | | 2 | 5 | | 3 |
| 2 | 4 | | | 8 | | | | |
| | 9 | | 4 | | 3 | 7 | | |
| 7 | | | | | 1 | | 2 | |
| 8 | | 4 | | | | | | |
| | 6 | | | 7 | | 3 | | |
| | | | 2 | 1 | | | | 4 |
| 9 | | | | | | | 7 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 5 | 1 | 9 |
| 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 3 | 8 | 6 | 7 |
| 1 | 6 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 8 | 9 | 6 | 4 | 1 | 7 | 3 |
| 3 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 6 | 4 | 5 |
| 6 | 1 | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | 8 | 2 |
| 4 | 2 | 6 | 5 | 3 | 8 | 7 | 9 | 1 |
| 5 | 9 | 3 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 | 8 |
| 7 | 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 7 |
| 4 | 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 3 | 5 | 9 |
| 2 | 3 | 7 | 4 | 9 | 5 | 8 | 6 | 1 |
| 5 | 4 | 8 | 2 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 3 | 6 | 9 | 5 | 8 | 4 | 1 | 7 | 2 |
| 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 6 | 8 | 3 | 7 | 5 | 2 | 9 | 1 | 4 |
| 9 | 7 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 1 | 5 | 2 | 6 | 4 | 9 | 7 | 3 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 1 | 5 | 7 | 3 | 6 | 8 | 4 |
| 6 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 8 | 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 2 | 9 |
| 2 | 5 | 6 | 3 | 9 | 7 | 8 | 4 | 1 |
| 4 | 1 | 3 | 8 | 5 | 2 | 9 | 7 | 6 |
| 7 | 8 | 9 | 4 | 6 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 4 | 3 | 5 | 7 |
| 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 | 9 | 2 |
| 3 | 9 | 2 | 7 | 1 | 5 | 4 | 6 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. nef
6. í röð
8. jarðsprunga
9. erfiði
11. ólæti
12. sannfæringar
14. dýrahljóð
16. íþróttafélag
17. óvild
18. loka
20. komast
21. slagæð

**LÓÐRÉTT**
1. örverpi
3. einnig
4. fúslega
5. varkárni
7. súrsað grænmeti
10. blund
13. umfram
15. slyngur
16. nögl
19. haf




**LÁRÉTT: 2.** gogg, **6.** rs, **8.** gjá, **9.** púl, **11.** at, **12.** trúar, **14.** krunk, **16.** kr, **17.** kal, **18.** lás, **20.** ná, **21.** ósæð.
**LÓÐRÉTT: 1.** urpt, **3.** og, **4.** gjarnan, **5.** gát, **7.** súrkrás, **10.** lúr, **13.** auk, **15.** klár, **16.** kló, **19.** sæ.

## Skák Gunnar Björnsson

Ubilava átti leik gegn Agzamov í Sovétríkjunum árið 1983.
**Hvítur á leik**
**1. gxf6 Hxe5 2. Hg8+! Hxg8 3. Rf7# 1-0.** Meistaramót Hugins hefst í kvöld. Stefnir í sterkt mót en meðal skráðra keppenda eru Hjörvar Steinn Grétarsson, Vignir Vatnar Stefánsson og Sigurður Daði Sigfússon.

**www.skak.is:** Meistaramótið.










## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ÁGÚST | 2017




# HÖFUM HEIL ÖKUTÆKI Í UMFERÐ!

**Skylduskoðun ökutækja** eru framkvæmdar á **30** stöðum um land allt hjá Frumherja, sjá staðsetningar á frumherji.is

Vörubílar · Eftirvagnar · Sendibílar · Hestakerrur · Hópbílar · Fólksbílar/jeppar · Felli -og hjólhýsi · Mótorhjól · Tjaldvagnar/kerrur

**HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ**

# VELDU ÞÉR SKOÐUNARSTÖÐ

**ÞANN 31. MARS 2017 LOKAÐI SKOÐUNARSTÖÐ FRUMHERJA AÐ HESTHÁLSI 6-8 RVK. NÝ GLÆSILEG STÖÐ OPNAR AÐ HÁDEGISMÓUM Í JANÚAR 2018.**




**Frumherji**
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

Calvin Klein home
BOSS HUGO BOSS
KENZO PARIS MAISON



RÚMFÖT, BAÐSLOPPAR OG HANDKLÆÐI

Vorum að taka upp nýja sendingu af spennandi vörum frá Calvin Klein, Boss og Kenzo.

KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!



FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
Betra BAK

Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn einelti.
Barnaheill Save the Children á Íslandi



Umskiptingarnir í leikhúsinu í Hlöðunni. Sesselía Ólafsdóttir, Vilhjálmur B. Bragason og Birna Pétursdóttir ásamt Margréti Sverrisdóttur, leikstjóra sýningarinnar, en á myndina vantar Jennýju Láru Arnórsdóttur framleiðanda.

# Skemmtileg leiksýning um sjálfhverft og leiðinlegt fólk

**Umskiptingar er nýr og spennandi atvinnuleikhópur á Akureyri sem annað kvöld frumsýnir sína fyrstu sýningu í Hlöðunni. Frumsamið verk í leikstjórn Margrétar Sverrisdóttur.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Það er ekki á hverjum degi sem atvinnuleikhópar eru stofnaðir utan höfuðborgarsvæðisins en svo gleðilega bar þó nýverið til á Akureyri. Atvinnuleikhópurinn Umskiptingar samanstendur af fimm einstaklingum sem allir eru menntaðir í sviðslistum og annað kvöld klukkan átta stendur fyrir dyrum fyrsta frumsýning hópsins í Hlöðunni. Sýnt verður verkið Fram hjá rauða húsinu og niður stigann. Leikhópurinn samanstendur af sviðslistafólkinu Birnu Pétursdóttur, Sesselíu Ólafsdóttur, Vilhjálmi B. Bragasyni, Jennýju Láru Arnórsdóttur framleiðanda og Margréti Sverrisdóttur leikstjóra.

Margrét Sverrisdóttir segir að ástæðan fyrir stofnun leikhópsins hafi einfaldlega verið sú hversu mörg þau voru orðin fyrir norðan með menntun og áhuga á sviðslistum. „Það vill reyndar svo skemmtilega til að við lærðum öll í Bretlandi, vorum öll í London. Við erum reyndar ekki öll frá Akureyri, ég er sjálf frá Húsavík og Birna er að austan en búin að vera hér mikið síðan hún kom hingað í menntaskóla og Jenný Lára er svona alls staðar að held ég, en meðal annars úr Þingeyjarsýslunni," segir Margrét létt og bendir á að þeim hafi einfaldlega þótt tilvalið að sameina krafta sína.

### Meira leikhús

„Við höfðum reynslu af samstarfi okkar á milli, tvö og tvö eða kannski þrjú og þrjú, en aldrei þannig að allur hópurinn tæki sig saman til góðra verka og það var einfaldlega kominn tími á það. Út frá fyrra samstarfi þá vissum við vel út í hvað við værum að fara þannig að við ákváðum að slá til, stofna leikhóp og fara að gera eitthvað meira og skemmtilegt."

Þrátt fyrir að góð sviðslistahús sé að finna inni á Akureyri þá sýnir leikhópurinn rétt utan bæjarins en Margrét segir að Hlaðan sé líka bráðskemmtilegt húsnæði. „Þetta fellur nú undir Akureyri en Hlaðan er á milli flugvallarins og bæjarins. Skúli Gautason leikari og eiginkona hans búa þarna og Hlaðan er skemmtilegur braggi þar sem er að finna lítið og notalegt leikhús og þar höfum við fundið okkar fyrsta heimavöll. Hér er bæði virkilega gott að vinna og vera."

Margrét bætir við að ein af forsendum þess að þau séu að taka sig saman með þessum hætti sé líka að Leikfélag Akureyrar búi við þröngan kost. „En það vill nú svo skemmtilega til að hluti af okkur er samt engu að síður að vinna með leikfélaginu þannig að þetta er allt saman ást og friður. Við erum alls ekki að fara gegn leikfélaginu með því að stofna leikhóp, þvert á móti, því leikhús getur af sér leikhús. Því meira og betra sem úrvalið er þeim mun meira fer fólk í leikhús þannig að aukin fjölbreytni er bara af hinu góða fyrir samfélagið hérna fyrir norðan."

### Sjálfhverfur veruleiki

Framhjá rauða húsinu og niður stigann er fyrsta sýning leikhópsins og Margrét segir að þau þrjú sem standi á sviðinu, Sesselía, Birna og Vilhjálmur, hafi komið með það að borðinu. „Þau skrifuðu þrjú eintöl sem eru svo fléttuð saman og mynda þannig þetta verk." Aðspurð hvort sú vinna hafi átt sér stað í ferlinu segir Margrét að sú sé ekki raunin heldur hafi þau komið með verkið fullbúið. „Ég verð reyndar að játa að það er soldið snúið að segja frá þessu. Þetta er pínu óvenjulegt verk en það gerir það bara meira spennandi fyrir leikhúsgesti að koma og eiga með okkur góða kvöldstund. En svona til þess að gera langa sögu stutta þá má segja að hér sé á ferðinni skemmtileg leiksýning um leiðinlegt fólk," segir Margrét og hlær. Hún bætir þó við að verkið fjalli um þrjá einstaklinga sem takist svona misvel að fóta sig í heimi samtímans. Allar eigi persónurnar það sameiginlegt að standa fyrir taumlausa einstaklingshyggju samtímans og annað slíkt sem okkur ætti að vera vel kunnugt í samtímanum. Ein persónan er þjökuð af útlitsdýrkun og lágu sjálfsmati, ein heldur að öll vandamál heimsins leysist með samfélagsmiðlum og skyndilausnum og sú síðasta er hrokagikkur sem reynir að upphefja sjálfa sig á kostnað annarra. „Þetta er bara um það sem er svo mikið fjallað um í okkar samtíma. Nýr lífsstíll, geðsjúkdómar, vanlíðan og vellíðan og allt þetta en það talar alltaf hver og ein persóna út frá sér og sínu lífi. Þannig er þetta óneitanlega endurspeglun á mjög svo sjálfhverfum veruleika.

Það sem er svo merkilegt við það að horfa á þetta verk er að fyrst hugsar maður um það hvað þetta er hrikalega sjálfhverft og leiðinlegt fólk, en svo fer maður allt í einu að sjá sjálfan sig sem er óneitanlega mjög óþægilegt. Maður fer að sjá bæði brot úr sjálfum sér og líka öðru fólki sem maður þekkir en samt eru þetta eitthvað svo glataðir og sjálfsuppteknir einstaklingar. Þannig að þetta er í senn áleitið og skemmtilegt leikhús og við vonumst eftir að sjá sem flesta í Hlöðunni á næstunni."




HLUSTAÐU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER
SJÓNVARP BYLGJAN.IS ÚTVAPPIÐ FM 98.9
BYLGJAN 989







# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is



**Margrét Erla Maack verður í kvöld með daðrandi dónalegt pub quiz á Húrra.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## 23. ÁGÚST 2017

### Tónlist

**Hvað?** Útgáfutónleikar – Marína & Mikael
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Dúettinn Marína & Mikael hefur sent frá sér sína fyrstu plötu og blæs til útgáfutónleika í dag kl. 20.00 á Græna herberginu, Lækjargötu 6A, Reykjavík.

**Hvað?** Umbra Ensemble
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Norræna húsið
Umbra Ensemble var stofnað árið 2014 og er skipað atvinnutónlistarkonum sem allar hafa brennandi áhuga á bæði ævafornri og nýrri tónlist. Þær hafa skapað sinn eigin hljóðheim sem hefur fornan blæ og spila þær bæði nýja og gamla tónlist sem þær hafa útsett á sinn eigin hátt. Útkoman er áhrifamikil og töfrandi. Með sínum einstaka hljómi mun Umbra spila eigin útsetningar af norrænum þjóðlögum.

**Hvað?** L I N Ü / Gulli Björnsson & Jiyeon Kim
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Dúettinn L I N Ü, skipaður gítarleikurunum Gulla Björnssyni og Jiyeon Kim, kemur fram í Mengi í kvöld klukkan 21. Á efnisskrá er meðal annars tónlist eftir Philip Glass, Arvo Pärt, Ólaf Arnalds og Daniel Schlosberg auk tónlistar eftir meðlimi dúettsins.

**Hvað?** Hverfisjazz: Kletzander/Guðmundsson trio
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hverfisbarinn, Hverfisgötu
Kletzander/Guðmundsson trio. Austurríski píanistinn Lukas Kletzander hefur hlotið mikið lof fyrir píanóleik sinn í Evrópu og spilar sitt síðasta gigg á Íslandi á Hverfisbarnum. Hann kemur fram með kontrabassaleikaranum Haraldi Guðmundssyni og trommaranum Helge Haar. Þeir leika blöndu af frumsömdu efni og amerískum djassstandördum.

### Viðburðir

**Hvað?** Minningarskjöldur um Bjarna-Dísu afhjúpaður
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Stafdalur
Gönguklúbbur Seyðisfjarðar hefur í samstarfi við og að frumkvæði Kristínar Steinsdóttur rithöfundar unnið að gerð minningarskjaldar um Þórdísi Þorgeirsdóttur sem lést á voveiflegan hátt í Stafdal árið 1797. Skjöldurinn er kominn á vörðu í Stafdal og leiðin að vörðunni hefur verið stikuð (0,7 km). Í dag mun Kristín formlega afhjúpa minningarskjöldinn og í leiðinni verður þessi nýja gönguleið í Dísubotn kynnt. Mæting við Stafdalsána kl. 17.00 (við afleggjarann að snjóflóðavarnargörðunum). Allir eru velkomnir.

**Hvað?** Daður, dónalegt og lífsins lystisemdir: Pub quiz á Húrra
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu
Margrét Erla Maack stjórnar gúmmulegu pöbbkvissi þar sem lúxusinn verður í fyrirrúmi, með fyrirvara um dýraspurningar. Tveir saman í liði. Veglegir vinningar.

**Hvað?** Glitrandi litir bræddir á pappír
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bókasafn Garðabæjar
Rúna K. Tetzschner, listamaður mánaðarins á Bókasafni Garðabæjar, verður með móttöku og sýnikennslu á bókasafninu miðvikudaginn 23. ágúst kl. 17. Á sýningu Rúnu eru þaraskreytingar á rekavið þar sem er unnið með gjafir hafsins og litlar glitrandi ævintýramyndir. Myndir Rúnu túlka margvíslega umbreytingarorku náttúrunnar og andleg tengsl á mörkum fantasíu sem má kenna við töfraraunsæi. Þær fela einnig í sér jákvæð skilaboð og má nota þær til íhugunar og skapandi ímyndunar. Myndirnar eru unnar með sérstakri blandaðri tækni þar sem duftlitir eru meðal annars bræddir á pappír og mun Rúna við þetta tilefni sýna gestum hvernig hún vinnur. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti og allir eru velkomnir.

**Hvað?** Partí karókí með Þórunni Antoníu og DJ Dóru
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Sæta svínið, Hafnarstræti
Blússandi partí á Sæta svíninu og allir að góla sín uppáhalds lög.

### Sýningar

**Hvað?** Louisa Matthíasdóttir: Kyrrð
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Viðamikil yfirlitssýning á verkum listakonunnar Louisu Matthíasdóttur (1917-2000) þar sem kærkomið tækifæri gefst til að fá yfirsýn yfir feril listakonu sem á einstakan hátt hefur túlkað íslenskt landslag. Á sýningunni má vel sjá þá breidd sem býr í verkum hennar. Nærumhverfi hennar varð í langflestum tilfellum efniviður verkanna, hvort sem um var að ræða landslag, uppstillingar eða myndir af henni sjálfri.

**Hvað?** Ragnar Kjartansson: Guð, hvað mér líður illa
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Hafnarhúsinu
Ragnar Kjartansson heldur fyrstu safnsýningu sína á heimavelli eftir sigurför á erlendri grundu á undanförnum árum. Þar á meðal eru meiriháttar yfirlitssýningar í virtum söfnum báðum megin við Atlantshafið.

**Hvað?** Ásmundur Sveinsson: List fyrir fólkið
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Ásmundarsafni, Sigtúni
Yfirlitssýning á verkum Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Á sýningunni er sjónum beint að öllum ferli listamannsins allt frá tréskurðarnámi hjá Ríkharði Jónssyni og til síðustu ára listamannsins. Sýnd eru verk unnin í ýmis efni þar á meðal verk höggvin úr tré, úr steinsteypu og bronsi. Á sýningunni eru jafnframt frummyndir þekktra verka sem stækkuð hafa verið og sett upp víða um land. Hönnuður sýningarinnar er Finnur Arnar Arnarson og er framsetning verkanna með þeim hætti að í einstakri umgjörð Ásmundarsafns fá þau nýtt og kröftugt samhengi.

**Hvað?** Kjarval – lykilverk
**Hvenær?** 10.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Á sýningunni gefst gott tækifæri til að kynnast mörgum lykilverkum frá ferli listamannsins og fá innsýn í þau meginstef sem voru uppistaðan í lífsverki hans. Annars vegar landið í öllum sínum fjölbreytileika og hins vegar það líf og þær táknmyndir sem Kjarval skynjaði í landinu, það sem hugurinn nemur ekki síður en það sem augað sér.




BIO ★ PARADIS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

The Other Side Of Hope .......... 18:00
Manchester By The Sea .......... 17:15
Mýrin .......... 18:00
Out Of Thin Air .......... 20:00
The Greasy Strangler .......... 20:00
Hjartasteinn .......... 20:00
Sing Street .......... 22:00
Frantz .......... 22:00
Ég Man Þig .......... 22:30




ORMSSON
SPARIDAGAR
fyrir heimilin í landinu
AEG
914 913 404
ÞVOTTAVÉL 7 KG. 1200 SN.
Rétt verð: 89.900,-
Sparidagaverð: 71.920,-
914 913 410
ÞVOTTAVÉL 8 KG. 1400 SN.
Rétt verð: 99.900,-
Sparidagaverð: 79.920,-
20%
B&O PLAY
Gerðu góð kaup
15%
H9
Beolit 15
A9
P2
A2
Beosound
A1
AEG
916 097 949
ÞURRKARI 7 KG. BARKALAUS
Rétt verð: 99.900,-
Sparidagaverð: 79.920,-
916 097 952
ÞURRKARI 8 KG. BARKARLAUS
Rétt verð: 109.900,-
Sparidagaverð: 87.920,-
20%
Tefal
Þetta merki hefur verið hjá Ormsson í 27 ár. Það köllum við meðmæli.
25%
944 066 186
944 187 291
AEG
OFNAR - ÁRG. 2016
30%
brabantia
Þrifalegu ruslafötturnar. Margar gerðir og gott úrval lita.
25%
Tilboð
Afslættir
Verðlækkun
BRAUN
25%
RAKVÉLAR OG RAFMAGNSTANNBURSTAR
þvottavélar - þurrkarar - kæliskápar - frystiskápar - helluborð - ofnar - hljómtæki - leikjatölvur og leikir - sjónvörp o.fl. o.fl.
Pioneer
Skullcandy
HEYRNARTÓL Í ÚRVALI
25%
Nintendo
TÖLVULEIKIR
Wii U
3DS
NINTENDO SWITCH
20%
Pioneer
HEIMABÍÓ-MAGNARI
VSX-832B
5X130w • WiFi og Bluetooth • Útvarp • Dolby Atmos
Verð áður kr. 69.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 55.900,-
55”
ULTRA HD
Curved
SAMSUNG
UHD • 4K • Curved • 8 milljón pixlar • 1400 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
55” MU6275 kr. 159.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 129.900,-
49”
SAMSUNG
FHD 400 PQI • Hvítt • Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
49” K5515 kr. 114.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 91.900,-
55”
ULTRA HD
SAMSUNG
UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1300 PQI • Nýtt Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
55” MU6175 kr. 149.900.-
SPARIDAGAVERÐ: 119.900,-
95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017
Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15.
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Netverslun
ORMSSON.IS
95 ÁRA ORMSSON 1922 - 2017
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# DAGSKRÁ

## Miðvikudagur





Stórskemmtilegir og hressilegir matreiðsluþættir með meistara Jamie Oliver þar sem hann sýnir okkur á sinn einstaka hátt hvernig á að útbúa glæsilega og gómsæta máltíð á aðeins 15 mínútum.

MAGNAÐ
MIÐVIKUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is** 365

**THE BOLD TYPE**
Þær eru flottar og með tískuna algerlega á hreinu enda vinna þær hjá glanstímaritinu Scarlet. Allar vilja þær hafa áhrif á líf annarra kvenna en einnig finna ástina sjálfum sér til handa.



**THE NIGHT SHIFT**
Fjórða sería þessara spennandi læknaþátta sem gerast á bráðamóttökunni í San Antonio og fjalla um ástir og örlög læknanna.



**NASHVILLE**
Glæný sería af þessum frábæru þáttum þar sem kántrí-söngkonurnar Rayna Jaymes og Juliette Barnes eiga í stöðugri valdabaráttu.



**ORANGE IS THE NEW BLACK**
Frábærir verðlaunaþættir um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York.



**THE IMMORTAL LIFE OF HENRIETTA LACKS**
Vönduð kvikmynd frá HBO um bandarísku blökkukonuna Henriettu Lacks með Opruh Winfrey og Rose Byrne í aðalhlutverkum.




**COLD CASE**
Lily Rush er rannsóknarkona hjá lögreglunni í Fíladelfíu sem hefur þarft verk að vinna. Hún rannsakar gömul mál sem hafa aldrei verið leyst.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. 365.is


### STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Heiða
**07.50** The Middle
**08.15** Mindy Project
**08.35** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.20** Spurningabomban
**11.10** Léttir sprettir
**11.30** Olive Kitteridge
**12.35** Nágrannar
**13.00** Á uppleið
**13.30** The Night Shift
**14.15** Major Crimes
**15.00** Hart of Dixie
**15.45** Schitt's Creek
**16.10** Hollywood Hillbillies
**16.35** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Íþróttir
**19.05** Ísland í sumar
**19.25** Víkingalottó
**19.30** Jamie's 15 Minute Meals
**19.55** The Middle
**20.20** The Bold Type Nýir og ferskir þættir sem fjalla um þrjár glæsilegar framakonur og líf þeirra og störf á alþjóðlegu tísku- og lífsstílstímariti.
**21.05** The Night Shift
**21.50** Nashville 4 Fjórða syrpa þessara frábæru þátta þar sem tónlistin leikur stórt hlutverk. Þeir fjalla um kántrísöngkonurnar Raynu Jaymes og Juliette Barnes sem eiga í stöðugri valdabaráttu. Með aðalhlutverk fara Connie Britton og Heyden Panettiere.
**22.35** Orange Is the New Black Fimmta syrpan af þessum verðlaunaþáttum um Piper Chapman og samfanga hennar í Litchfield-fangelsinu í New York. Í síðustu syrpu var lífið innan fangelsisveggjanna afar eldfimt og mörgum spurningum ósvarað. Ekki missa af þessum hörku-spennandi þáttum.
**23.30** Abortion: Stories Women Tell Ögrandi heimildarmynd frá HBO sem vekur áhorfandann til umhugsunar um fóstureyðingar. Fjallað er um mismunandi hliðar á þessu eldfima og jafnframt viðkvæma málefni. Rætt er við nokkrar konur sem standa frammi fyrir ákvörðun um fóstur-eyðingu af ýmsum ástæðum og þar má helst nefna óundirbúna þungun. Einnig er rætt við fulltrúa fóstureyðingarstöðva, starfsfólk heilsugæslustöðva og aðgerðar-sinna sem eru með og á móti fóstureyðingum.
**01.00** Insecure
**01.30** NCIS
**02.10** Animal Kingdom
**03.00** Training Day
**03.40** Notorious
**04.25** Notorious
**05.05** Covert Affairs
**05.50** The Middle

### STÖÐ 2 SPORT

**07.15** Þýsku mörkin
**07.45** Sheffield United - Leicester City
**09.25** Messan
**10.55** Pepsímörkin
**12.20** Síðustu 20
**12.45** Stoke - Arsenal
**14.25** Huddersfield Town - Newcastle
**16.05** Premier League Review
**17.00** Nice - Napoli
**20.45** Markasyrpa Meistara-deildarinnar
**21.05** NFL Hard Knocks
**22.50** Blackburn Rovers - Burnley
**00.30** NFL Hard Knocks

### STÖÐ 3

**17.15** New Girl
**17.40** Mike and Molly
**18.05** The Big Bang Theory
**18.30** Modern Family
**18.55** Curb Your Enthusiasm
**19.55** Dulda Ísland
**20.50** Lóa Pind: Battlað í borginni
**21.35** Man Seeking Woman
**22.00** Cold Case
**22.45** Supernatural
**23.30** Luck
**00.30** Banshee
**01.20** Modern Family
**01.45** Curb Your Enthusiasm
**02.45** Dulda Ísland
**03.30** Lóa Pind: Battlað í borginni
**04.15** Man Seeking Woman
**04.35** Tónlist

### KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!
**07.24** Svampur Sveinsson
**07.49** Lalli
**07.55** Rasmus Klumpur
**08.00** Lína langsokkur
**08.25** Hvellur keppnisbíll
**08.37** Ævintýraferðin
**08.49** Gulla og grænjaxlarnir
**09.00** Víkingurinn Viggó
**09.11** Zigby
**09.25** Stóri og Litli
**09.38** Skógardýrið Húgó
**10.00** Dóra könnuður
**10.24** Mörgæsirnar
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór
**11.00** Áfram Diego, áfram!
**11.24** Svampur Sveinsson
**11.49** Lalli
**11.55** Rasmus Klumpur
**12.00** Lína langsokkur
**12.25** Hvellur keppnisbíll
**12.37** Ævintýraferðin
**12.49** Gulla og grænjaxlarnir
**13.00** Víkingurinn Viggó
**13.11** Zigby
**13.25** Stóri og Litli
**13.38** Skógardýrið Húgó
**14.00** Dóra könnuður
**14.24** Mörgæsirnar
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór
**15.00** Áfram Diego, áfram!
**15.24** Svampur Sveinsson
**15.49** Lalli
**15.55** Rasmus Klumpur
**16.00** Lína langsokkur
**16.25** Hvellur keppnisbíll
**16.37** Ævintýraferðin
**16.49** Gulla og grænjaxlarnir
**17.00** Víkingurinn Viggó
**17.11** Zigby
**17.25** Stóri og Litli
**17.38** Skógardýrið Húgó
**18.00** Dóra könnuður
**18.24** Mörgæsirnar
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór
**19.00** Tarzan



Mörgæsirnar kl. 10.24, 14.24 og 18.24

### GOLFSTÖÐIN

**08.00** Solheim Cup
**10.00** Golfing World
**10.50** Solheim Cup
**12.50** Wyndham Championship
**15.50** Golfing World
**16.40** Wyndham Championship
**19.40** Golfing World
**20.30** Champions Tour Highlights
**21.25** PGA Highlights
**22.20** Golfing World
**23.10** Champions Tour Highlights

### BÍÓSTÖÐIN

**10.55** Steve Jobs
**12.55** Dare to Be Wild
**14.40** My Best Friend's Wedding
**16.25** Steve Jobs
**18.30** Dare To Be Wild Dramatísk mynd frá 2015 sem er byggð á sönnum atburðum og segir frá Mary Reynolds sem kornung að árum kom, sá og sigraði á einni bestu og virtustu blóma- og garðasýningu heims, The Chelsea flower show. Mary Reynolds var náttúrubarn í húð og hár. Hún fékk snemma áhuga á gróður-ræktun og garðhönnun og hafði allt aðrar hugmyndir um garða og hvernig þeir ættu að vera en flest annað fólk. Þær hugmyndir gengu fyrst og fremst út á að garðar ættu að endurspegla náttúruna og náttúrulega hönnun frekar en mannlega.
**20.15** My Best Friend's Wedding Frábær mynd með Juliu Roberts, Dermot Mulroney, Cameron Diaz og Rupert Everett. Fyrir níu árum gerðu vinirnir Julianne og Michael með sér samning um að ef þau væru enn þá á lausu þegar þau næðu 28 ára aldri skyldu þau giftast hvort öðru. Útlit er fyrir að svo fari þar til Michael tilkynnir Juliönnu að hann ætli að giftast annarri konu. Þá fyrst gerir Julianne sér grein fyrir því að hún elskar Michael og einsetur sér að koma í veg fyrir brúðkaupið.
**22.00** The Immortal Life of Henrietta Lacks
**23.35** Phone Booth
**00.55** Before I Go To Sleep
**02.30** The Immortal Life of Henrietta Lacks

### RÚV

**17.25** Úr gullkistu RÚV: Út og suður
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Vinabær Danna tígurs
**18.13** Klaufabárðarnir
**18.21** Sanjay og Craig
**18.45** Vísindahorn Ævars
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós og Menningin
**20.05** Leitin að hinum fullkomna líkama
**20.55** Lukka
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Pútín-viðtölin
**23.15** Kastljós og Menningin
**23.35** Dagskrárlok

### SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Life Unexpected
**09.50** Psych
**10.35** Síminn + Spotify
**13.35** Dr. Phil
**14.15** The Great Indoors
**14.40** Crazy Ex-Girlfriend
**15.25** Making History
**15.50** Pitch
**16.35** King of Queens
**17.00** Man With a Plan
**17.25** How I Met Your Mother
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Late Late Show
**19.50** Life in Pieces
**20.15** Old House, New Home
**21.00** Chicago Justice
**21.45** The Handmaid's Tale
**22.30** Sex & Drugs & Rock & Roll
**23.00** The Tonight Show
**23.40** The Late Late Show

### ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ÖFLUGAR FRÁ ASUS

tl.is



## 360° ZENBOOK FLIP MEÐ QHD+

**179.995**

### FARTÖLVA OG SPJALDTÖLVA

ASU-UX360UADQ134T

BREYTIST Í SPJALDTÖLVU VIÐ AÐ SNÚA SKJÁ AÐ BAKHLIÐ. AUKIÐ VINNUPLÁSS MEÐ WQHD SKJÁ MEÐ 3200X1800 UPPLAUSN

13,3'' QHD+
- INTEL i5
- INTEL HD 520
- 8GB MINNI
- 256GB SSD

360°



## KRAFTMIKIL OG GLÆSILEG MEÐ i5

### HRAÐUR 256GB SSD

ASU-F556UADM1023T

FULLKOMIN Í SKÓLANN. FLOTT HÖNNUN, INTEL i5 ÖRGJÖRVI, 8GB VINNSLUMINNI, 256GB SSD OG FHD SKJÁR.

15,6'' FULL HD
- INTEL i5
- INTEL HD 620
- 8GB MINNI
- 258GB SSD

**109.995**



## HRAÐVIRK MEÐ 512GB SSD

### INTEL CORE i7

ASU-X556URDM393T

SÉRSTAKLEGA SPRÆK VINNSLA MEÐ INTEL i7, 8GB VINNSLUMINNI OG 512GB SSD DISKI. FHD SKJÁR OG ÖFLUGT 930MX SKJÁKORT.

15,6'' FULL HD
- INTEL CORE i7
- nVidia 930MX
- 8GB MINNI
- 512GB SSD

**149.995**



## VINNUHESTUR MEÐ INTEL i7

### KRAFTMIKIL OG ÖFLUG

ASU-F556UADM1024T

FARTÖLVA SEM LÆTUR EKKI BÍÐA EFTIR SÉR. INTEL I7, 256GB SSD OG 8GB VINNSLUMINNI. FHD SKJÁR OG INTEL HD620 GRAFÍKKJARNI.

15,6'' FULL HD
- INTEL CORE i7
- INTEL HD 620
- 8GB MINNI
- 256GB SSD

**139.995**

## ROG LEIKJAVÉL MEÐ 6GB GTX1060

### VR READY OG G-SYNC

ASU-GL502VMFY211T

HÖRKU LEIKJATÖLVA MEÐ INTEL I7 HQ OG 6GB GTX1060M VR READY SKJÁKORTI. 15,6'' FHD LEIKJASKJÁR MEÐ G-SYNC OG RAUÐRI BAKLÝSINGU.

15,6'' FHD IPS
- INTEL CORE i7 HQ
- NVIDIA GTX1060 6GB
- 8GB MINNI
- 256GB SSD




**219.995**



F-Secure

**VÍRUSVÖRN FYLGIR!**

ÁRSÁSKRIFT AF F-SECURE SAFE ÖRYGGISPAKKA MEÐ VÍRUSVÖRN AÐ VERÐMÆTI 5.995 FYLGIR MEÐ ÖLLUM SKÓLATÖLVUM Í ÁGÚST!

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRTORG | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ

# Hausttískan á göngum MH

Skólinn er kominn á fullt flug aftur og námsfólk er komið í haustklæðin. Af því tilefni kíkti Lífið í Fréttablaðinu upp í Menntaskólann við Hamrahlíð og fékk sýnishorn af tískustraumum haustsins.



Hallgrímur Þorsteinsson.



Eyja Sigríður Gunnlaugsdóttir.



Nanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Ásgerður Magnúsdóttir.



Nikulás Tumi Hlynsson.



Jóhann Axelsson.



Jana Katrín Magnúsdóttir.



Birna Lind.

## Tíska
### Hentugt í skólann




**ASOS**
4.768 krónur.



**COSTCO**
6.399 krónur.



**ZARA**
3.995 krónur.



**SKOR.IS**
8.995 krónur.



**GEYSIR**
5.800 krónur.


DIRTY BURGER & RIBS
3
ÁR VIÐ MIKLUBRAUT
AFMÆLISTILBOÐ
HAMBORGARI
990.-
HAMBORGARI
FRANSKAR & GOS
1490.-
GILDIR ÚT ÁGÚST 2017. GILDIR AÐEINS VIÐ MIKLUBRAUT. GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM.
















Rakel og Dóri luma á skotheldum ráðum fyrir þá sem eru að koma sér aftur inn í rútínu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Til baka í rútínu og ræktina

Nú er sumrinu að ljúka, flestir eru búnir með frídagana sína og rútínan er tekin við. Þá fara margir að huga að líkamsrækt en það getur reynst hægara sagt en gert að koma sér í ræktina eftir sumarið.

Það getur reynst mörgum erfitt að koma sér aftur af stað í ræktinni eftir nokkrar vikur af rútínuleysi og óhóflega mikið sukk. En ekki örvænta því hér eru nokkur ráð sem munu hjálpa þér í gang aftur,“ segja þjálfararnir Dóri Tul og Rakel Orra.

**1. Einblíndu á jákvæðni**
Ekki hugsa um að þér hafi farið aftur í sumar eða þú sért á verri stað en þú varst á fyrir sumarfrí. Það er enginn tilgangur að mæta í ræktina og ætla sér að vinna upp það sem þú borðaðir. Þú þarft ekki að brjóta þig niður andlega með neikvæðum hugsunum um hvað þú hefðir geta gert öðruvísi, það kemur ekkert jákvætt út úr því.

**2. Stilltu vekjaraklukkuna 30 mínútum fyrr en þú ert vön/vanur að gera**
Taktu þér góðan tíma í að fá þér hollan og góðan morgunverð og náðu smá ró með sjálfri/sjálfum þér áður en þú ferð út í daginn. Það minnkar stressið, þú verður orkumeiri og þar af leiðandi mun meiri líkur á að þú farir í ræktina fyrir eða eftir vinnu. Gott er að hafa ræktarfötin tilbúin í tösku kvöldið áður svo þú getir einfaldlega gripið þau með í bílinn um morguninn.



**3. Auktu vatnsdrykkjuna**
Reyndu að drekka meira af vatni yfir daginn en þú gerðir í fríinu. Einnig er gott að fá sér frekar te heldur en safa eða gos. Gott skipulag á matarinnkaupum sér til þess að þú borðar hollt og hreint fæði, ef það er ekki til nammi á heimilinu, þá borðum við það ekki „óvart“.

**4. Gerðu áætlun og settu þér markmið**
Byrjaðu á nýju æfingaplani eða haltu áfram þaðan sem frá var horfið þegar þú fórst í fríið. Settu þér lítil og stór markmið og hafðu þau sjáanleg, t.d. á ísskápnum. Ef þú



rekur augun í þau daglega eru meiri líkur á að þú náir þeim.

**5. Njóttu og hafðu gaman**
Það endist enginn til að gera eitthvað sem honum finnst leiðinlegt. Finndu þér eitthvað að gera sem þér þykir skemmtilegt, hvort sem það eru hóptímar í ræktinni, nýjar hlaupa- og/eða hjólaleiðir eða bara hvað sem þér finnst skemmtilegast að gera.

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*


Stilling
Varahlutir í bílinn
Verksmiðjuábyrgð á þínum bíl er tryggð með
vottuðum varahlutum frá Stillingu
Rafgeymar
Smursíur
Kerti, háspennukefli,
kveikjuþráðasett,
súrefnisskynjarar og
loftflæðiskynjarar
Demparar,
gormar og
stýrisendar
Kúplingar
Tímareimar og
vatnsdælur
Hemlahlutir
Stilling
Allt fyrir bílinn
Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** **Vísir**

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Jónu Hrannar Bolladóttur



# Börnin og dauðinn

Þegar ég var ungur prestur hitti ég eitt sinn miðaldra mann sem sagði mér frá því að hann og systkinahópur hans hefðu misst móður sína þegar þau voru börn að aldri. Það hafði verið erfitt, en það sem sat alltaf í honum var að á útfarardeginum var barnahópurinn allur sendur í berjamó og ekkert þeirra var viðstatt stundina í kirkjunni. Hann sagði mér að þessi ráðstöfun, að vera haldið frá kistulagningu og útför móður sinnar, hefði setið í honum alla ævi.

Við sem störfum við sálgæslu höfum lært það og reynt á vettvangi hversu mikilvægt það er að fólk hafi rými og tíma til að kveðja þegar dauðann ber að garði. Það hefur færst í vöxt undanfarin ár að oft eru margar kveðjustundir við dánarbeðinn og nærvera við opna kistu. Ekki síst þegar um skyndidauða er að ræða eða fólk fellur frá í blóma lífsins.

Oft spyrja foreldrar mig að því hvort það sé ráðlegt að börn komi að dánarbeð eða í kistulagningu og sjái látinn ástvin. Fólk er eðlilega kvíðið og spyrjandi hvað sé börnum og ungu fólki fyrir bestu. Reynsla mín er sú að það er ekkert varðandi dauðann sem skuli haldið frá börnum. Dauðinn er aldrei hversdagslegur, ekki frekar en fæðing barns inn í þennan heim. En hann er óhjákvæmilegur hluti af lífinu. Börn eru skapandi og tilfinningalega hæf andspænis dauðanum. Ósjaldan hef ég séð litlar hendur leggja í kistu ástvinar perluð hjörtu, litla bangsa, sendibréf, teikningar eða ljósmyndir og tjá þannig ást sína og söknuð. Með því að taka börnin gild sem syrgjendur erum við að lýsa þau gild sem manneskjur og það er mikilvægt að finna skapandi leiðir svo þau séu þátttakendur og hluti hópsins á eigin forsendum.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA OG GLÆSIBÆ

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland







## Arsenal - Brighton




*Verð frá:* **99.900 kr.**

29. september - 2. október ‘17 / 3 nætur.
Verð á mann miðað við 2 saman í herbergi. Innifalið er flug, 20 kg taska, gisting á Hilton Euston í London með morgunverði og miði á leikinn.

## Chelsea - Southampton



*Verð frá:* **109.900 kr.**

15. - 18. desember ‘17 / 3 nætur.
Verð á mann miðað við 2 saman í herbergi. Innifalið er flug, 20 kg taska, gisting á Hilton Euston með morgunverði, drykkur í Delta Lounge fyrir leik, 3 rétta máltíð á Stamford Bridge, leikskrá og miði á langhlið.

## Liverpool - West Ham




*Verð frá:* **109.900 kr.**

23. - 26. febrúar ‘18 / 3 nætur.
Verð á mann miðað við 2 í herbergi. Innifalið er flug, 12 kg handfarangur, gisting á Days Inn með morgunverði, leikskrá leiksins, aðgangur að sérstökum bar á Anfield og miði á langhlið vallarins (Main Stand).

## Tottenham - Bournemouth



*Verð frá:* **99.900 kr.**

13. - 16. október ‘17 / 3 nætur.
Verð á mann miðað við 2 saman í herbergi. Innifalið er flug, 20 kg taska, gisting á Hilton Euston með morgunverði, Club Wembley miði í block 204, drykkir í hálfleik & leikskrá.

## Man Utd - Brighton




*Verð frá:* **109.900 kr.**

24. - 27. nóvember ‘17 / 3 nætur.
Verð miðað við 2 saman í herbergi. Innifalið er flug, 12 kg handfarangur, gisting á The Principal Hotel með morgunverði, leikskrá, aðgangur að The Kit Room Sportbar á Old Trafford og miði í block NW3435.

## Everton - Huddersfield




*Verð frá:* **89.900 kr.**

1. - 4. desember ‘17 / 3 nætur.
Verð á mann miðað við 2 saman í herbergi. Innifalið er flug, 12 kg handfarangur, gisting á hóteli í Liverpool með morgunverði, máltíð fyrir leik og miði í Park End Stand Block.

Bæjarhraun 14, sími 560 2000 / gaman.is / gaman@gaman.is / Gaman Ferðir fljúga með WOW air

Gaman Ferðir